

GUNNHILDUR JÓNSDÓTTIR

Vel sniðnar yfirhafnir og smekklegt skótou

• tíska

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



HEILSA OG LÍFSSTÍLL

Tækninýjungar, fræðsla og forvarnir

Sérblað um heilsu og lífsstíl

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



LOGI GEIRSSON

Leigir lúxussal fyrir frumsýningu

Stressaðri fyrir þáttinn en úrslitaleik

FÓLK 46



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

15. janúar 2009 – 14. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FIMMTUDAGUR



Viðburðarík ævi

Einar Páll Tamimi lögfræðingur er fertugur í dag.

TÍMAMÓT 30

Brák til Danmerkur

Brynhildur Guðjónsdóttir sýnir einleik sinn í Kaupmannahöfn.

FÓLK 40



Ísland sem hindrunarhlaup

„Andstaðan gegn inngöngu Íslands í ESB er öðrum þræði eins og eftirdrunur frá fyrri tíð“, skrifar Þorvaldur Gylfason.


Í DAG 22

50 milljóna kr. styrkur

HSÍ fékk vænan styrk frá ríkinu í aukafjárlögum vegna árangurs landsliðsins á Ólympíuleikum.

ÍPRÓTTIR 42

VEÐRIÐ Í DAG



STORMUR SYÐST Fram að hádegi má búast við norðaustan stormi við suður- og suðausturströndina, annars hægari. Snjócoma, slydda og síðar rigning sunnan til og austan annars él, síst á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

Fyrirtækin á leið í hendur bankanna

Bankarnir undirbúa yfirtöku á illa stöddum fyrirtækjum. Allt verður uppi á borðinu, segir forstjóri Kaupþings. Lífvenleg fyrirtæki verða tekin og seld síðar.

VIÐSKIPTI „Bankinn vinnur markvisst með bæði heimilum og fyrirtækjum að því að komast í gegnum þetta erfiða tímabil. En því miður er ljóst að í sumum tilvikum er staða fyrirtækja slík að taka verður þau yfir,“ segir Finnur Sveinbjörnsson, forstjóri Kaupþings.

Blaðið hefur fyrir því heimildir að bankarnir séu þegar við þröskuld nokkurra fyrirtækja sem glíma við slæma fjárhagsstöðu. Nokkur af stærstu bílaumbodunum standi tæpt og sé frekar spurning um daga en vikur hvenær bankinn taki við stjórn þeirra sem verst eru stödd.

Glitnir hefur ekki gengið inn í rekstur fyrirtækja með beinum hætti, samkvæmt upplýsingum frá bankanum.

Fullyrst er úr bankakerfinu að enn sé lánað og fái fyrirtæki fyrirgreiðslu hjá bönkum gegn traustu veði. Minna sé um að lántakendur geti boðið bönkunum veð sem þeir þiggi. Þá er hermt að á síðari hluta ársins geti færst mjög í vöxt að bankarnir taki beinan þátt í rekstri fyrirtækja.

Samkvæmt spá CreditInfo eru líkur á að 3.527 fyrirtæki verði ógjaldfær á næstu tólf mánuðum.

Að sögn Finns mun bankinn taka yfir þau fyrirtæki sem teljast lífvænleg en hafa lent í erfiðleikum.

Í yfirtöku bankanna felst að eignarhlutur núverandi hluthafa illra staddra fyrirtækja þurrkast út og má reikna með að æðstu stjórnendum verði skipt út í einhverjum þeirra. Skuldir verða ekki

afskrifaðar. Kapp mun verða lagt á að halda rekstri fyrirtækja gangandi og komið í veg fyrir uppsagnir. Þegar aðstæður batna verða fyrirtækin seld ýmist í bútum eða í heilu lagi. Allt verður uppi á borðinu í þeim efnum, að sögn Finns.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir það hafa legið lengi fyrir að þrjátíu prósent fyrirtækja hér muni lenda í höndum bankanna. Hafi SA unnið með bönkunum að lausn mála. „Það á ekki að vera sjálfsagt að stjórnendur fyrirtækja fari frá borði. Í ýmsum tilfellum hefur reksturinn gengið ágætlega þótt skuldastaðan sé slæm,“ segir Vilhjálmur og bendir á að hvert tilvik verði metið fyrir sig.

- jab / - ikh



NÆÐST VIÐ NORÐURSTÍG Maður var handtekinn í gær grunaður um íkveikju í tveggja hæða húsi á horni Tryggvagötu og Norðurstígs. Engan sakaði en húsið skemmdist mjög mikið í eldinum. Vitni segir brennuvarginn vera fyrirverandi eiginmann starfsmanns veitingastaðarins Krúa Thai, en nokkrir starfsmenn staðarins leigðu íbúð í húsinu. Sjá síðu 4.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Evrópusambandsmæðan: Sjávarútvegur er bitbeinið

FRÉTTASKÝRING Sjávarútvegur er í forgrunni þegar rætt er um hugsanlega aðild Íslands að Evrópusambandinu.

Margir ganga svo langt að segja að ekkert annað skipti máli, komi til aðildarviðræðna.

Bitbeinið er hvaða þjógingu sambandsaðild hefði á stöðu sjávarútvegsmála hér á landi – hvort mögulegt sé að tryggja forræði þjóðarinnar yfir fiskimiðunum eða hvort aðild þýði afsal auðlindarinnar. Spurningin ristir djúpt enda er fullyrst að um fullveldi þjóðarinnar sé að tefla. Yfirráðin yfir fiskiveiðiauðlindinni séu í raun spurning um sjálfsákvörðunarrétt okkar í stærra samhengi.

- shá / sjá síðu 16

Forstjóri Fjármálaeftirlitsins:

Aukið aðhald og hertar reglur

EFNAHAGSMÁL Aukið markaðsaðhald, efling hlutabréfamarkaða, endurskoðun löggjafar um fjármálafyrirtæki og hertar reglur eru meðal erfiðra en brýnna verkefna sem íslensk stjórnvöld verða að ráðast í. Þetta kemur fram í grein Jónasar Fr. Jónssonar, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, í Fréttablaðinu í dag.

Jónas segir einnig að það verði að taka afstöðu til þess hvort þörf sé á þremur viðskiptabönkum í ríkiseigu, hvernig stefna ríkisins sem eiganda að fjármálafyrirtækjum eigi að vera og hvernig best sé að dreifa eignarhaldi. Þá kemur fram í greininni að neyðarlögin sem sett voru í október í fyrra eigi rætur að rekja í greinargerð frá árinu 2006 um viðbúnað stjórnvalda vegna hugsanlegra erfiðleika á fjármálamarkaði. Ekkert varð af lagasetningu á þeim tíma en stjórnvöld gátu unnið á grunni þessara hugmynda í október.

- bs / Sjá síðu 27.

Eden í Hveragerði verður að Auga Óðins ef samningar nást:

Ásatrúarmenn taka yfir Eden

VIÐSKIPTI Til stendur að fræðslu- og skemmtisýningar ásamt veitingarekstri verði í Eden í Hveragerði.

„Þetta verður forngermanskur átrúnaður norræna manna sem verður sýndur þarna á nútímalegan hátt og í túlkun frábærra íslenskra listamanna,“ segir Guðbrandur Gíslason sem fer fyrir hópnum Auga Óðins sem sjá mun um reksturinn. Hann segir samninga á lokastigi og vill lítið segja þar til þeir eru í höfn. Gangi allt eftir hefst veitingareksturinn um miðjan næsta mánuð, en sýningarnar 1. maí.

Eden var komin í eigu Sparisjóðsins á Suðurlandi en enginn rekstur hefur farið þar fram síðan í desemberbyrjun. En er við hæfi að heiðni verði kynnt í Eden? „Að sjálfsögðu verða allar hugmyndir kristinna manna um upphaf tilverunnar afmáðar svo Eden nafnið verður að sjálfsögðu að víkja. Þá verður þetta Auga Óðins,“ segir Guðbrandur. Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerðisbæjar, segist fagna komu manna Óðins í bæinn. „Þetta er skemmtileg hugmynd og spennandi ábót á mannlífið hér,“ segir hún. - jse




Fréttablaðið er með 112% meiri lestur en Morgunblaðið

Allt sem þú þarft... alla daga

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA
ÚTSALAN í fullum gangi



www.IKEA.is



Útsala
Opíð til 21

SPURNING DAGSINS



Hrafnhildur, er þetta ekki ávísun á grátkór?

„Nei, nei. Ég geri fastlega ráð fyrir því að þeir sem taka ákvarðanir um þessi mál viti hvað þeir syngja.“

Kórar Flensborgar- og Öldutúnsskóla fá ekki styrk úr bæjarsjóði Hafnarfjarðar á þessu ári. Hrafnhildur Blomsterberg stjórnar kór Flensborgarskóla.

Útlán til atvinnuveganna:

Erlend lán vega þungt í tölunum

VIÐSKIPTI Rétt fyrir fall bankanna í haust höfðu skuldir fyrirtækja landsins aukist um 44 prósent frá ársbyrjun, en heimilanna um 22 prósent.

Greining Glitnis vitnar í gær til talna Seðlabankans um útlán lánakerfisins til atvinnuveganna, en í septemberlok stóðu þau í 5.518 milljörðum króna. „Í upphafi síðasta árs höfðu skuldir þeirra þrefaldast á fjórum árum,“ segir í umfjöllun Glitnis. Þar kemur jafnframt fram að meirihluti skulda fyrirtækja fyrir hrundi hafi verið gengisbundnar, eða 68 prósent, miðað við 59 prósent í ársbyrjun. Þarna spilar inn í erlend fjárfesting og fall krónunnar. - ók

Gaslausu Evrópuríkin:

Hóta málsókn út af gasdeilu

RÚSSLAND, AP Leiðtogar þeirra Evrópuríkja, sem ekki hafa fengið gas frá Rússlandi svo dögum skiptir, hóta nú bæði



VLADIMÍR PÚTÍN

Rússum og Úkraínumönnum málsókn ef gasdreifingin kemst ekki í lag á ný.

Vladímír Pútín, forsætisráðherra Rússlands, segir að Úkraínunum haldi

Evrópuríkjum í gíslingu, en Úkraínustjórn segir aftur á móti að Rússar torveldi vísitandi flutning á gasi í gegnum Úkraínu til Evrópuríkja.

Jose Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, segir ástandið óþolandi. - gb

Pálína Ásgeirsdóttir stjórnar heilbrigðismálum Alþjóða Rauða krossins í Palestínu:

Fer í eftirlitsferð inn á Gaza

PALESTÍNA Eini sendifulltrúi Rauða kross Íslands í Palestínu, Pálína Ásgeirsdóttir, stefnir á að fara í eftirlitsferð inn á Gaza-svæðið í vikulokin.

Pálína hefur aðsetur í Jerúsalem, þaðan sem hún stjórnar heilbrigðisverkefni Rauða krossins í Palestínu. Hún heldur utan um átján spítala, átta á Gaza-svæðinu og tíu á Vesturbakkanum. Hlutverk hennar er að sjá til þess að þeir starfi sem skyldi og hafi nóg af starfsfólki, lyfjum og öðrum nauðsynjum.

Fréttablaðið hefur ekki náð tali af Pálínu sjálfri. Sólveig Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi Rauða

kross Íslands, segir að Pálína hafi meðal annars tekið þátt í að koma teymi skurðlækna inn á Gaza-svæðið. Unnið sé að því að fleiri sérfræðingar Rauða krossins komist til starfa á sjúkrahúsum á svæðinu.

Rauði krossinn berjist fyrir því að sjúkraflutningamenn Rauða krossins og Rauða hálfmánans fái að fara um svæðið óhindraðir. Sólveig segir að umsamið þriggja klukkustunda vopnahlé á dag hafi margsinnis verið brotið. Sjö teymi sjúkraflutningamanna frá Rauða hálfmánunum hafi lent í miðjum skotárásam.

Pálína er hjúkrunarfræðingur



PÁLÍNA ÁSGEIRSDÓTTIR Stjórnar heilbrigðisverkefni Alþjóða Rauða krossins í Palestínu. Hún stefnir inn á Gaza-svæðið í vikulokin til að kanna aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ/EINAR ÓL.

að mennt og einn reyndasti sendifulltrúi Rauða kross Íslands á átakasvæðum. - hhs

Sjötta hvert fyrirtæki á Suðurnesjum í þrot

Ofan í mesta atvinnuleysi á landinu er því spáð að meira en sjötta hvert fyrirtæki á Reykjanesi verði gjaldþrota í ár. Bæjarstjóri og verkalyðsforingi vona að álver í Helguvík snúi stöðunni við. Reykjanes rísi hraðar úr rústunum en aðrir.

ATVINNUMÁL Tæplega átján prósent fyrirtækja á Reykjanesi verða gjaldþrota áður en árið er á enda. Samkvæmt spá Creditinfo Ísland fara 248 af 1.403 fyrirtækjum á Reykjanesi í þrot á næstu tólf mánuðum. Hlutfallið er hærra en í nokkrum öðrum landshluta.

„Atvinnuleysi á Suðurnesjum er það hæsta á landinu, um tíu prósent, og þetta er dálítið endurvarp frá fyrirtækjum sem standa illa en á það þarf að líta að hér er hátt hlutfall einyrkjafyrirtækja,“ segir Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ.

Árni segir Suðurnesjamenn enn eygja von í því að framkvæmdir við álver í Helguvík hefjist um mitt árið. „Það þýðir auðvitað á fjórða þúsund störf sem er langt umfram það sem Suðurnesjamenn þurfa,“ segir bæjarstjórnin sem kveður ýmis önnur jákvæð teikn á lofti í atvinnulífínu og nefnir sérstaklega skólustarfsemi á gamla varnarsvæðinu.

„Þannig að það er ýmislegt sem bendir til að við getum farið að rísa upp á miðju ári. Ég kalla það raunsæja bjartsýni að það sé hægt að sjá tækifærin fram undan en menn þurfa að búa sig undir það að næstu fjórir til fimm mánuðir verði erfiðir,“ segir bæjarstjórnin í Reykjanesbæ þar sem einmitt í dag verður opnuð ný miðstöð fyrir fólk í leit að nýjum tækifærum.

Kristján G. Gunnarsson, formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, segir spána um gjaldþrotin ekki koma á óvart. Hún rími við atvinnuleysisstölur svæðisins. Hlutfall atvinnu-



SKÓFLUSTUNGA Í HELGUVÍK Suðurnesjamenn glíma við atvinnuleysi og slæmar spár en vonast eftir því að framkvæmdir við álver í Helguvík hefjist aftur af krafti um mitt árið.

MYND/VÍKURFRÉTTIR



ÁRNI SIGFÚSSON



KRISTJÁN GUNNARSSON

lausra sé hátt á Suðurnesjum vegna fjölda lítilla fyrirtækja, sérstaklega í byggingariðnaði og mannvirkjagerð, sem hafi farið í þrot.

Eins og Árni bendir Kristján á væntanlegt álver sem öflugan vinnuveitanda. „Og það er ýmislegt fleira að gerast í svartnættinu sem betur fer og ég held við munum rísa hraðar úr þessari rúst en önnur landsvæði,“ segir hann.

Creditinfo spár því að á landinu öllu fari rúmlega 3.500 fyrirtæki,

eða 13 prósent allra fyrirtækja, á höfuðið. Á eftir Reykjanesi er hlutfallið hæst á Suðurlandi þar sem spáð er að tæplega 15 prósent fyrirtækja leggi upp laupana. Lægst er hlutfallið á Norðurlandi vestra. Þar verða tæp 10 prósent fyrirtækja gjaldþrota samkvæmt spánni sem er lítið eitt skárri en á Norðurlandi eystra þar sem hlutfallið er rúmlega 10 prósent. Hlutfallið í öðrum landshlutum er á bilinu 11 til 13 prósent. gar@frettabladid.is

Ný skýrsla OECD um Evrópu:

Vilja aukið fjármálaeftirlit

EFNAHAGSMÁL Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) leggur til stofnun yfirfjármálaeftirlits í Evrópu sem leggja myndi þjóðum lið í að viðhalda fjármálastöðugleika og í eftirliti með fjármálfyrirtækjum. Stofnunin leggur þetta til í úttekkt um efnahagshorfur á evrusvæðinu sem birt var í gær, miðvikudag. Angel Gurria, framkvæmdastjóri OECD, sagði í gær málið brýnt, það sýndi sú staða sem uppi væri í fjármálakerfi heimsins.

Í skýrslunni eru efnahagshorfur evrunda sagðar óvenju óljósar, en líkur á að dragi úr verðbólguþrýstingi. - ók

Framkvæmdastjóri Árvakurs:

Línur verða að fara að skýrast

VIÐSKIPTI „Það eru engar fréttir í dag að minnsta kosti. Ég get ekki nefnt nákvæma dagsetningu á því hvenær línurnar fara að skýrast, en þær verða að skýrast ekki síðar en í næstu viku,“ segir Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins. Félagið hefur átt í vand-



EINAR SIGURÐSSON

ræðum og er talið að það skuldi í kringum 4,5 milljarða króna.

Langstærstur hluti þeirrar tölur eru skuldir félagsins við Glitni. Spurður hvort bankinn hyggt taka yfir rekstur Árvakurs segir Einar ekki hafa fengið neinar vísbendingar um það og ekki hafa heyrt af neinu slíku. - kg

Afkomuviðvörðun Eimskips:

Neikvætt eigið fé um áramót

VIÐSKIPTI Eigið fé Eimskips verður neikvætt um 150 milljónir evra, eða sem nemur 25 milljörðum króna, í ársuppgjöri 2008. Þetta kemur fram í afkomuviðvörðun sem félagið sendi frá sér í gærkvöldi.

Eimskip lét vita af því í desember að veruleg óvissa væri um afkomu ársins. Virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild og aðstæður á mörkuðum leiða, að sögn félagsins, til ofangreindrar niðurstöðu.

„Gert er ráð fyrir að sölu eigna í Norður-Ameríku ljúki í febrúar 2009 og mun salan léttu verulega á skuldsetningu félagsins,“ segir í tilkynningunni, en ekki sé ljóst hver áhrifin verði endanlega. - ók

Framsóknarmenn vilja viðræður við Evrópusambandið og breytta stjórnskipan:

Alþingi hefji aðildarviðræður

STJÓRNMÁL Nefnd um Evrópumál innan Framsóknarflokksins vill að flokksþing samþykki ályktun um að Alþingi ákveði að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið.

Samkvæmt drögum að ályktun, sem lögð verður fyrir flokksþingið sem hefst á morgun, er fullveldi og óskorað forræði Íslendinga yfir auðlindum þjóðarinnar grundvallarkrafa í aðildarviðræðum við ESB. Þjóðin taki afstöðu til samningsins í þjóðaratkvæðagreiðslu. „Í upphafi viðræðna verði gerður stöðugleikasamningur við Evrópska seðlabankann sem tryggji stöðugt gengi íslensku krónunnar þar til Íslendingar taka upp evru,“ segir í drögum.

Meðal skilyrða framsóknarmanna er að Íslendingar hafi einir veiðirétt í íslenski lögsögu og stýri veiðunum. Einnig að fram-



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR Yfir hundrað manns hafa gengið í Framsóknarflokkinn í aðdraganda flokksþings um helgina. Þar munu um 960 fulltrúar kjósa nýjan formann í stað Valgerðar Sverrisdóttur sem ekki gefur kost á sér.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

leiðsla og úrvinnsla íslenskra landbúnaðarafurða verði tryggð ásamt sérstöðu og hreinleika

íslenskra landbúnaðarstofna. Þá fái Íslendingar varanlegan rétt til að setja lög um forgangsrétt manna með lögheimili og fasta búsetu á Íslandi til að eiga ráðandi hlut í jarðeignum, lóðum, fasteignum og atvinnufyrirtækjum eins og nú gildi víða innan ESB.

Ein 68 ályktana sem lagðar verða fyrir flokksþingið er um endurskoðun stjórnskipunar Íslands á sérstöku stjórnlagaþingi. Stjórnarskrá og lög „verði endurskoðuð til samræmis við framsækna hugmyndir um stjórnskipun landsins um gagnsæi, lýðræðislega þátttöku og jafnvægi milli valdþátta“. Meðal annars þurfi að taka afstöðu til þess hvort afnema eigi þingræði og taka upp beina kosningu æðsta handhafa framkvæmdavalds og meta hvort þörf sé á sérstökum þjóðhöfðingja. - gar



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

flugfelag.is

Burt úr bænum

Hópaferðir fyrir öll tilefni

Upplýsingar:

Sími 570 3075

hopadeild@flugfelag.is



Tilboð!

Verð frá

6.995 kr.*



Aðeins í
12 klst.

5.000
flugsæti!

Í dag frá kl. 12.00 til miðnættis býður Iceland Express **5.000 flugsæti**, verð frá aðeins **6.995 kr.**, aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum!

Bókunartímabil: Í dag frá kl. 12.00 á hádegi til miðnættis í kvöld

Ferðatímabil: 16. janúar til 28. febrúar 2009

Áfangastaðir: London, Kaupmannahöfn, Berlín og Varsjá

Ekki missa af þessu einstaka tilboði, þú bókar á www.icelandexpress.is

Skráðu þig í netklúbbinn okkar, þannig færðu spennandi nettilboð,

þér að kostnaðarlausu.

Iceland Express 
með ánægju

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum. Um er að ræða valdar dagsetningar og takmarkað sætaframboð.

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	125,89	126,49
Sterlingspund	183,22	184,12
Evra	166,65	167,59
Dönsk króna	22,364	22,494
Norsk króna	17,73	17,834
Sænsk króna	15,241	15,331
Japanskt jen	1,4052	1,4134
SDR	190,22	191,36

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
204,8749
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Joe Biden í Írak: Vanda sig við brottflutning

ÍRAK, AP „Hann sagði Obama vera staðráðinn í að kalla herinn heim, en brottvarfið verði framkvæmt af fullri ábyrgð,“ hafði Ali al-Daggagh, talsmaður Íraksstjórnar, eftir Joe Biden, verðandi varaforseta Bandaríkjanna, að loknum viðræðum hans og Nouri al-Malíkis, forsætisráðherra Íraks.



JOE BIDEN

Írakar voru ánægðir með að fá staðfestingu frá Biden á því, að herinn verði ekki kallaður fyrirvaralítið heim heldur verði brottflutningurinn vandlega undirbúinn.

Bandarískir fjölmiðlar skýrðu einnig frá því í gær að Obama ætli sér, strax á fyrstu dögum valdatíðar sinnar, að gefa fyrirmæli um lokun Guantanamo-fangabúðanna á Kúbu og leggja niður hina sérstöku dómstóla, sem fjallað hafa um mál sumra fanganna þar. - gb

Lögregluskóli ríkisins:

Tæplega þrjátíu nýir nemendur

LÖGGÆSLUMÁL Tæplega 30 nýnemar hófu nám á fyrstu önn grunnnámsdeildar í Lögregluskóla ríkisins 13. janúar. Námið á önninni tekur um fjóra mánuði. Í september 2009 fara nemendurnir svo í fjögurra mánaða starfsþjálfun í lögreglunni. Að henni lokinni, í janúarþyrjun 2010, hefst síðan þriðja önnin. Henni lýkur með útskrift í apríl 2010.

Af þessum 29 nýnemum hafa fjórtán starfað sem afleysingamenn í lögreglunni, allt frá fjórum mánuðum til rúmlega tveggja ára. Átta konur eru í hópi nýnemanna eða 27,6 prósent. - jss

Segir fyrrverandi eiginmann starfsmanns Krua Thai hafa kveikt í við Tryggvagötu:

Húsið mjög mikið skemmt

LÖGREGLUMÁL Rúmlega fimmtugur íslenskur maður var handtekinn í gær, grunaður um íkveikju í tveggja hæða húsi við Tryggvagötu 10 í hádeginu í gær. Engan sakaði í eldinum en húsið er mjög mikið skemmt.

Lárus Magnússon, sem rekur veitingastaðinn Krua Thai, segir brennuvarginn vera fyrrverandi eiginmann starfsmanns staðarins.

Tilkynning barst um eldinn laust eftir klukkan 13.00 í gær og komu þrjár slökkvibílar auk sjúkrabíla á staðinn. Slökkvistarf gekk greiðlega og ekki breiddist eldur í nálæg timburhús líkt og óttast var. Skömmu síðar handtók lögregla

mann í nágrenninu, grunaðan um íkveikjuna. Að sögn rannsóknardeildar lögreglunnar hafði hann ekki verið yfirheyrður í gærkvöldi vegna annarlegs ástands.

Lárus leigði íbúð á annarri hæð Tryggvagötu 10 fyrir starfsfólk staðarins auk tveggja annarra, alls sex manns. Hann segir brennuvarginn fyrrverandi eiginmann konu sem vinnur á staðnum. Sá hafi áreitt konuna að undanfögnu og gert tilraun til að kveikja í húsinu í fyrrkvöld. Hann hafi svo komið aftur í hádeginu í gær, bankað á dyrnar og eftir að hafa hrint til hliðar stúlku sem kom til dyra hafi hann sprautað bensíni á dag-



ELDSVOÐI Húsið á horni Tryggvagötu og Norðurstígs er mikið skemmt eftir eldinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

blöð sem hann hafði meðferðis og kveikt í.

Í samliggjandi húsi við Norðurstíg er verkstæði þar sem gamlir bílar eru gerðir upp. Þar urðu einnig töluverðar skemmdir. - kg

Hættulegur forseta landsins:

Fangelsaður tveggja ára

SIMBABVE, AP Tveggja ára dreng, Nigel Mutemagau, var í gær sleppt úr fangelsi í Simbabve eftir að dómari úrskurðaði að ekki væri ástæða til að halda honum.

Drengurinn var fangelsaður ásamt foreldrum sínum fyrir nokkrum vikum en foreldrarnir eru sakaðir um að undirbúa tilraun um að steypa forseta landsins, Robert Mugabe, af stóli. Stjórnarandstaðan sakar yfirvöld um að sýna foreldrum Nigel og jafnvel drengnum sjálfum harðræði. Lögreglan og ákærvaldið höfðu slíkan áskökunum. Nigel dvelur nú hjá skyldfólki sínu. - ovd

Ódýrt að koma upp þjónustu við olíuleit

Sveitarstjórnarmenn telja að þjónustu við olíuleitarfyrirtæki megi koma upp á Norðurlandi eystra fyrir nokkur hundruð milljónir króna. Komi til olíuvinnslu gæti þurft að reisa stórskiphöfn í Finnavík, nálægt náttúruminum.

ÍÐNABUR Sveitarstjórnarmenn telja að hægt verði að koma á fót þjónustumiðstöð fyrir leitarfyrirtæki á Drekasvæðinu með litlum tilkostnaði í Vopnafirði og á Langanesi. Þó er ljóst að kostnaður getur skipt hundruðum milljóna króna. Þetta kemur fram í skýrslu sem kynnt var í gær.

Talið er fýsilegt að byggja upp þjónustu á svæðinu meðan á olíuleit stendur eða í átta til tíu ár. Í upphafi er stefnt að því að mannvirkin á staðnum verði nýtt, það er hafnarsvæðið, flugvellir og önnur aðstaða, en í framtíðinni komi til frekari uppbyggingar í Gunnólfsvík ef til olíuvinnslu kemur.

Í skýrslunni kemur fram að setja þarf 300 milljónir króna í flugskýli og byrluaðstöðu á Egilsstaðaflugvelli verði hann notaður. Verði Þórshafnarflugvöllur hins vegar betrubættur fyrir farþegaflug kosti það þrjátíu milljarða króna. Verði flugvöllur byggður á Langanesi geti það kostað 4-8 milljarða.

Koma þarf upp þjónustuaðstöðu við höfn, annaðhvort á Vopnafirði eða á Þórshöfn. Á Vopnafirði myndi kostnaðurinn verða um 150-900 milljónir eftir stærð en á Þórshöfn 650-1.300 milljónir. Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri í Vopnafirði, sér fyrir sér að reisa þurfi skemmu með útsvæði undir borstangir, sement og íblöndunarefni auk þess sem fyrirtækin þurfi eldsneyti og kost og aðrar birgðir fyrir mannskapinn.

Hann segir að komi til olíuvinnslu geti í framtíðinni þurft að



reisa stórskiphöfn í Finnavík. „Þar er aðstaða til að byggja upp stórskiphöfn og landsvæði til að byggja upp gríðarlega stóra þjónustumiðstöð. Olía yrði þá flutt þangað í leiðslum eða skipum,“ segir hann.

Gert er ráð fyrir 167 hektara iðnaðarlöð við Gunnólfsvík á aðalskipulagi fyrir Langanesbyggð en svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá frá 1975 vegna sjaldgæfra plantna og jarðmyndana. Í skýrslunni segir að athuganir bendi til að hvorki sjaldgæf-

Stefnt er að því að nota sem mest aðstöðu sem fyrir er á Vopnafirði og Þórshöfn en í framtíðinni gæti þurft að reisa stórskiphöfn í Finnavík. Í grennd við Gunnólfsvíkurfjall er sjaldgæfar náttúruminjar. Talið er að þær séu ekki á fyrirhuguðu iðnaðarsvæði.

ar plöntur né jarðmyndanir sé að finna á mögulegu uppbyggingarsvæði þó að þær séu við Gunnólfsvíkurfjall.

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi eystra vonast til að tugir starfa geti skapast vegna olíuleitar á Drekasvæðinu. Þorsteinn segir að óbeint skapist líka alls kyns þjónustuverkefni í kringum þessa starfsemi.

Leyfi vegna olíuleitar á Drekasvæðinu á Jan Mayen-hryggnum verða auglýst í næstu viku.

ghs@frettabladid.is



ÚR KOMPÁSI Árás Benjamíns í Hafnarfirði var sýnd í þættinum Kompás.

Benjamín og Kompásmálið:

Aftur ákærður vegna árásar

DÓMSTÓLAR Benjamín Þ. Þorgrímsson hefur verið ákærður aftur fyrir að ráðast á karlmann á bílastæði við Hafnarvogina við Hafnarfjarðarhöfn. Þetta er í annað skipti sem ákært er í máli Benjamíns vegna árásarinnar á manninn. Ágallar voru á málsmeðferð þegar ákært var í fyrra skiptið því þá voru gefnar út tvær ákærur.

Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Benjamín er ákærður fyrir að hafa sparkað í manninn, tekið hann hálstaki og þrýsti honum niður til jarðar. Þar sparkaði hann nokkrum sinnum í höfuð mannsins þar sem hann lá. Árásin var tekin upp á myndband og sýnd í fréttaskýringaþættinum Kompási á Stöð 2.

Þá var Benjamín jafnframt ákærður fyrir að ráðast á 35 ára gamlan karlmann 3. júlí í fyrra og kýla hann í andlit og í hægri vanga þar sem maðurinn stóð við barinn á Nordica-hótelinu. - jss

EIGNARNÁM

Tjaldstæði á 17,6 milljónir

Eigendum jarðarinnar Egilsstaða II/Kollstaða hafa verið úrskurðaðar 17,6 milljónir króna í bætur frá Fljótaldshéraði í bætur vegna eignarnáms sveitarfélagsins á 4,2 hekturum úr landi jarðarinnar við Lagarfljót undir tjaldstæði.

RISA

ÚTSALA ELLINGSEN

20-70%
afsláttur

Reykjavík, Fiskislóð 1
Opíð mánudag–föstudag 10–18
laugardag 10-16

Akureyri, Tryggvabraut 1-3
Opíð mánudag–föstudag 8–18
laugardag 10-16

– fullt hús ævintýra

VEÐURSPÁ

Sigurður P. Ragnarsson
veðurfræðingur

MIKIL ÚRKOMA
SUÐAUSTAN TIL

Núna með morgnuni-
um slær fyrir stormi
með ströndum sunnan
og suðaustan til
og jafnvel á annesjum
eystra. Annars verður
vindur skaplegri. Mikil
úrkoma fylgir lægð-
inni sem er að verki,
einkum suðaustan og
austan til og má búast
við snjókomu eða
slyddu með morgnuni-
um en síðan rigningu.


Á MORGUNN
Norðaustan strekkjngur á
Vestfjörðum annars mun
hægari.

LAUGARDAGUR
5-10 m/s.

HEIMURINN

Alicante	15°
Amsterdam	4°
Basel	1°
Berlín	1°
Billund	4°
Eindhoven	3°
Frankfurt	3°
Friedrichshafen	0°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	3°
Las Palmas	19°
London	7°
New York	-5°
Orlando	16°
Osló	-6°
París	5°
Róm	11°
Stokkhólmur	0°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig er í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



*Orkumikill iðnaður
– uppspretta verðmæta*

Veljum íslenskt!



Samtök iðnaðarins - www.si.is



Ert þú á vanskilaskrá?

Já	12,7%
Nei	87,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Telur þú að ráðamönnum stafi hætta af mótmælendum?

Segðu skoðun þína á Visir.is



Tíu þúsund manns mótmæla stjórnvöldum í höfuðborg Lettlands:

Tugir manna særðir eftir átök

LETTLAND, AP Stjórnin og stjórnarandstaðan í Lettlandi skiptust á ásökunum út af harkalegum mótmælum, sem brutust út í fyrirkvöld í höfuðborginni Ríga. Meira en fjórutíu manns hlutu misalvarleg meiðsl í átökunum, sem voru þau verstu síðan landið sagði skilið við Sovétríkin árið 1991.

Ofbeldi braust út í kjölfar friðsamlegra mótmæla í miðborginni, þar sem ríkisstjórnin var sökuð um að bera ábyrgð á efnahagskreppu landsins. Um tíu þúsund mótmælendur kröfðust þess að þingið yrði leyst upp.

Flestir mótmælendur héldu heim á leið að fundi loknum, en um hund-

að manns urðu eftir og reyndu að ryðjast inn í þinghúsið í Ríga. Öeirðalögregla hélt þeim frá húsinu, og beitti bæði tárágasi og kylfum. Mannsöfnuðurinn grýtti bæði múrsteinum og klakabrotum í lögregluna og skemmdi þrjár lögreglubífeirðar. Einnig voru rúður brotnar og áfengi stolið úr áfengisverslun.

Ivars Godmanis forsætisráðherra segir að skipuleggjendur mótmælanna beri ábyrgð á öeirðunum, vegna þess að ákveðið hafi verið að halda mótmælafundinn þrátt fyrir vaxandi spennu út af efnahagskreppu landsins.

Aigars Stokenbergs, þingmaður stjórnarandstöðunnar, var einn



MANNFJÖLDI Í MIÐBORGinni Þúsundir manna mótmæltu í miðborg Ríga í fyrirkvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

helsti skipuleggjandi mótmælanna. Hann segir aftur á móti stjórnina bera ábyrgðina vegna þess að ekki hafi verið gerðar nægar öryggisráðstafanir. -gb

Útkall Landhelgisgæslunnar:

Þyrla sótti veik-an sjómann

ÞJÖRGUN Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-GNÁ, sótti á þriðjudagskvöldið veikan sjómann um borð í íslenskt fiskiskip sem státt var um 50 sjómílur norður af Horni.

Stjórnstöð Landhelgisgæslunnar barst beiðni um aðstoð laust fyrir klukkan 17 og um klukkustund síðar fór þyrlan frá Reykjavíkurlflugvelli. Aðstæður á svæðinu voru ágætast, vindhraði um 13 metrar á sekúndu og ölduhæð 2 til 3 metrar. Ferðin gekk vel og klukkan 20.41 var skipverjinn kominn um borð í þyrluna sem hálf tíma síðar lenti á Reykjavíkurlflugvelli þar sem sjúkrabíreið beið mannsins. -ovd

Staðgreiðsla 2009

- ▶ **Skatthlutfall staðgreiðslu er 37,2%**
Skatthlutfall í staðgreiðslu 2009 er 37,2%, þ.e. tekjuskattur 24,1% + meðaltalsútsvar 13,1%.
- ▶ **Skatthlutfall barna**
þ.e. þeirra sem fædd eru 1994 eða síðar, er 6% af tekjum umfram frítekjumark.
- ▶ **Persónuafsláttur á mánuði er 42.205 kr.**
Persónuafsláttur ársins 2009 er 506.466 kr. eða 42.205 kr. á mánuði.
- ▶ **Sjómannaafsláttur**
Sjómannaafsláttur er 987 kr. á dag.
- ▶ **Frítekjumark barna er 100.745 kr.**
Börn sem fædd eru 1994 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2009 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 100.745 kr.
- ▶ **Frádráttur vegna greiddra iðgjalda í lífeyrissjóð er 4% af launum og allt að 4% viðbótarfrádráttur**
Frádráttur vegna skylduiðgjalds í lífeyrissjóð er 4% af heildartekjum og til viðbótar má færa frádrátt vegna iðgjalds í séreignarlífeyrissjóð allt að 4% af heildartekjum.
- ▶ **Tryggingagjald er 5,34%**
Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til viðbótar 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar eða samtals 5,99%.

Rafræn skil á staðgreiðslu, sjá **skattur.is**

RSK
RÍKISSKATTSTJÓRI

Skattar lækka með breyttri skattastefnu

Veruleg breyting varð á skattastefnu eftir 2006 þegar hætt var við að lækka bara skattprósenta og hækka persónuafslátt. Vegna hækkunar persónuafsláttar lækkaði skattbyrði nú um áramót hjá þeim sem hafa tekjur undir 575 þúsund.


SKATTAMÁL „Nú um áramót varð almenn skattalækkun,“ segir Arnaldur Sölvi Kristjánsson, hagfræðingur hjá Þjóðmálastofnun við Háskóla Íslands. Samkvæmt útreikningum hans sem birtust í tímaritinu Vísbendingu lækkar skattbyrði þeirra sem hafa mánaðarlegar tekjur undir 575.000 krónum vegna hækkunar persónuafsláttar.

Skattleysismörkin hækkuðu um tæplega 19.000 krónur nú um áramót og eru nú 118.182 krónur. Á sama tíma hækkuðu tekjuskattur og útsvar að meðaltali um tæplega 1,5 prósentustig.

„Fram að 2007 hafði skattprósenta lækkað svolítið, en persónuafslátturinn dróst aftur úr launaþróun, þannig að skattbyrði hækkaði hjá flestum,“ segir Arnaldur.

„Eftir árslok 2006 er þessu snúið við. Í stað þess að lækka skattprósenta, eins og átti að gera er persónuafsláttur hækkaður og hann látinn fylgja verðbólguþró-

BREYTINGAR Á MÁNAÐARLEGUM SKATTGREIÐSLUM 2008 TIL 2009



un. Frá því hefur skattbyrðin ekki aukist vegna rýrnunar persónuafsláttar.“

Aðspurður hvaða áhrif þetta hefði á Gini-stuðulinn, sem metur jöfnuð í skiptingu tekna í samfélaginu, segir Arnaldur erfitt að meta það vegna aukins atvinnuleysis og efnahagsþrenginga. „Þetta ætti að hafa tekjujafnandi áhrif,“ segir hann. Erfitt sé hins vegar að meta það vegna óvissu um tekjuþróunina.

„Þessi breyting veldur því að skattarnir lækka mest hjá stærstum hluta Íslendinga sem líklega

koma verst út úr efnahagsþrengingunum,“ segir hann.

Hins vegar gæti það verið varhugavert að fara í almenna skattalækkun, líkt og nú er gert, þegar fjárlagahallinn sé jafnmikill og gert er ráð fyrir. „Hugsanlega gæti verið skynsamlegra að fara í skattahækkunir til að minnka fjárlagahallann á þessu ári.“ Slíkar skattahækkunir þurfi ekki að vera almenn tekjuskattshækkun, heldur sé einnig hægt að líta til hækkana annarra skatta eða upp-töku hátekjuskatta.

svanborg@frettabladid.is



ARNALDUR S. KRISTJÁNSSON Segir ekki rétt að tala um skattahækkun, þrátt fyrir hækkan tekjuskatts. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Karlmaður dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir kynferðisbrot:

Sambýliskonan hindraði að unglingsstúlku væri nauðgað

DÓMSMÁL Karlmaður hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir tilraun til að nauðga sextán ára stúlku. Honum var einnig gert að greiða henni 400 þúsund krónur í miskabætur.

Maðurinn var ákærður fyrir að hafa í apríl 2008, reynt að hafa samræði eða önnur kynferðismök við stúlkuna sem þá var sextán ára. Hún var gestkomandi á heimili hans. Honum var gefið að sök að hafa lagst við hlið hennar þar sem hún lá sofandi í herbergi dóttur hans og reynt að gyrða niður buxur hennar. Er stúlkun vaknaði tók hann fyrir vit hennar og hótaði að meiða hana hefði hún ekki hljótt. Lét maðurinn ekki af athæfi sínu fyrr en sambýliskona hans kom inn í herbergið og réðst á hann.

Í dómsniðurstöðu segir að stúlkun hafi verið trúverðug í frásögn sinni af atburðinum. Athæfi mannsins beri skýr merki um að fyrir honum hafi vakað að beita hana kynferðislegu ofbeldi. Tilviljun hafi ráðið því að honum tókst ekki ætlunarverk



HÉRAÐSDÓMUR REYKJANESS Maður fékk fangelsisdóm fyrir að reyna að nauðga sextán ára stúlku í fyrravor.

sitt. Fyrir liggir að stúlkun hafi átt erfitt uppdráttar eftir árásina.

Maðurinn á brotaferil að baki og hefur hlotið allnokkra refsíðma. -jss

Allar útsöluvörur
250-3000 kr

mesta útsöluúrvalið

Vorum að bæta við nýjum vörum

Upphaflegt verð

útsöluverð

~~499~~ kr.

250 kr.

~~799-999~~ kr.

500 kr.

~~1.299-1.699~~ kr.

1000 kr.

~~1.999-2.499~~ kr.

1.500 kr.

~~2.999-3.999~~ kr.

2.000 kr.

~~4.499-6.999~~ kr.

3.000 kr.

Þessi auglýsing á við fatnað og skó, ekki raftæki, leikföng, húsgögn og heimilisvöru

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARID?



- 1 Hverjum vildi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir ráða heilt fyrir fund í Háskólabíói?
- 2 Hvað eru margir dagar liðnir frá því Alþingi setti neyðarlögin?
- 3 Evrópusambandslönd fá ekki gas frá Rússlandi til upphitunar húsa. Um hvaða land liggja gasleiðslurnar?

SVÖRIN ERU Á Síðu 46



JÓN ÞÓR STURLUSON OG ROBERT WADE Wade gagnrýndi meðal annars skort á upplýsingum frá stjórnvöldum vegna efnahagskreppunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Wade á fundi ráðuneyta:

Fræddur um neyðarnefndir

EFNAHAGSMÁL „Hann spurði um það sem hefur verið gert í kjölfar bankahrunsins,“ segir Sigmundur Sigurgeirsson hjá fjármálaráðuneytinu, en hann var einn þriggja embættismanna sem fundaði í gær með Robert Wade, prófessor í stjórnfræðingfræði hjá LSE.

Wade var einn frummælenda á borgarafundi í Háskólabíói þar sem hann gagnrýndi stjórnvöld fyrir aðgerðarleysi í aðdraganda og kjölfar bankahrunsins.

Sigmundur segir að Wade hafi ekki haft vitneskju um ýmislegt. Þar á meðal hafi hann ekki vitað af því eignamati sem er í gangi í gömlu bönkunum, né af þeim neyðarnefndum sem hafi verið að störfum. Þá hafi Wade verið upplýstur um samskipti við erlenda kröfuhafa.

Robert Wade vildi ekki tjá sig um fundinn þegar eftir því var leitað.

- 55

Stuðningur ríkisins vegna Suðurlandsskjálftans nemur 733 milljónum:

Ríkið greiðir skjálftabætur

JARÐSKJÁLFTI Ríkissjóður greiðir 733 milljónir króna í styrki vegna Suðurlandsskjálftans 29. maí í fyrra. Stærstur hluti upphæðarinnar, 402 milljónir króna, eru styrkir til einstaklinga sem urðu fyrir tjóni sem tryggingar ná ekki til.

Alls fara 200 milljónir í styrki vegna fyrstu viðbragða við skjálftanum og aukinn kostnað sveitarfélaga. Þá fara 50 milljónir í styrki vegna tjóns opinberra stofnana á jarðskjálftasvæðinu og 81 milljónir í önnur tjón og ofyrirséð.

Í tilkynningu frá forsætisráðuneytinu segir að forsætis- og fjármálaráðuneytin muni nú hefjast handa við að greiða út styrki. Þeir



ALLT Í RÚST Tjón af völdum skjálftans sem skók Suðurland 29. maí í fyrra er metið á milljarða króna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

styrkir sem greiddir verði á næstunni séu vegna niðurrifs, endurmats á brunabótamati, tjóns á innbúum og fleiru. Samkvæmt viðgerðarreikningum sé um að ræða

stéttar, palla, veggi, hleðslur, frárennsli, vatnsveitur, borholur og fleira.

Í tilkynningu ráðuneytisins segir enn fremur að tjón af skjálftanum sé metið á milljarða króna, enda hafi þetta verið mestu hamfarir sem gengið hafa yfir jafn fjölmenna og þéttbýla byggð hér á landi. Jarðskjálftinn hafi þess vegna reynt mikið á alla þætti samfélagsins og er öllum þeim, sem komu að aðgerðum, á einn eða annan hátt þakkað í yfirlýsingu ráðuneytisins.

Nánari upplýsingar má nálgast á vefsíðunni forsætisráðuneyti.is

- ovd

Fjöldauppsagnir í Svíþjóð:

Spara hátt í sjö milljarða á ári

STOKKHÓLMUR, AP Níu hundruð starfsmönnum Karólínska sjúkrahússins í Stokkhólmi í Svíþjóð verður sagt upp störfum.

Uppsagnirnar eru sagðar spara spítalanum um 450 milljónir sænskra króna á ári sem samsvavar tæplega 6,9 milljörðum íslenskra króna. Nokkur halli hefur verið á rekstri sjúkrahússins undanfarin ár. Hátt í 16 þúsund manns starfa á sjúkrahúsinu sem er annað stærsta sjúkrahús Svíþjóðar. Um tveir þriðju þeirra sem sagt verður upp eru fastráðnir starfsmenn en aðrir eru lausráðnir starfsmenn eða verk-takar.

- ovd

Vopnahlésviðræður Hamas og Ísraels mjakast áfram

Nærri þrjár vikur eru síðan Ísraelar hófu miskunnarlausar árásir sínar á íbúa Gazasvæðisins. Tugir manna enn drepnir á hverjum degi. Egyptar og Hamasliðar eru með drög að bráðabirgðavopnahléi í smíðum.

PALESTÍNA, AP Viðræður Egypta við Hamas um hugsanlegt tíu daga vopnahlé milli Hamas og Ísraels eru sagðar langt komnar. Þetta staðfestu fulltrúar bæði Egypta og Hamas-samtakanna í gær.

Drögin verði fljótlega kynnt Ísraelum, en mikil óvissa ríkir engu síður um langtímahorfur á Gazasvæðinu, þar sem stanslausar árásir Ísraels í nærri þrjár vikur hafa kostað hátt í þúsund manns lífið. Um helmingur þeirra er sagður vera almennir borgarar, þar af hundruð á barnaldri.

Loftárásur á þéttbýlt Gazasvæðið var haldið áfram af fullum krafti í gær. Meðal annars var sprengjum varpað á grafreit í Gazaborg, þar sem fjöldi manns var saman kominn og dreifðust líkamshlutar út um stórt svæði. Ísraelsher segir þessari árás hafa verið beint að vopnageymslu skammt frá grafreitnum.

Skæruliðar Hezbollah-hreyfingarinnar í Líbanon skutu sprengjuflaugum suður yfir landamærin til Ísraels í gær, en þær öllu engu manntjóni. Sprengjuflaugaárásur frá Gazasvæðinu hefur fækka-



FYLGST MEÐ BLÓÐBAÐINU Þrjú réttrúðir gyðingar fylgdust með átökunum á götum Gazaborgar frá samyrkjubúinu Nir Am, sem er skammt frá bænum Sderot rétt handan landamæra Gaza. NORDICPHOTOS/AFP

að töluvert frá því árásirnar hófust. Í byrjun skutu Palestínnumenn allt að 80 flaugum yfir landamærin

til Ísraels á dag, en í gær var skotið 16 flaugum.

Frá því Ísraelar hófu árásir

sínar, hinn 27. desember síðastliðinn, hafa þrettán Ísraelsmenn látist, þar af fjórir af völdum sprengjuflauga frá Gazasvæðinu. Ísraelar hafa aðeins gert þriggja klukkustunda hlé á árásum sínum daglega, svo hægt verði að koma brýnustu hjálpargögnum yfir á Gazasvæðið.

Ísraelar hafa ítrekað fullyrt að þeir muni ekki hætta árásum fyrr en tryggt sé, að íbúar á Gaza skjóti ekki fleiri sprengjuflaugum yfir til Ísraels. Leiðtogar Hamas hafa sömuleiðis hafnað vopnahléi, nema því aðeins að landamæri Gaza verði opnuð.

Vopnahléshugmyndir, sem nú eru ræddar í Egyptalandi, felast líklega í því, að því er AP fréttastofan hefur eftir samningamönnum, að Ísraelar hætti árásum án þess þó að draga herlið sitt til baka, en á móti hætti Hamas-liðar að skjóta sprengjuflaugum. Slíkt bráðabirgðavopnahlé myndi standa í tíu daga, sem þyrfti að nota til að semja um vopnahlé til lengri tíma. Takist það ekki, má búast við að blóðbaðið hæfist að nýju.

gudsteinn@frettabladid.is

SJÓÐFÉLAGAFUNDUR

ALMENNA LÍFEYRISSJÓÐSINS Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK

Almenni lífeyrissjóðurinn boðar til sjóðfélagafundar fimmtudaginn 29. janúar 2009 á Grand hótél Reykjavík kl. 17.15.

DAGSKRÁ

1. Fundarsetning.
2. Kynning á fjárfestingarstefnu og hugmyndum stjórnar um breytingar.
3. Tillögur um breytingar á samþykktum.
4. Önnur mál.

Nánari upplýsingar og tillögur um breytingar á samþykktum eru á heimasíðu sjóðsins, www.almenni.is.

Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta. Stjórn Almenna lífeyrissjóðsins.



ALMENNI
LÍFEYRISSJÓÐURINN

www.almenni.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

LYFJAVER APÓTEK

NICOTINELL

Nicotinell Fruit 2mg

JANÚARTILBOD: **VERÐ 4.459,-** FRUIT, 204 stk.

LYFJAVER - VERDPRESSARINN!

SUÐURLANDBRAUT 22

VIRKA DAGA 08:30 - 18:00
LAUGARDAGA 10:00 - 14:00

HLETTOK JUN. 09

ÚTSALA

Ofnar, helluborð og háfar með allt að 63% afsl.

Sjálfvirkar kaffivélar frá Gaggia og Saeco með miklum afslætti

Kæliskápar á mjög góðu verði

Búsáhöld og gjafavara með allt að 56% afslætti

Frábær tilboð á hljómtækjum og sjónvörpum frá Denon og Toshiba

William Bounds pipar- og saltkvarnir - 30% afsláttur

Canton hátalarar með 50% afslætti

DENON

TOSHIBA

Panasonic

CANTON

KitchenAid

GAGGIA

SEVERIN

Amana

De Dietrich

Brandt

Blomberg

Saeco

Silit

QED

LACOR

WilliamBounds

caffè KIMBO

danesi caffè



Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

FIMMTUDAGUR FYRIRSÆTUNÁMSKEIÐ

SJÖ VIKNA NÁMSKEIÐ HEFJAST 20. JANÚAR OG 22. JANÚAR.

Sjálfstyrking . Framkoma . Líkamsburður . Innsýn í fyrirsætustörf . Förðun . Umhirða húðar og hárs . Myndataka (10 s/h myndir) . Tískusýningarganga . Fíkniefnafræðsla . Myndbandsupptökur . Leikræn tjáning

Umsjónarkennarar námskeiðsins er Andrea Brabin framkvæmdarstjóri Eskimo, auk fjölmargra gestakennara.

Kennt verður einu sinni í viku, einn og hálfan tíma í senn.

Allir þátttakendur fá Eskimo bol, Maybelline mascara, viðurkenningarskjál og 10 sv/hv myndir. Námskeiðinu lýkur með stórrí tiskusýningu. Stúlkurnar eru farðaðar fyrir myndatöku og tiskusýningu. EMM School of Make-Up sér um förðun.

Skráning er hafin í síma 533 4646 og eskimo@eskimo.is

Verð
17.900 kr.



Staða barna enn afar slæm

Hætta steðjar að þunguðum konum og ungbörnum í þróunarlöndunum samkvæmt skýrslu UNICEF sem kynnt er í dag. Lífslíkur barns í iðnvæddu ríki eru fjórtán sinnum meiri en barns í þróunarlandi.

HEILBRIGÐISMÁL Konur í fátækustu ríkjum heims eru 300 sinnum líklegri til að deyja við barnsburð eða af orsökum sem rekja má til þungunar en konur í iðnríkjunum, samkvæmt árlegri skýrslu UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna um stöðu barna í heiminum.

Þá er barn, sem fæðist í þróunarlandi, 14 sinnum líklegri til að látast á fyrstu mánuðum ævi sinnar en barn sem fæðist í iðnvæddu ríki.

Skýrslan er kynnt í Jóhannesborg í Suður-Afríku í dag. Í skýrslunni, State of the World's Children, er að finna lista yfir fjölda atriða sem varða velferð barna í heiminum. Á listanum má finna atriði eins og menntun, bólusetningu, heilsugæslu, aðhlynningu þungaðra kvenna, næringargjöf, barnaprælkun, giftingar barna, útbreiðslu HIV og alnæmis og aðgang að hreinu vatni.

Í tilkynningu frá UNICEF segir að á síðustu árum hafi lífslíkur barna aukist í mörgum þróunarlöndum en ekki hafi tekist að draga eins úr dauðsföllum kvenna við barnsburð. Barnadauði hafi minnkad um helming í Níger og Malaví á árunum 1990 til 2007 og þá sé tíðni barnadauða í Indónesíu aðeins einn þriðji af því sem hún mældist árið 1990. Í Banglades hafi tíðni barnadauða fallið um meira en helming.

Sömu þróun er ekki að finna þegar kemur að heilsu og lífslíkum mæðra, segir í tilkynningunni. Í þróunarlöndunum eru líkur á því



BÖRN Í MALAVÍ Barnadauði í Malaví minnkaði um helming á árunum 1990 til 2007 samkvæmt skýrslu UNICEF.

MYND/ERNA HREINSDÓTTIR

að kona deyi við barnsburð sagðar vera 1 á móti 76. Til samanburðar eru líkurnar 1 á móti 8.000 meðal kvenna í iðnvæddum ríkjum.

Meirihluti dauðsfalla er sagður eiga sér stað í Afríku og Asíu þar sem frjósemi er mikil, vöntun er á þjálfuðu fólki til aðstoðar við barnsburð og heilsugæsla er veikburða. Til að draga úr dauðsföllum kvenna við barnsburð og ungbarnadauða mælir skýrslan með því að grundvallarþjónusta verði veitt á öllum stigum heilbrigðiskerfisins, heima fyrir, í samfélaginu og á heilsugæslustöðvum. Slík nálgun gangi lengra en hefðbundin áhersla á að bregðast við einstaka sjúkdómstíffellum því hún kalli frekar á að mæðra- og ungbarnavernd verði tekin inn á öllum stigum heilsugæslunnar.

olav@frettabladid.is

Keilir og Háskóli Íslands kynna B.S. nám í tæknifræði

Vélarnar stjórna heiminum

Nú vantar fólk til að stjórna vélunum

ORKU- OG TÆKNISKÓLI

Keilir og Háskóli Íslands bjóða nú nám í tæknifræði við framúrskarandi aðstæður á Keilissvæðinu undir leiðsögn sérfræðinga í fremstu röð. Nemendur útskrifast með B.S. gráðu frá Háskóla Íslands.

Orkutæknifræði veitir sterkan grunn í beislun og nýtingu jarðvarmaorku og virkjun á öðrum grænum, endurnýjanlegum orkugjöfum. Í mekatróník (e. mechatronics) fá nemendur þverfaglega menntun í hönnun og smíði rafeinda- og tölvustýrðs vélbúnaðar.

Lögð er áhersla á verklegar æfingar í rannsóknarstofu og samstarf við fyrirtæki sem undirbýr nemendur fyrir atvinnulífið, þar sem vaxandi þörf er fyrir sérfræðinga á þessu sviði.

Umsóknarfrestur er til 20. janúar.



HÁSKÓLI ÍSLANDS



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

Héraðsdómur Reykjavíkur:
Ríkissjóður var sýknaður

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað íslenska ríkið af bótakröfu karlmanns. Hann taldi á sér brotið þegar lögreglan handtók hann á skemmtistaðnum Áttunni í Hafnarfirði í febrúar 2007.

Maðurinn krafðist einnar milljónar króna. Maðurinn viðurkenndi að hafa neytt áfengis. Einnig að hafa átt orðaskipti við lögreglumann og ýtt við honum. Þess vegna telur héraðsdómur að ekki sé hægt að fallast á að handtakan hafi verið ólögmat og til-efnislaus. Þá féllst dómurinn ekki heldur á að handtakan hafi verið harkalegri en tilefni var til. - jss

Neytendur: Oddný þarf sjálf að borga viðgerð
Nýja BT er ekki gamla BT



DR. GUNNI
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Viðskipti á Íslandi virðast flókin. Fyrir venjulegt fólk sé engan áhuga hefur á viðskiptum líta þau oft út eins og sama fólk sé endalaust að millifæra eiga á milli sín. Þannig var raf-tækjaverslunin BT í eigu Árdegis. Árdegi keypti hlut Baugs í dönsku verslunarkæðjunni Merlin árið 2005. Merlin fór í greiðslustöðvun í fyrria og í framhaldinu fór Árdegi í greiðslustöðvun á Íslandi. BT-verslunin var lokað. Nokkrum vikum síðar keyptu Hagar „bitastæðustu hlutana úr protabúu BT“, eins og það var kallað. BT-verslanirnar opnuðu aftur. Hagar eru í eigu Baugs. Hringnum lokið.

Starfsfólk BT heldur atvinnu, sem er gott, en hringlandahátturinn hefur afleiðingar sem snerta kunnana beint. Oddný skrifar: „Ég keypti stafræna myndavél í BT 11.01.2008. Nú er hún

biluð, annaðhvort hleðslutækid, batterið eða myndavélin sjálf. Fór í BT í desember, löngu áður en ábyrgðin rennur út.

Viti menn, mér er tjáð að ég hafi keypt þetta fyrir hrún BT, það sé kominn nýr eigandi og þeir beri enga ábyrgð á tækjum og tólum sem keypt voru fyrir eigendaskipti. Hvernig getur þetta staðist?“

Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir var enginn til svara hjá BT og rafpósti var ekki svarað. Eftir því sem næst verður komist ber nýi eigandi fyrirtækis enga lagalega ábyrgð á fyrri kröfum. Hins vegar er spurning hvort vörumerkinu – BT – sé mikill greiði gerður með þessu.



KRISTJÁN L. MÖLLER Eskir upplýsinga frá sveitarfélögum um afslátt elli- og örorkulífeyrisþega á fasteignaskatti.

Ráðherra vill upplýsingar:
Spyr um afslátt fasteignaskatta

STJÓRNSÝSLA Samgönguráðherra hefur óskað upplýsinga frá sveitarfélögum um reglur um afslátt á fasteignaskatti elli- og örorkulífisþega. Tilefnið er úrskurður ráðuneytisins um að flatur afsláttur væri ekki í samræmi við reglur.

Úrskurðurinn féll vegna breytinga á afsláttakerfi Garðabæjar, þar sem ákveðnum aldursþópi var boðinn flatur afsláttur, en áður hafði afsláttur verið tekjutengdur. Ráðuneytið úrskurðaði að afsláttur af fasteignaskatti ætti einungis við tekjulitla einstaklinga. Nú hefur ráðuneytið óskað upplýsinga um hvaða hátt sveitarfélög hafa á þessum málum. - kóp

Nýtt fasteignamat:
Frestur til fyrsta mars

EFNAHAGSMÁL Nýtt fasteignamat gekk í gildi um síðustu áramót. Fasteignamat skal endurspegla staðgreiðsluverð fasteignar miðað við verðlag fasteignar í nóvembermánuði 2008.

Frestur til að óska eftir endurmati er til 1. mars næstkomandi en kæra má úrskurð Fasteignaskrár Íslands til yfirfasteignamatsnefndar. Upplýsingar um fjárhæðir fasteignamatsins er að finna á vefnum fasteignaskra.is og á álagningarseðlum fasteignagjalda sveitarfélaga. Á vef fasteignamatsins segir að eigendur fasteigna geti einnig fengið slíkar upplýsingar sendar í tölvupósti eða póstsendar. Slíkar beiðnir skulu sendar á fasteignaskra@fasteignaskra.is - ovd

Vinnuálastofnun:
Bregðast við auknu álagi

VINNUMARKAÐSMÁL Vinnuálastofnun hefur opnað nýja þjónustuskrifstofu að Borgartúni 7B. Nýja skrifstofan er viðbót við þjónustu stofnunarinnar en hún er opnuð til að bregðast við auknu álagi á þjónustuskrifstofu Vinnuálastofnunar að Engjateigi 11.

Á nýju skrifstofunni er EURES, evrópska vinnumiðlunin, til húsa og þar með öll þjónusta við atvinnuleitendur og atvinnuleysisbótáþega sem ekki tala íslensku. Einnig er þar veitt öll almenn ráðgjöf vegna atvinnuleitar erlendis. - ovd

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR KLETTHÁLSI

8900
KRÖNUR Á DAG*

Þú færð vandaðan, næstum nýjan Volkswagen Caddy sendibil í vinnu hjá þér fyrir aðeins 890 kr. á dag miðað við 35% útborgun. Það kallar maður sannarlega ódýrt vinnuafn. VW Caddy hefur getið sér sérstaklega gott orð hér á landi fyrir áreiðanleika, þægindi, sparneytni og hagstætt verð.



75.000 KR. VERKFERAPAKKI FYLGIR MED

* Miðað við bílalan í íslenskum krónum og 35% útborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er að jafnaði um 15%.

VW Caddy – nýskráður 2006



Ekinn: 53.000 km / Ásett verð: 1.550.000
Útborgun: 542.500 / Mánaðargreiðsla: 34.190*

VW Transporter TDI – nýskráður 2005



Ekinn: 86.000 km / Ásett verð: 2.390.000
Útborgun: 836.500 / Mánaðargreiðsla: 35.900*

VW Caddy – nýskráður 2007



Ekinn: 60.000 km / Ásett verð: 1.740.000
Útborgun: 590.000 / Mánaðargreiðsla: 27.590*



Kynntu þér úrval okkar af notuðum VW atvinnubílum sem við bjóðum í HEKLU - Notuðum bílum. Komdu núna á Klettháls og gerðu hagstæð kaup. Við erum sveigjanleg í samningum.



Opíó 10-18 virka daga | Opíó 12-16 laugardaga

Kletthálsi | sími 590 5040 | www.heklanotadirbilar.is | notadirbilar@hekla.is



ORÐNAR TÍVITUGAR Í janúar ár hvert er haldinn í Japan dagur þeirra, sem verða sjálfráða á árinu, en það gerist við tvítugsaldur þar í landi. Þessar ungu konur skemmtu sér konunglega í rússibana í Tókýó í tilefni dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Virkjun fyrir íbúa á Reykjanesi sem leita nýrra tækifæra í atvinnu eða námi:

Virkja mannauð á Vallarheiði

ATVINNUMÁL Virkjun mannauðs á Reykjanesi hefur formlega starfsemi sína í dag en starfsemi er hugsuð fyrir íbúa á Reykjanesi sem leita nýrra tækifæra í atvinnu eða námi.

Virkjun, sem er til húsa í byggingu 740 á Vallarheiði, er ekki síður hugsuð sem samkomustaður fólks sem vill breyta því áfalli sem atvinnuleysi er í ný tækifæri á atvinnumarkaði með námi, námskeiðum eða mannbætandi tómsundum og menningarstarfsemi.

Að verkefninu standa meðal annarra; sveitarfélög á Reykjanesi, Vinnumálastofnun, verkalyðsfélög og fyrirtæki, menntastofnanir



SAMTAKA Framkvæmdastjórn Virkjunar fundar með forystumönnum verkalyðsfélaganna.

MYND/DAGNÝ GÍSLADÓTTIR

eins og Keilir, Fjölbrotaskóli Suðurnesja og Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

Í tilkynningu frá aðstandendum segir að áhersla verði lögð á hlýj-

ar móttökur og skipulagða starfsemi þar sem lítið verði á erfiða stöðu sem tækifæri. Þá er í Virkjun vinnuástaða fyrir ýmis konar frumkvöðlastarfsemi og aðstoð við stofnun sprotafyrirtækja, aðstaða fyrir námstengd verkefni, fyrirlestra, kynningar, persónuleg ráðgjöf og tómsundaverkefni, þátttakendum að kostnaðarlausu.

Í tilkynningunni segir að verkefni sé nýmæli til að takast á við atvinnuleysi og megi líta á það sem tækifæri til sjálfsefingar, menntunar og að gera einstaklinginn hæfari til frekari þátttöku í atvinnulífinu þegar ný tækifæri skapast á vinnumarkaði.

- ovd

Heilbrigðisráðherra:

Aukið fé þegar kreppu lýkur

HEILBRIGÐISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur sagt niðurskurð í heilbrigðiskerfinu nauðsynlegan vegna efnahagsástandans. Hann segir ástandið munu breytast þegar kreppunni lýkur.

„Það er náttúrulega enginn vafi á því að þegar rofar til hjá okkur, og það gerist fljótt ef við höldum rétt á spilunum, verða örugglega meiri fjármunir til heilbrigðismála en nú.“ Hann svaraði því þó ekki beint hvort það þýði að niðurskurður sem hann hefur boðað og hefur verið mótmælt gangi til baka í betra ástandi.

- kóp

LÖGREGLUFRETTIR

Átján ljóslausir öikumenn

Lögreglan á Selfossi stöðvaði átján öikumenn á þriðjudagskvöldið þar sem ljósabúnaður á bílum þeirra reyndist í ólagi. Öikumönnum var gefinn frestur til lagfæringa.

Innbrot á Selfossi

Brotist var inn í kaffihús á Selfossi í fyrrinótt og þaðan stolið 15 þúsund krónum. Þjófarnir komust undan og er þeirra leitað.

MENNING

Prjónakonum synjað

„Í ljósi aðstæðna“ hefur fræðslunefnd Hafnarfjarðar synjað ósk Jafnréttishúss Amals Tamimi í Hafnarfirði um styrk vegna prjónanámskeiðs fyrir konur af erlendum uppruna.

Lögreglan á Ísafirði stöðvar ólöglegan húðflúrara:

Foreldrar uggandi

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á Ísafirði lagði hald á húðflúrartæki síðastliðinn föstudag en eigandi þeirra, sem er 24 ára, hafði húðflúrað nokkra unglunga undir lögaldri án samþykkis foreldranna. Þar að auki hafði hann ekki tilskilin leyfi og verður hann tekinn til yfirheyrslu.

Lögreglan greindi ekki frá því hversu marga hann hafði húðflúrað en foreldrar margra þeirra voru slegnir yfir afrakstrinum. Á fréttavef Bæjarins besta á Ísafirði segir að hann hafi meðal annars húðflúrað hakakross á einn viðskiptavina sinna.

Málfríður Sigrúnardóttir, sem rak húðflúrarnarstofu á Ísafirði um nokkur mánaða skeið í fyrra, segir að sá sem lögreglan hafi stoppað af hafi húðflúrað unglunga á aldrinum fjórtán til sextán ára. Húðflúrarnar hafi jafnvel gert það ókeypis.

„Ég hætti ekki út af þessu, þetta er nú hálfgerð barnakrot hjá honum,“ segir hún. „Það er alveg næg eftirspurnin, það er ekki þess vegna sem ég hætti með stofuna.“

Svo er ég náttúrulega búin að læra þetta og er með öll leyfi.“

- jse



GRÉTAR JÓNASSON Rök halda ekki og rangar fullyrðingar eru í frumvarpi viðskiptaráðherra segir framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHEM

Telur engin rök vera fyrir afnámi skylduaðildar:

Segir þingmenn hafna rökum

STJÓRNMÁL Grétar Jónasson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala, segir rök Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra vegna afnáms skylduaðildar að félaginu ekki halda.

Frumvarp viðskiptaráðherra felur meðal annars í sér að fasteignasölu verður óskýlt að vera í Félagi fasteignasala og undirgangast síðareglur þess. Ráðherrann segir umboðsmann Alþingis telja vafasamt að skylduaðild standist stjórnarkrá.

Grétar Jónasson bendir á að þótt álit umboðsmanns hafi legið skýrt fyrir hafi allir alþingismenn nýlega samþykkt lög um skylduaðild að Félagi löggiltra endurskoðenda. „Þannig heldur það engan veginn að halda því fram að afnema þurfi skylduaðild að Félagi fasteignasala

þegar Alþingi hefur þegar tekið skýra afstöðu til álits umboðsmanns. Þá hafa virtir lögmenn og lagaprófessor talið skylduaðild brýna og ekki leika vafa á að hún standist gagnvart stjórnarkrá.“

Að sögn Grétars er ranglega fullýrt í greinargerð með nýja frumvarpinu að allsherjarnefnd hafi árinu 2004 ekki talið lengur þörf fyrir skylduaðild þegar Félag fasteignasala hefði eflst nægjanlega. „Þetta er alls ekki það sem allsherjarnefnd sagði.“

Þá segir Grétar að verið sé að fella niður lagaskyldu á Félag fasteignasala um að tilkynna um brot félagsmanna. „Um 90 prósent af þeim málum sem alvarlegust hafa verið hafa einmitt komið upp eftir ábendingar Félags fasteignasala auk fjölda smærri mála.“

- gar

Í FYRSTA SINN Á ÍSLANDI

Ráðstefna sem sameinar það besta frá Convergence & Tech•Ed 2008

Grand Hótel Reykjavík, 19.–20. janúar, 2009

Convergence & Tech•Ed eru stærstu erlendu ráðstefnur sem Microsoft heldur ár hvert og fjöldi Íslendinga sækir þær að jafnaði

- Yfir 30 fyrirlestrar með hæfasta fólki Microsoft víðsvegar að úr heiminum
- Heimsfrumflutningur: Miha Kralj flytur fyrirlestur sinn „What the *cloud* is my CIO thinking?“ sem sérsaminn er fyrir Tech•Ed USA (febrúar 2009)
- Tony Krijnen frumkynnir Windows 7
- Dr. Neil Roodyn fjallar um þróun á Windows Live og Windows Azure
- Ráðstefnan er ekki síst áhugaverð fyrir forritara, tæknimenn og þá sem vilja kynna sér Dynamics viðskiptahugbúnaðar
- Ráðstefnan er öllum opin – aðgangur er ÓKEYPIS

Allar nánari upplýsingar og skráning á microsoft.is

Það besta frá
convergence
& tech•ed 2008



-það hagkvæmasta sem við bjóðum í prentun

Nafnspjöld

250stk **12.475kr***



LÆGRA VERÐ - SÖMU GÆÐI

Vörulýsing: 300g pappír prentaður annars vegar í fullum lit. Vinnslutími er alltaf 4 virkir dagar. Frá þriðjudegi til föstudags og svo föstudegi til miðvikudags. Skila þarf gögnum til Odda fyrir kl. 12:00 á skiladegi og þarf prófark að vera samþykkt fyrir kl. 14:00 sama dag. Varan er tilbúin á afgreiðslulager Odda að Höfðabakka 7. *Verð er gefið upp án 24,5% vsk. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Prentsmiðjan Oddi ehf., Höfðabakka 3-7, 110 Reykjavík
sími 515 5000, www.oddid.is



BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



1476

KJÖRFUGLS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1476 kr./kg. 30% AFSLÁTTUR. MERKT VERÐ 2109 KR./KG



**40%
AFSLÁTTUR**

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
359 kr./kg. 40% AFSLÁTTUR. MERKT VERÐ 598 KR./KG.



259

BÓNUS FETAOSTUR
250g 259 kr.



159

BÓNUS BRAUÐ
1 kg 159 kr. sneiðin á u.þ.b. 6 kr.



129

BÓNUS SMYRILL
300g 129 kr.



399

KF NÝTT KJÖTFARS
399 kr./kg.



898

NV FERSKT NAUTAHAKK
898 kr./kg.



498

NV FERSKIR NAUTAHAMBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 498 kr.



399

KF KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
399 kr./kg. 40% AFSLÁTTUR.
MERKT VERÐ 665 KR./KG.



698

NF LÍNUÝSA FLÖK
beinlaus m.roði 698 kr./kg



479

KS FROSIÐ SÚPUKJÖT
1.flokkur 479 kr./kg. 20% AFSLÁTTUR.
MERKT VERÐ 598 KR./KG.



259

BÓNUS KLEINUR
15 stk 259 kr.



198

BÓNUS NÝBAKAÐIR
KLEINUHRINGIR
2 stk 198 kr.



49

PLAISIR KATTAMATUR 100g bréf 49 kr.



79

ES ORKUDRYKKUR
250ml 79 kr.



159

FROOSH SMOOTHIE 250ml
159 kr flaskan. FJÓRAR TEG.



139

CLEAN FRESH UPPÞVOTTALÖGUR
625ml 139 kr.



198

BURNER 500ML 198 kr.

BONUS BÝÐUR BETUR

OPIÐ: FIMMTUD. 12.00-18.30

Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

ÞJAN ÚTSALA HÚSASMÍ

SÍÐUSTU DAG

ÚTSALA
15-50%
AFSLÁTTUR



EGG

3.690
~~5.349~~



Brauðrist
Bomann Estate
1840848

Líkamsræktartækin komin
frábært verð!

Einnig fáanlegt:
Fjölpjálfi, æfingahjól,
hlaupabretti og fleira

Göngubretti
JDB-1300
3899532



69.990
~~73.625~~

2.690
~~3.899~~



Kaffivél
Bomann Aromakontroll
1840931

Sturtusett
Damixa, sturtutæki
og sturtusett.
8000580

40%
AFSLÁTTUR

26.276
~~43.794~~



20-60%
AFSLÁTTUR

AF
FLÍSPEYSUM OG SOFTSHELL



*Útsöluafsláttur gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

HÚSASMIÐJAN ÚTSALA HÚSASMIÐJAN

GAR ÚTSÖLU



1.999
~~2.999~~

Verkfærasett
Skrúfjárn og tangir 11 stk.
5010132

ÚT AÐ MOKA!

15%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM
SNJÓSKÓFLUM
OG SKÖFUM

**VERÐ FRÁ
999**

Álstigi
Einfaldur, 12 þrep 3.3m
5078950

4.999
~~8.743~~

FLÍSAMÁ ALLT AÐ

80% AFSL.

PARKETLISTAR FYLGJA FRÍTT
MEÐ ÖLLU EIKARPARKETI
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**ENN MEIRI AFSLÁTTUR
GÓLFEFNAMARKAÐUR Í SKÚTUVOGI**

Við berjum niður

verððið!



HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

FRÉTTASKÝRING: ESB og sjávarútvegur 1. hluti

Það geisar þorskastríð á Íslandi

Sjávarútvegur er í forgrunni þegar rætt er um hugsanlega aðild Íslands að ESB. Margir ganga svo langt að segja að ekkert annað skipti máli, komi til aðildarviðræðna. Andstæðingar fullyrða að sjávarútvegsstefna ESB verði banabiti íslensks sjávarútvegs. Þeir sem æskja aðildar telja raunhæft að tryggja megi hagsmunum okkar.

Svo lengi sem rætt hefur verið um Evrópusambandið (ESB) og Ísland í sömu andrá hafa tekist á andstæðar fylkingar. Afstaða þeirra er afdráttarlaus. Bitbeinið er hvaða þýðingu sambandsaðild hefði á stöðu sjávarútvegs mála hér á landi – hvort mögulegt sé að tryggja forræði þjóðarinnar yfir fiskimiðunum eða hvort aðild þýði afsal auðlindarinnar. Spurningin ristir djúpt enda er fullt að um fullveldi þjóðarinnar sé að tefla. Yfirráðin yfir fiskiveiðiaudlindinni séu í raun spurning um sjálfsákvörðunarrétt okkar í stærra samhengi.

Sérstaða Íslands

Í umræðum um Evrópumál er því gjarnan haldið fram að hin sameiginlega sjávarútvegsstefna ESB standi í vegi fyrir aðild Íslands. Aðkoma okkar sé óhugsandi nema ESB samþykki í samningi við Ísland að fiskiveiðilögsagan verði okkar einkamál hér eftir sem endranær. Grundvallarmunur er á flestu sem viðkemur sjávarútvegi hérlendis samanborið við aðildarríki ESB og þessi sérstaða okkar í samanburði er ástæða þess að sjávarútvegurinn er í forgrunni Evrópusambands-umræðunnar.

Vart þarf að fjölyrða um að sjávarútvegur er mikilvægasti útflutningsvinnuvegur okkar. Vægi fiskveiða og vinnslu sjávarafurða var árið 2005 tæp sjö prósent af landsframléiðslu og hafði þá farið minnkandi um skeið. Eftir bankahrunið er talið að þetta hlutfall hafi hækkað að nýju í um tíu af hundraði. Þessu er ófugt farið í öllum 27 aðildarríkjum ESB þar sem hlutfeld sjávarútvegs af landsframléiðslu nær hvergi einu prósentu. Ísland er ein af stærstu fiskiveiðipjóðum heims með heildarafla í kringum 1,5 milljónir tonna á ári hverju en stærstu fiskiveiðipjóðir ESB vantar töluvert upp á að ná milljón tonna markinu.


Kjarni sjávarútvegsstefnu ESB felst í nafni hennar. Hún felur það í sér að fiskistofnar teljast sameiginlegar auðlindir sambandsríkjanna og ákvarðanatáka um flest sem viðkemur málaflökknum er í höndum ráðherra-ráðs ESB. Fiskimið aðildarríkjanna liggja saman og sameiginleg nýting stofnanna er því óumflýjanleg með nauðsynlegu regluverki. Sérstaða Íslands gagnýrt ESB felst að sama skapi í legu landsins. Íslandsmið eru ekki samliggjandi við mið annarra ríkja og margir af helstu fiskistofnunum hér við land eru staðbundnir og nýting þeirra er svo að segja alfarið í höndum Íslendinga.

Rökræða andstæðinga


Eins og gefur að skilja eru það hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sem leiða andófið gegn aðild Íslands að ESB. Landsamband íslenskra útvegsmanna (LÍÚ) og Samtök fiskvinnslustöðva (SF) hafa formlega gefið út afstöðu sína til ESB og sameiginlegu sjávarútvegsstefnu þess. Eins og áður segir er kjarninn í afstöðu LÍÚ sá að Íslendingar skuli fara með forræði yfir fiskimiðunum, sjái um samninga um skiptingu veiðiréttar úr deilistofnum og tali eigin máli á vettvangi alþjóðastofnana. Eins sé það grundvallaratriði að ekki komi til greina að framselja lagasetningarvald Alþingis til ráðherra-ráðs ESB og ábyrgðin á málefnum sjávarútvegsins flyttist til framkvæmdastjórnar ESB í Brussel. Allar vonir um að Íslendingar myndu stjórna einhverju í sjávarútvegs málum innan ESB sé talsýn.

Deilistofnar, stofnar sem eru hluta ársins innan íslensku efnahagslögsögunnar en hluta ársins á úthöfunum eða í lögsögum annarra ríkja, skipta Íslendinga miklu máli. Um 30 prósent tekna af íslenskum sjávarafurðum koma úr deilistofnum sem þegar eru nýttir samkvæmt samningum sem gerðir hafa verið. Útvegsmenn telja hættu á að þessi áunnu réttindi tapist við ESB-aðild. Þeir minna á að samningamenn ESB hafa reynt okkur Íslendingum harðdrægir. Þeir ætluðu okkur enga hlutdeild í kolmunnaveiði en kvóti Íslands er nú 16 prósent. Aðeins stendur út af að tryggja samninga vegna veiða á úthafskarfa og makríl, sem 100 þúsund tonn veiddust af á síðasta ári. Sem hluti af ESB hefðu íslenskir sjómenn þurft að henda öllum makríl fyrir borð.


Innan fiskiveiðistefnu ESB er bannað að landa fiski sem ekki er til aflaheimild fyrir. Því er brottkast innbyggjt í kerfið. Hérlendis er brottkast bannað með lögum og orðið sjálft skammaryrði. Útgerðir innan ESB geta skráð skip sín í hvaða landi sem er innan sambandsins til að tryggja sér þarlandar aflaheimildir. Þetta hefur verið nefnt kvóta-



HELSTU NYTJASTOFNAR



HLUTFALL AF HEILDARAFLA ESB-RÍKJA ÁRIÐ 2006



hopp. Dæmin sanna að lönd sem eiga ríkra hagsmuna að gæta þurfa að setja upp varnir gegn kvótahoppinu í lögum og reglugerðum. Það eru hins vegar áhöld um hvort það hafi skilað viðunandi árangri. Eins er bent á að fyrir liggur að útflendingar geta eignast meirihluta í íslenskum fyrirtækjum, komi til aðildar. Þetta gengur þvert á gildandi lög sem myndu verða merkingarlaus daginn sem skrifað væri undir aðildarsamning. Það samá á við um alla fríverslunarsamninga sem Íslendingar hafa gert.


Síðast en ekki síst er það svo reglan um hlutfallslegan stöðugleika. Í henni felst að hver þjóð fær alltaf sama hlutfall heildarkvóta á grundvelli veiðireynslu. Haldist hún óbreytt frá því sem nú er fengi íslenska ríkið kvótann við Íslandsstrendur til úthlutunar hér innanlands í heild sinni. Og hér mættast stálin stinn því þar sem þessi regla er ekki hluti af stofnsáttmála ESB þá er hún breytingum undirorpin. LÍÚ segir regluna því enga tryggingu fyrir íslenskan sjávarútveg til framtíðar.

Sambandsmenn


Að sögn þeirra sem aðhyllast Evrópusambandsaðild mun engin meiri háttar breyting verða á íslenskum sjávarútvegi við inngöngu. Þar er reglan um hlutfallslegan stöðugleika í forgrunni. Á meðan andstæðingar aðildar segja að ekkert hald sé í reglunni, þar sem henni sé hægt að breyta, segja þeir sem æskja aðildar að afar ólíklegt sé að henni verði breytt. Um hana sé sátt innan ESB.

Það liggur fyrir að ákvarðanir um hámarksaflla á miðum innan ESB eru teknar af ráðherra-ráði ESB (sjávarútvegsráðherra landanna) og það ætti einnig við um Íslandsmið við inngöngu. Hins vegar má segja að það sé aðeins formbreyting. Undirbúningur yrði sá sami hérlendis. Rannsóknir Haf-rannsóknastofnunar lögju til grundvallar með umsögn Alþjóðahaf-rannsóknaráðsins (ICES). Sjávarútvegsráðherra ákveður ekki kvóta á þessum grunni, eins og nú er, heldur gerir tillögu til ráðherra-ráðsins. Þar sem

VEIÐAR STÆRSTU FISKVEIÐIPJÓÐA HEIMS 2005



ÍSLAND Í SAMANBURÐI VIÐ ESB 2006



engin þjóð á hér hagsmuna að gæta er útilokað annað en að eftir ráðgjöf Íslendinga yrði farið.

Bent er á að Íslendingar geti í samningum fengið undanþágur eða sérlausnir fyrir íslenskan sjávarútveg. Þessu hafna andstæðingar ESB hins vegar afdráttarlaust. Fordæmi eru vissulega fyrir slíkum lausnum við inngöngu einstakra ríkja í ESB. Hins vegar er deilt um fordæmisgildi þeirra fyrir Ísland og er þá vitnað til þeirrar sérstöðu sem sjávarútvegur hér hefur í samanburði við Evrópusambandslöndin.

Sjávarútvegur innan ESB

„Það er óumdeilt að Evrópusambandinu hefur ekki tekist að ná þeim markmiðum sem sett eru í sjávarútvegsstefnu þess,“ segir í skýrslu starfshóps á vegum þriggja ráðuneyta og hagsmunasamtaka í sjávarútvegi frá árinu 2004. Hér er vitnað til þess, sem almennt er viðurkennt, að ekki hefur tekist að koma í veg fyrir ofveiði og er talið að flestir fiskistofnar Evrópusambandslandanna séu ofveiddir. Ekki er farið að tillögum fiskifræðinga um kvóta í eintökum tegundum og ákvarðanatáka einkennist frekar af pólitískri sérhagsmunagæslu en ábyrgri umgengni við viðkvæma auðlind.

Ákveðið hefur verið að ráðið verði í gagn-gera endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar

Evrópusambandið (ESB)
Stofnun (sem EBE) 1957: Rómarsáttmáli undirritaður
Stofnun (sem ESB) 1992: Maastricht-samningur undirritaður
Aðildarríki: 27
Fólksfjöldi: 500 milljónir

FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Fyrsti hluti af fimm
Á morgun: Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



HEIMILISMATURINN Á FRÁBÆRU VERÐI!



398

KJÖTFARS, FERSKT
FRÁ KJARNAFÆÐI
10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 442 KR./KG



40%
AFSLÁTTUR

KOFAREYKT FOLALDAKJÖT
M/BEINI - FRÁ KJARNAFÆÐI
398 kr./kg.
MERKT VERÐ 664 KR./KG



20%
AFSLÁTTUR

SÉRVERKUÐ SVIÐ
FRÁ VOPNAFIRÐI
479 kr./kg.
MERKT VERÐ 599 KR./KG



303

SKYNDIBITAR - 380G
FRÁ KJARNAFÆÐI
20% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 379 KR./PK



40%
AFSLÁTTUR

HEIMILISBÚÐINGUR
FRÁ KJARNAFÆÐI
539 kr./kg.
MERKT VERÐ 899 KR./KG



799

PARÍSARSNITSEL
FRÁ KJARNAFÆÐI
10% AFSLÁTTUR
MERKT VERÐ 887 KR./KG

Með fyrirvara
um prentvillur eða
upseldar vörur.

BONUS BÝÐUR BETUR

AFGREIÐSLUTÍMI: MÁN. - FIM. 12:00-18:30, FÖS. 10:00-19:30, LAU. 10:00-18:30 OG SUN. 12:00-18:00.

KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

Fjöldi viðskipta: 79

Velta: 107 milljónir

OMX ÍSLAND 15
331 -1,39%OMX ÍSLAND 6
903 -1,10%

MESTA HÆKKUN

↑ XX
XX
XXx,xx%
x,xx%
x,xx%

MESTA LÆKKUN

↓

FØROYA BANKI -5,13%
BAKKAVÖR -2,83%
MAREL -2,09%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 4,15 +0,00% ... Atlantic Airways 168,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 620,00 +0,00% ... Bakkavör 1,72 -2,83% ... Eik Banki 91,50 +0,00 ... Eimskipafélagið 1,55 -0,64% ... Føroya Banki 111,00 -5,13% ... Icelandair Group 13,25 +0,00% ... Marel Food Systems 74,90 -2,09% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 1,23 -0,81% ... Össur 97,10 -0,31%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Seldi nær öll skráð félög

„Það er langt síðan við seldum eignir okkar í skráðum félögum og bættum skuldastöðuna verulega,“ segir Jón Helgi Guðmundsson, stjórnarformaður Straumborgar. Hann á tæpan helming hluta- fjár í Straumborg á móti fjölskyldu sinni.

Jón Helgi segir einu skráðu eignina í dag um fjögurra prósentu hlut í Kaupþingi. Verðmæti hans nam um 17,2 milljörðum króna þegar ríkið tók hann yfir í byrjun október í fyrra, en er verðlaus í dag.

Jón segir uppstokkun á eignasafninu hafa byrjað fyrir einu og hálfu ári og sé staðan allt önnur en megi telja af síðustu ársreikningum.

Samkvæmt síðasta uppgjöri Straumborgar átti félagið hluti í félögum tengdum Kaupþingi, svo



JÓN HELGI GUÐMUNDSSON

sem Bakkavör, Existu og Spron. Þá stóð til að kaupa 9,8 prósentu hlut í Sparisjóði Mýrasýslu í félagi í lok september. Þær áætlanir fóru út af borðinu í bankahruninu.

Jón segir stöðuna þrátt fyrir krefjandi ytri aðstæður mjög góða og eigið fé jákvætt. „Við höfum minnkað efnahagsreikninginn verulega og erum nú með ágætis eignasafn,“ segir hann og að öll félög honum tengd standi í skilum.

Á meðal stærstu eigna Straumborgar eru hlutir í fjármála- og fasteignatengdum geira í Lettlandi og Rússlandi auk ellefu prósentu hlutar í Eyri Invest, kjölfestufjárfesti Marel Food Systems og Össur- ar.

- job

Bjarni samdi um yfirverðið við Jón Ásgeir

Bjarni Ármannsson óskaði eftir því að selja hluti sína í Glitni á genginu 29 og ræddi það við Jón Ásgeir Jóhannesson eftir að FL Group varð hluthafi í bankanum. Þetta kom fram við aðalmeðferð í máli Vilhjálmis Bjarnasonar gegn stjórn Glitnis.

Bjarni Ármannsson, fyrrverandi forstjóri Glitnis, bar fyrir dómi í gær að hann hefði rætt fyrirhuguð starfslok sín og kaup á hlutum sínum í bankanum við Jón Ásgeir Jóhannesson.

Við aðalmeðferð í máli Vilhjálmis Bjarnasonar hluthafa, gegn þáverandi stjórn Glitnis, var spurt hvernig það hefði komið til að bankinn keypti hlutabréf Bjarna í bankanum og greiddi fyrir 29 krónur á hlut, sama dag og markaðsgengi hluta í bankanum var 26,6. Bjarni átti á bilinu 1,5 til tvö prósent í bankanum og skilaði munur á markaðsvirði og yfirverði honum hátt í 550 milljónum króna.

Þetta samþykkti stjórn Glitnis 30. apríl 2007.

FL Group, þar sem Jón Ásgeir hafði mikil áhrif, varð stór hluthafi í Glitni fyrir um árið.

Bjarni sagði við aðalmeðferðina að hann hefði sjálfur óskað þess að hætta í bankanum og hefði viljað rjúfa við hann öll tengsl. Hann hefði sjálfur viljað selja bréfin á genginu 29. Hann játti því að hafa rætt þetta gengi við Jón Ásgeir. Hann hefði þó ekki gert við sig samning heldur stjórn Glitnis. Bjarni nefndi til stuðnings geng-



BEDIÐ UTAN VIÐ DÓMSAL Bjarni Ármannsson bar vitni í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær í máli vegna hlutabréfa sem hann seldi Glitni þegar hann hætti þar sem bankastjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

inu að skömmu fyrr hefðu Glitnisbréf farið upp undir 29. Gengið hækkað upp í 31 um mitt sumarið, en lækkaði eftir það.

Stjórnarmenn sögðust ekki hafa rætt um forsendur yfirverðsins á stjórnarfundinum. Einnig kom fram hjá þeim að hefði Bjarni sett bréf sín á markað þá kynni það að hafa valdið offramboði á bréfum í Glitni og þar með verðlækkun.

Lögmaður Vilhjálmis sagði að jafn reyndur fjárfestir og Bjarni hefði tæplega sett öll sín bréf á markað í einu og þar með hugsanlega valdið verðfalli. Hann hlyti að hafa getað fundið sér kaupanda

og samið um verð. Ekki hefði verið nauðsynlegt að bankinn keypti bréfin á yfirverði.

Fram kom að yfirlögfræðingur Glitnis hefði talið að samningurinn við Bjarna stæðist lög og að stjórnarmenn hefðu farið að hans ráði.

Í málinu var einnig rætt um hvort samningurinn um kaup bankans á bréfum í Glitni hefði verið hluti af starfslokakjörum hans. Lögmaður Vilhjálmis sagði að ekki væri hægt að líta öðruvísi á málin, lögmaður stjórnarmanna hélt því fram að slíkt væri fjarstaða.

ingimar@markadurinn.is

Loksins á Íslandi

ein vinsælasta

spægipylsan

í Danmörku



Fæst í verslunum

BONUS

1011
...alltaf opið!HAGKAUP
Eun ferð begra verð

ÚTSALA REKKJUNNAR

20-60% AFSLÁTTUR!

SVEFNSÓFAR
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
47.120 kr.

RÚMSTÆÐI MEÐ
LAXTEX HEILSUDÝNU
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

KING KOIL HEILSURÚM
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ FRÁ
89.000 kr.

FJÖLSTILLANLEG
HEILSURÚM
ALLT AÐ
30%
AFSLÁTTUR

Þrýstijöfnunar-
svampsrúm
(Queen Size 153x203)
Verð áður 165.500 kr.
KOSTAR NÚ
99.300 kr.

SÆNGURVER
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
3.710 kr.

HEILSUKODDAR
30%
AFSLÁTTUR
Verð frá
5.530 kr.

rekkjan



A300^{1NU}

FARTÖLVA Á TILBOÐI

Ný A300 fartölva frá Toshiba með öflugu skjákorti í leikina, Harman Kardon hljóðkerfi og vefmyndavél sem þekkir andlit.

- Intel Core 2 Duo T3200 2.0GHz 2MB
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 250GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4" WXGA TruBrite 8ms skjár
- 256MB ATI HD3470 skjákort HDMI
- 300Mbps þráðlaust WiFi netkort
- 1.3MP vefmyndavél sem þekkir andlit
- Windows VISTA Home Premium

TOSHIBA

129.900



TOSHIBA L300D

- AMD Sempron64 2.0GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15.4" WXGA Diamond View skjár
- 512MB ATI X1250 skjástýring
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Basic

79.900



ALLT AÐ
**50%
AFSLÁTTUR**
AF CREATIVE
HLJÓDKORTUN

X-FI GAMERS MAGNAÐ HLJÓDKORT

- Magnað hljóðkort í leiki og tónlist
- 24 bita X-Fi Crystalizer hljómgæði
- EAX5.0 Advanced HD leikja effectar
- X-Fi CMSS tækni fyrir heyrnartól
- Ótrúleg hljómgæði og möguleikar
- Low Latency í tónlistarvinnslu

6.450

Verð áður kr. 12.900

LÆKKUN
NÝ SENDING
AF LACIE



LACIE

LACIE

FLOTTUR 1TB FLAKKARI

Stórglæsilegur harðdiskflakki með 1TB af geymsluþlassi frá LaCie sem er þekkt fyrir glæsilega hönnun og hámarks gæði.

- 1TB LaCie hágæða flakki
- Hannaður af Niel Poulton
- reddot og fleiri hönnunar verðlaun
- Nær hljóðlaus víftulaus hönnun
- Sparar orku og slekkur á sér sjálfur
- Blár ljósbjarmi undir flakkaranum
- 1-Click afritunarhnappur
- Tengist beint í USB2.0

26.900

750GB AÐEINS KR. 21.900



VEFMYNDAVÉLAR



HEYRNATÓL



FARTÖLVUR

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

GLÆSILEG JANÚARTILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM

MESTA
ÚRVAL
LANDSINS
AF CREATIVE



A500
5.1 CREATIVE
HLJÓDKERFI
4.990

HVERGI
BETRA
VERÐ

LACIE



500GB
LACIE HARDISK
HÝSING
16.900

AÐEINS
PESSA
HELGI



iP3600
Mest seldi prentari á Íslandi!
12.900

50%
AFSLÁTTUR
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
FRÁ CREATIVE

**GLÆSILEG
VERSLUN**
Í BORGARTÚNI 31



BIRT MEÐ FYRIRPÁRA UM BREYTINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDAÞRENGI

Alþingi og framkvæmdavaldið:

Á að breyta?

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Gerjun er fylgifiskur enfahagshrunsins. Umræður hafa því eðlilega spunnist um stjórnkerfið og stjórnskipanina. Þær eru bæði hollar og nauðsynlegar. Að sönnu er ekki allt skynsamlegt eða raunhæft sem sagt er. Gild rök standa eigi að síður til rækkilegrar iðgunar um þessi efni.

Í stjórnarráðinu eru tólf ráðuneyti með jafnhárra tölu ráðherra. Á þeim hundrað dögum sem liðnir eru frá setningu neyðarlaganna hafa þrjár þeirra tekið hitann og þungann í umræðum gagnvart þjóðinni og einn til viðbótar blandað sér í þær. Það segir ekki að aðrir hafi verið lausir undan oki hrunsins. Á hinn bóginn er það vísbending um að skipulagið rími ekki sem best við verkefni.

Mörg smá ráðuneyti hafa lengi verið augljós stjórnskipulagsgalli. En hann er nú svo blákaldu að ástæða er til að taka á honum. Allir vita sem til þekkja að með átta ráðuneytum væri fjöldi þeirra ríflegur. Það segir sína sögu að á sama tíma og ráðherra var fjölgað var þjóðhagsstofnun lögð niður. Stjórnarráðið þarf nú að endurskipuleggja miðað við þær þarfir sem endurreisn fjármála-kerfisins og hagstjórnarinnar kallar á.

Stjórnskipulagið hefur eftir norrænni hefð byggt á svokallaðri þingræðisreglu. Hún felur það eitt í sér að framkvæmdavaldið verður að njóta trausts meirihluta löggjafarvaldsins. Meirihluti þingsins leggur í raun réttir framkvæmdavaldið undir sig. Ýmsum finnst á hinn bóginn að alvarleg slagsíða sé komin á þinghlið skipulagsins. Réttara væri að segja að það hallaði á stjórnarandstöðuna og möguleika hennar til aðhalds og eftirlits. Sú gagnrýni er um margt réttmæt.

Forseti Alþingis hefur þegar komið ýmsum umbótum til framkvæmda og lýst hugmyndum um frekari breytingar til að styrkja Alþingi. Það eru eftirtektarverð skref í rétta átt. Reyndar eru þau eina raunhæfa andsvarið af stjórnvalda hálfu við þessari gagnrýni enn sem komið er. En allt um það er ástæða til að veita og meta kosti og galla þingræðisskipulagsins annars vegar og aðskilnaðar hins vegar án þess að hrapa að niðurstöðum.

Aðskilnaðurinn fæli í sér að framkvæmdavaldið yrði kosið sérstaklega og fengi umboð sitt beint frá þjóðinni en ekki Alþingi. Af slíku kerfi leiðir betra jafnvægi milli valdþátta og meiri dreifing valds. Að því leyti má halda fram að kerfisbreyting af því tagi væri til þess fallin að byggja upp traust á ný.

Helsti ágallinn er sá að þær aðstæður geta komið upp að stjórnkerfið verði ekki eins skilvirkt og æskilegt er talið. Framgangur mála ræðst þá af samkomulagi milli þings og ríkisstjórnar. Á móti kemur að í kerfi samsteypustjórna býr langvarandi samningaböf í stjórnarráðinu oft og tíðum að baki nýrri löggjöf.

Í aðskildu kerfi færu pólitískir samningar um framgang mála meir úr lokuðum herbergjum stjórnarráðsins í opnari farveg milli þings og ríkisstjórnar. Aðskilnaður gæti hugsanlega gert endurskipulagningu stjórnarráðsins auðveldari en ella. Fjöldi ráðherra-stóla er nú svo ríkur þáttur í stuðningi við ríkisstjórn á hverjum tíma að breytingar að óbreyttu kerfi verða erfiðar.

Hinu mega menn ekki gleyma að kerfisbreytingar upphefja ekki mannlegan breyskleika. Það er lifandi viðfangsefni hvers tíma að gefa þeim gildum svigrúm sem mikilvægust eru í mannlegum samskiptum jafnt í stjórnkerfinu sem annars staðar. En tíminn sem við lifum er tilefni til umhugsunar um þessi efni.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 miðlar ehf.

FRÉTTABLAÐIÐ: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTODARRITJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdóm verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Uppsprettan, miðstöð og vettvangur fyrir atvinnulaust fólk opnar föstudaginn 16. janúar í safnaðarheimili Hjallakirkju í Kópavogi og verður starfrækt virka daga frá kl. 9-12. Allir velkomnir.

Peir sem vilja aðstoða við verkefnið með námskeiðum eða fyrirlesturum eru beðnir að hafa samband við Guðrúnu Huldu í síma 893-3230 á milli kl. 9-13 eða Eddu í síma 896-1240 eftir kl. 17.

Uppsprettan – sjálfshjálparhópur

FRÁ DEGI TIL DAGS

Enn þá öflugur?

Háskóli Íslands hefur ákveðið að auka kennsluskilyrði prófessora og minnka rannsóknarskyldu þeirra. Þessi ráðstöfun er gerð í hagræðingarskyni og á að spara skólanum um 120 milljónir króna. Í samkeppni við aðra háskóla hér á landi hefur Háskóli Íslands lagt áherslu á þá sérstöðu að vera eini rannsóknaháskólinn hér á landi, það er í þeim skilningi að starfsmenn hafa rannsóknarskyldu að gegna. Á heimasíðu Háskóla Íslands stendur til dæmis: „Jafnframt er Háskóli Íslands öflugur rannsóknaháskóli á alþjóðlega vísu og hafa vísindamenn Háskólans hlotið fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar fyrir vísindastörf sín.“ Vonandi verður svo áfram.



Afdráttar- og hlutlaust

Vefþjóðviljinn hefur fengið sig fullsaddan af þeirri linkind sem „höpi öskrandi ungmenna“ er sýnd og kvartar undan því að fréttamenn kalli „skemmdarvargana“ aldrei annað en „mótmælendur“. Í sömu andrá lýsir hann yfir áhyggjum af þeim sem virðast halda að „hlutleysisskylda starfsmanna Ríkisútvarpsins, fréttamanna, dagskrárgerðarmanna og allra annarra, sé fallin niður“. Vefþjóðviljinn heimtar samsagt hlutleysi fréttamanna... það má bara vera aðeins meira afgerandi.

Hver var þá tilgangurinn?

Rætt var við Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur í fréttum RÚV í gær þar sem hún var spurð út í orð sem hún lét falla á borgarafundi á mánudag um að hún hafi fengið skilaboð frá ráðherra um að tala varlega. Ráðherrann reyndist vera Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Sigurbjörg og Ingibjörg eru góðar vinkonur og sagði Sigurbjörg að vináttu þeirra stæði óhöggðu eftir þetta. Um skilaboðin sagði hún: „Ég hef aldrei lítið á þetta sem hótun, þetta var fyrst og fremst aðvör.“ Þá vaknar spurningin: Til hvers var Sigurbjörg þá að segja frá þessu? bergsteinn@frettabladid.is



Ísland sem hindrunarhlaup

Saga Íslands er haftasaga og hindrana. Danir lögðu á fyrri tíð ýmsar hömlur á Íslendinga, neitudu þeim um fríverzlun og sjálfstæði. Íslendingar lögðu síðan sjálfir hverjir á aðra ýmis þrúgandi höft, einkum 1927-1960, og enn eimir eftir af þeim. Enn stendur blátt bann við fjárfestingu útlendinga í sjávarútvegi. Hagsmunahópar standa á bak við hömlurnar. Andstaðan gegn innngöngu Íslands í ESB er öðrum þræði eins og eftirdrunur frá fyrri tíð. Andstæðingarnir óttast margir erlenda samkeppni og vilja fá að halda áfram að rýja fólk í friði. Margir helztu andstæðingar aðildar að ESB stóðu einnig gegn innngöngunni í EFTA 1970 og aðildinni að EES 1994. Andstæðingar ESB-aðildar líta svo á, að stjórnarskráin leyfi ekki innngöngu Íslands í ESB. Um þetta atriði eru allir stjórnmálaflokkar á einu máli, og þá er vert að staldra við. Ég tel, að stjórnarskráin standi ekki í vegi fyrir aðild að ESB, samþykkt Alþingis myndi duga, en rétt væri samt að bera málið undir bindandi þjóðaratkvæði.



PORVALDUR GYLFASON Í DAG | Þarf að breyta stjórnarskránni?

sem veitir heimild til slíks framsals.“ Hér er einkum átt við ritgerð Ólafs Jóhannessonar prófessors í Tímariði löggjafingna 1962 án frekari skýringar. Þessi stjórnarskrárgrein var þó ekki talin standa í vegi fyrir aðild Íslands að EES 1994 þrátt fyrir víðtækt framsal fullveldis.

19. grein dönsku stjórnarskrárinnar er samhljóða 21. grein hjá okkur: „Forseti lýðveldisins gerir samninga við önnur ríki. Þó getur hann enga slíka samninga gert, ef þeir hafa í sér fölgandi afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins, nema samþykki Alþingis kómi til.“ Með öðrum orðum: samþykki Alþingis dugir til slíkrar samningsgerðar. Dönum þótti þetta ákvæði of rúmt, svo að þeir bættu við þingjandi ákvæði í 20. grein hjá sér, þar sem kveðið er á um aukinn þingmeirihluta líkt og í Noregi eða þjóðaratkvæði. Röð greinanna í dönsku stjórnarskránni sýnir, að 20. greinin er hugsuð sem þinging á heimildum 19. greinar, án skírskotunar til 3. greinar. Í þessu felst, að orðalag 19. greinar um samninga, sem „hafa í sér fölgandi afsal eða kvaðir á landi eða landhelgi eða ef þeir horfa til breytinga á stjórnarhögum ríkisins“, má túlka svo, að það taki til aðildar Danmerkur að ESB. Enda var innganga Dana í ESB 1972 talin heimil með skír-

skotun til 19. og 20. greinar og samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu 1972. Rúm tülkun á rökum Davíðs Þórs Björgvinssonar prófessors í riti hans EES-réttur og landsréttur (2006) samrýmist þessum lögskilningi.

21. greinin í stjórnarskrá Íslands veitir rýmri heimild til framsals á fullveldi en 19. og 20. greinar í dönsku stjórnarskránni. 20. greinin í dönsku stjórnarskránni þingir heimildina í 19. grein, en þó ekki meira en svo, að Danir gengu í ESB. Enga samsvarandi takmörkun á 21. grein er að finna í okkar stjórnarskrá. Hugmyndin um, að breyta þurfi stjórnarskránni, áður en gengið er inn í ESB, virðist fela í sér þá skoðun, að fyrst þurfi að þingja afsalsheimildina í 21. grein, en þó ekki meira en svo, að hægt sé að ganga í ESB. Orðalag 21. greinar má skilja sem heimild til framsals á valdi, úr því að annað er ekki tekið fram í stjórnarskránni. 21. greinin rýmkar því 2. grein um frískiptingu valds. Íslendingar hafa átt þess kost síðan 1953 að þingja afsalsheimildina í 21. grein að danski fyrirmynd, en það hefur ekki verið gert. Erfitt er að sjá, að þingjandi ákvæði, sem sumum finnst vanta á stjórnarskrána, geti staðið í vegi fyrir aðild að ESB. Væri þörf á rýmri afsalsheimild, þyrfti að breyta stjórnarskránni. En hér snýst málið um að þingja heimildina líkt og gert var í Danmörku, og þá þarf ekki að breyta stjórnarskránni, enda var henni ekki breytt fyrir EES-samninginn 1994. Hitt er annað mál, að stjórnarskráin þarfnast endurskoðunar af öðrum ástæðum. En saga stjórnarskrárinnar er sundurþykkisaga og illt til þess að hugsa, að andstæðingar ESB-aðildar misnoti nú stjórnarskrána til að reyna að koma fram vilja sínum gegn meirihlutavilja þjóðarinnar. Meira næst.

Skuldbreyting heimilanna

UMRÆÐAN

Páll Magnússon skrifar um lífskjör almennings

Stjórnmöldum hefur loksins skilist að Salmennningur lætur ekki lengur bjóða sér samtryggingu fjármála-kerfisins og fyrirskipuðu breytingar á stjórn nýju ríkisbankanna. Betra seint en aldrei. Stjórnmálamennirnir eru samt áfram fastir í gamaldags samtryggingarhugarfari þar sem þeir skipuðu bankaráðin pólitískt en ekki á faglegum grunni. Því miður bíða okkar erfiðir tímar sem geta leikið heimili og fyrirtæki grátt. Verðbólga hækkar skuldir í gegnum verðtryggð lán og gengisfall krónunnar veldur hækkan á afborgunum erlendra lána. Við þetta bætist að tekjur launafólks fara lækkanði. Af þessu leiðir að margir munu ekki geta staðið við skuldbindingar. Þess vegna þarf að lækka skuldir eða greiðslubyrði.

Bjóða þarf upp á greiðsluáðlögun þannig að afborganir af húsnæðislánum fari ekki upp fyrir tiltekið hlutfall heildartekna, t.d. 20-30%. Hluti af skuldunum er þá í skilum en almenningi er jafnframt gert kleift að standa undir rekstri heimila



PÁLL MAGNÚSSON

sinna. Sá hluti skuldanna, sem ekki er greitt af, verði frystur.

Ríkisstjórnin verður að tryggja að bankar og lífeyrissjóðir veiti svikalaust sömu aðstoð vegna greiðsluferðleika og Íbúðalánasjóður. Þessum tilmælum hefur ekki verið sinnt og þarf því væntanlega að hnykkja á því í lögum. Greiðsluferðleikaaðstoð Íbúðalánasjóðs felst í því að lán eru fryst til allt að þriggja ára, lánstíminn lengdur og vanskil færð í skuldabréf.

Loks verður að útfæra leið til skuldbreytingar á almennum húsnæðislánum þegar allar forsendur liggja fyrir, svo sem hvernig farið er með gjaldeyríslán, hvernig efnahagsreikningur nýju bankanna muni líta út og þar með styrkur þeirra og niðurstaða liggur fyrir um athugun Seðlabankans á áhrifum efnahagshrunsins á heimilinn. Stjórnmöld verða að lýsa yfir vilja til að afskrifa hluta af húsnæðislánum þeirra sem verst verða staddir þegar rykið sest. Annars er hætt á að fjölskyldur missi heimili sín og aleigu til banka og lífeyrissjóða. Gleygum því ekki að þessir sömu bankar og lífeyrissjóðir eru eign fólksins í landinu.

Höfundur er bæjarritari í Kópavogi og frambjóðandi til formanns Framsóknarflokksins.

Hollustan í fyrirrúmi



Spelt

Næringin í speltinu er í öllu korninu, allt frá hýði inn að kjarna. Þetta gerir það að verkum að fíntmalaða speltið inniheldur miklu meira af næringarefnum en t.d. venjulegt hvítt hveiti. Í fíntmalaða speltinu okkar hefur aðeins það allra grófasta af hýðinu verið sigtað frá og restin mjög fínt möluð. Þetta gerir það að verkum að lítið tapast af næringarefnum.

Speltið inniheldur mikið af góðri næringu, m.a. kalíum, magnesíum, kalk, járn, sink og fleirri stein- og snefilefni ásamt aminosýrum og vítamínum. Ekki þarf að B-vítamínbæta speltið því það inniheldur bæði B1, B2 og niasín.



Lífrænar hrískökur úr lífrænum hýðishrísgrjónum



20% afsláttur við kassa

Nýtt í Hagkaup



99 kr/stk. Verð áður 124.-

MS Frútína jóгурt 3 tegundir 175 g fitulítið og sykurmínna jóгурt



20% afsláttur við kassa

Minna Mál hrokkkex 3 tegundir hollur biti milli mála



Larabar hollustu stykki, gott milli mála



149 kr/stk. Verð áður 189.-

Toppur 2 lítra 3 tegundir án bragðefna, með sítrónu eða ávaxtabragði



20% afsláttur við kassa

Haframjöl hreint eða með eplum og kanil



20% afsláttur við kassa

Ávöxtur, hreinn safi með engum viðbættum sykri eða sætuefnum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



DeTox



20%
afsláttur
við kassa

DeTox

- Dregur úr uppþembu
- Hreinsar og afeitrar líkamann
- Losar fólk hnitmiðað við umframfitu
- Dregur úr vökvasöfnun
- Inniheldur einungis náttúruleg efni

20%
afsláttur
við kassa

Red og Blue Booster gefa þér orku og auka fitubrennslu á samátíma. 0% hitaeiningar!



Nýtt
í Hagkaup

20%
afsláttur
við kassa



20%
afsláttur
við kassa



30%
afsláttur
við kassa



Skorin jarðarber Berjablanda Jarðarber Ananas Kirsuber Bláber Hindber



Frosnir ávextir



GOTT VERÐ
169 kr/stk.

Euroshopper orkudrykkur enn meira koffín



20%
afsláttur
við kassa

Profitt vörur, prótein, vöðvabýgging og megrunarfæði sem kemur í stað tveggja máltíða á dag



20%
afsláttur
við kassa

Leppin næringardrykkur með vítámum og bætiefnum

Fánlegt í Skeifu, Smáralind, Kringlu og Holtagarðum



20%
afsláttur
við kassa

Weetabix, 2 tegundir



GOTT VERÐ
498 kr/stk.

Build-up, með súkkulaði-, jarðaberja- og vanillubragði



Nýtt
í Hagkaup

KYNNING
Arnar Grant og Ívar Guðmundsson kynna í Kringlunni á föstudag kl. 16-18

Hámark próteindrykkur, 25 gr prótein, 99 % fitulaus, einginn hvítur sykur

Gildir til 21. janúar eða á meðan birgðir endast.

Skeifa • Smáralind • Kringla • Holtagarðar • Spöng • Garðabær • Eiðistorg • Akureyri

TÍSKUVIKAN í Hong Kong stendur nú yfir. Í vikunni mátti meðal annars sjá þrjónafatnað kínverska fatahönnuðarins Coney Ko sem valdi saman svarta, hvíta, skærgræna og gráa liti og er útkoman smart og stílhrein.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



YOGA MEÐ ÁSTU

MORGUN • HÁDEGI • SÍÐDEGI
BYRJENDA NÁMSKEIÐ HEFST 19. JANÚÁR

Ásta Arnardóttir • 862 6098 • asta@this.is
Lótus jóga setur • www.this.is/asta

TILBOÐ VIKUNNAR



ÞÚ SPARAR 185.000kr

249.000kr
Fullt verð 434.000.-

Sófasett 3+1+1 DL634

Fáanlegt í Smáralind og Holtagörðum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL

- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Gunnhildur tekur sig glæsilega út í fallegri kápu sem keypt var í Whistles, sem var eitt sinn í Kringlunni. Skóna fékk hún á útsölumarkaði.

Elskar hvítu kápuna sína

Fatastíll Gunnhildar Jónsdóttur er kvenlegur en rósóttir kjólar, vel sniðnar yfirhafnir og smekklegt skótau er í uppáhaldi. Hún klæðir sig þó eftir tilefni og segist líka halda upp á íslensku lopapeysuna.

Gunnhildur Jónsdóttir starfar sem stuðningsfulltrúi í Öskjuhlíðarskóla og hefur vakið athygli fyrir fallegan klæðaburð. „Sumir nemendurnir spá töluvert í klæðaburðinn og hafa til dæmis orð á því ef ég mæti í buxum eða nýjum skóm,“ segir Gunnhildur brosandi en að eigin sögn er hún mikil kjólakona. „Ég er til dæmis mjög hrifin af blómakjólum og nota oft leggings. Hins vegar er ég líka mikill lopapeysuaðdáandi og skófkíll.“

Gunnhildur á um hundrað sköpör, bæði hælaskó og flatbotna.

Skórnir sem hún er í á myndinni fengust á skómarkaði. „Hann var í einhverri skemmu og kostuðu þeir einungis um fjögur þúsund krónur,“ segir hún. Kápuna fékk hún einnig á kostakjörum. „Hana fékk ég í þeirri mætu búð Whistles sem var eitt sinn í Kringlunni. Ég átti leið framhá og rak þá augun í kápuna á janúarútsölu og keypti hana og einn kjól,“ segir Gunnhildur og bætir við að hún hreinlega elski kápuna sína. „Hún er svo glæsileg og hlý, en þetta er sparikápa.“

Misjafnt er hvar Gunnhildur

kaupir fötin og segir hún að í raun skipti það ekki máli. „Ég kaupi bara það sem mér finnst flott, bæði nýtt og notað. Stundum fer ég í Kolaportið og kaupi fullt af kjólum,“ segir Gunnhildur einlæg og viðurkennir að hún hafi smekk fyrir gamaldags fötum.

„Mér þykir alltaf gaman að vera fín en hversdags er ég nú í þægilegri fötum, enda þýðir ekki annað í vinnunni. Siffonkjólar og hælaskór henta kannski ekki,“ segir hún kímín.

hrefna@frettabladid.is

BÍLKÓ

Þjónustumiðstöð bílsins

Smurþjónusta
15% afsláttur



Nýttu tækifærið, 15% afsláttur af smurvinnu.

Tilboð
á teflonbóni

Láttu okkur um þrífir
SÆKJUM & SENDUM



➤ Hjólbarðþjónusta
➤ Smurþjónusta

➤ Alþríf og teflon
➤ Bón

➤ Djúphreinsun
➤ Mössun

➤ Mössun
➤ Dekkjahótel

➤ Rafgeymar
➤ Perur

➤ Rúðuþurkur
➤ Bremsuklossar

➤ Sækjum og sendum
➤ Flestar stærðir dekkja á lager

BÍLKÓ Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:
alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI

Bílasalan BÍLFANG



Chevrolet Captiva Diesel 06/2007 sjálfstíptur 7 manna, ek 25 þ.km, 18" felgur, ný vetrardekk, ofl verð 3850 ákv 3150 skoða ýmis skipti.



Ford Explorer Anniversary 06/2002 ek 103 þ.km 7 manna, leður ofl verð 1490 ákv 900 ath ýmis skipti.



Subaru Legacy Wagon 01/2007 ek 54 þ.km sjálfsk, 17" felgur ofl verð 2980 ákv 2200 ath ýmis skipti

Bílasalan BÍLFANG Malarhöfða 2, 110 Rvk. Sími: 567 2000 www.bilfang.is



Enn óskum við eftir Hilux bífreiðum frá 50.000 krónur og uppi 650.000 krónur. Bensín eða Diesel skoðum bæði! Eru með kaupendur. Einnig óskum við líka eftir Land Cruiser 90 fyrir 700.000 krónur og minna og sömuleiðis Land Cruiser 60 1986 árg og yngri. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!



Óskum eftir Hiace bífreiðum frá árg 1990 til 2000. Helst Bensín en skoðum Diesel líka! 4WD eða 2WD skoðum bæði! Eru með kaupendur. Einnig óskum við eftir Corollu og Carinu árgerð 1997 og eldra. ATH erum að leita af bílum um ALLT LAND!

Toyota Selfossi Fossnes 14, 800 Selfoss
Sími: 480 8000
<http://www.toyotasefossi.is>

Þjónusta

Stendur þú í framkvæmdum?
Múrverk • Flísalögn • Trésmíði • Pípulögn • Rafilögn • Málun o.fl.
Alhliða byggingaþjónusta á einum stað.
Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi.
Strúctor byggingaþjónusta
Sími: 024 0150 / 024 0160

Arnarbílar

Vantar bifreiðar á skrá frá 0 til 2.000.000.-, Frí auglýsing í fréttablaðinu fylgir hverri skráningu
Arnarbílar
Sími: 567 2700

Arnarbílar ehf Malarhöfði 2, 110 Reykjavík
Sími: 567 2700
www.arnarbilur.is

100 bílar.is
CADILLAC SEVILLE STS, árg.2002, ek. 59þús.km, sjálfsk, leður, lúga, bakskynjarar, Vel búinn aukahlutum og flottur bíll!!! Asett verð 1890þús.kr!!!

100 bílar ehf Þverholt 6, 270 Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Bílasalan Bílís Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas.is

Bílar til útflutnings
Vantar bíla 2006 og yngri á öllum verðum Vinsamlega sendið upplýsingar á bilas@bilas.is Bílís Bílasala Akranes 431-2622/bilas.is

Bílasalan Bílís Akranes Smiðjuvöllum 17, 300 Akranes
Sími: 431 2622
www.bilas.is

Bílar til sölu

Baja 5B



Fjarstýrðir bensínbílar í úrvali. Tómsundahúsið, Nethyl 2, sími 5870600, www.tomstundahusid.is

Tómstundahúsið



100% lán Audi A3 Sportback 1.6 sjálfsk. 2005 ek. 26þ V. 2,5 millj. GSM 694 7411



Selst hæstbjóðanda!
Grand Cherokee TSi v8 með öllu. Ek. 100þ. '98, einn eigandi. Nýsk. S. 896 1976

Sumaru Legacy Outback. 2,5 vél. árg. '97. Smá skemmdur að framan. Loftþúðar komnir út, en nýjar bremsur að framan og aftan og ný olía. Ný loft-ræsting. Heilsársdekk á álfelgum. V. 80 þ. S. 897 4399.

Subaru Legacy st. '95 sk. '09. Ssk. Álf. Öryðgaður, eins og nýr! Dráttarkr., falllegur og góður bíll. S. 896 8568.

Yfirtaka og 200.000.- í peningum fylgir. Nissan Micra 2004, 4 dyra. Allur nýtekinn í gegan umboði. uppl.8241450 Stefán

Daihatsu til sölu. árg. '00. Ek. 108þ. km. Skoðaður '09. Listav. 390þ. fæst á 250þ. Stgr. Uppl. í s. 617 7223 & 566 7960.

0-250 þús.
Ódýr fj-bíll!!! Ford Mercury mini-wagon '94 ssk, ný sk. Ást. gott. V 95þ. Accent '98 V 90þ. S.844 6609

250-499 þús.
Til sölu Kia Sportage árg. 2000 ekin 83þ. Skoð 09. Sumar/vetrard. Krókur. Verð 350.000. Uppl. í s. 899-1892



Óska eftir skoðuðum og vel með förmum bíl helst station vörhugmynd 200 til 300 þús. uppl í síma 8940608 eða 5670608

Bílar óskast
!! ÓSKA EFTIR BÍL !!
Fyrir allt að 70þús. staðgreitt, má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s 894 6383.

Óska eftir vw bjólpu árg 65-75. helst gangfær. s: 8660904 jón bóndi

Jeppar
Til leigu 4 herb íb Skugga 101R, svalir, bílsk. 150þ mán+hússj. m/hita. S8249098

Par með barn og hunda óska eftir íbúð á Höfuðborgarsvæðinu. Reglusöm og ábyrg. Gr.geta 70-120þús langtímaleiga og samningur. uppl.í síma 892-4204

Vörubílar
Vélafloti fyrir krókheysi óskast. Sími 892 7512.

Vespur
SPARAÐU BENJÍN ! NOTAÐU FJARSTÝRÐANN RAFMAGNSBÍL FRÁ VDO. VDO BORGARTÚN 36 588 9747 www.vdo.is



Fjórhjól
Can-Am Renegade 800 götuskráð, árg 2007, ekin 86 tíma, 4x4, hátt og látt drif, bakk, dráttarkúla, geggað leiktæki, verð: 1.490.000.- áhv lán 1.430.000.-, Frekari uppl. gefa sölumenn í síma: 563 4400. Mótormax Kletthálsi 13.




Bilapartar ehf S. 587 7659
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is



Bilapartar ehf S. 587 7659
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Vélsleðar



Ski-Doo Summit 800X 144, árg 2003, ekin 9000km, ýmis aukabúnaður, tilboðsverð 590.000.- allar uppl hjá sölumönnum Mótormax, s: 563-4400, kletthálsi 13.



Polaris ProX 440 2004 Keppnisleði Settur upp fyrir 98 okt bensín. Verð 590.000 Tilboð 490.000.- Frekari uppl. gefa sölumenn í síma: 563 4400. Mótormax Kletthálsi 13.



Ski-Doo Summit X-RS 800 2007. Rafstart og bakkgrj og ýmis aukabúnaður. Belti: 16"x151"2,25" Verð 1.450.000. Tilboð 1.250.000.- Frekari uppl. gefa sölumenn í síma: 563 4400. Mótormax Kletthálsi 13.

Vinnuvélar



Fjölplógar
Aflvélar ehf www.aflvelar.is S: 480-0000

Hjólbarðar

TILBOÐ Á JEPPEDEKKJUM GENERAL AMERITRAC TR



31x10,5R15 verð 18.750.-
245/75 R16 verð 18.250.-
255/70 R16 verð 18.850.-
285/75 R16 verð 22.450.-
305/70 R16 verð 20.950.-
245/70 R17 verð 23.650.-
Takkamál vegna Vins. Einn ml

Gylfaliót 3 - 112 Reykjavík
Sími 567 4468
GENERAL TIRE

Varahlutir

Er að rífa Sunny 4x4 sedan twin cam árg. '92. Accent árg. '95. Impreza árg. '97. S. 896 8568.

Bíllutur, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Renault Megané '97-'08 Mazda 626 '97-'02 Cadillac Seville '93-'02
Vélar, girkassar, sjálfstípting, boddylutur, felgur, innréttingar, airbag ofl. S. 772 6777 & 824 1919.

Bílábúíð partasala S. 617 3706
Notaðir varahlutir í: Yaris, Octavia, Golf, Bora, Polo, Carvella/Transporter, Passat, Audi A3. Tökum að okkur viðgerðir, kaupum bíla til niðurrifs.



Bilapartar ehf S. 587 7659
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Viðgerðir

Ódýrari bilaviðgerðir
Allar almennar bilaviðgerðir.
Ég hef verið vondaufur undanfarnar vikur, lesið greinar, fylgst með umræðum, mætt á Austurvöll, glaðst yfir nýjum röddum, nýju afli, kraftinum sem hrúnið leysti úr læðingi. En nú hefur almenningur hrópað árangurslaust á breytingar í fjóra mánuði. Þið eruð ekki þjóðin, segir Ingibjörg Sólrún, byltingarkonan sem valdið virðist hafa eyðilagt, og Geir H. Haarde hlustar ekki einfaldlega vegna þess að hann kann ekki að hlusta. Geir er afsprengi þess flokksræðis sem við höfum búið við, líklega allar götur frá stofnun lýðveldis. Geir er sjálfsagt vænsti maður, en stjórnmalamaðurinn Geir H. Haarde stendur í vegi fyrir okkur, hann stendur í vegi fyrir



JÓN KALMAN STEFÁNSSON

breytingunum, hinu nýja afli sem er að rísa upp úr þjóðardjúpinu. Og strangt til tekið er rangt af mér að kalla Geir stjórnmalamaðmann; hann er valdsmaður. Ófáir stjórnmalamenn á Íslandi, og einkum þeir sem hafa komist til umtalsverða áhrifa, hafa ósjálfrátt farið að líta á sig sem valdsmenn, menn valdsins; valdið tilheyrir þeim, ekki fólkinu. Hér stjórnna ráðherrar, ekki Alþingi. Og við, hinn almenni maður, höfum

ekkert um ákvarðanir þeirra að segja. Þeir ákveða að styðja innrás í Írak, þeir ákveða að gefa útvöldum aðilum auðlindir hafnsins, og síðan bankana, þeir ákveða að leggja niður spítala, og gæla við að einkavæða þá. Við stöndum niðri Austurvelli, sitjum á borgarafundi í Háskólabíói, hrópum og óskrum og mótmælum en það hefur nákvæmlega ekkert að segja. „Sjálftæðismenn hafa ekki áhuga á pólitík“, sagði Hannes Hólmsteinn Gissurason, stjórnmalafraeðingur; „Sjálftæðismenn eru menn sem vilja græða á daginn og grilla á kvöldin.“

Og þannig vill Geir H. Haarde hafa okkur. Geir og valdafélagar hans. Ingibjörg og Björn, Össur og Guðlaugur, Valgerður og Siv. Þau vilja að við séum þæg. Þau vilja að við vinnum á daginn, förum síðan heim að borða, og séum áhugalaus um pólitík. Láti þau um sviðið. Og völdin. Þau kæra sig ekki um trúföllun. Rísi þjóðin upp, eins og hún hefur verið að gera, slá þau skjaldborg um valdið. Ég hef mætt niður á Austurvöll, lesið greinar, horft eða hlustað á umræðubætti, talað við fólk og

alls staðar fundið fyrir þessu nýja, mikla afli sem hrópar á breytingar, á nýja tíma. Ég hef glaðst yfir þessu, hrifist en síðan litið á fyrirstöðuna, Geir, Ingibjörgu og allt sem þau skýla: Davíð Oddssyni, siðspilltum peningamönnum, vanhæfum stjórnmalamönnum - og fyllst vonleysi. Stjórnvöld reyna að halda þjóðarkraftinum niðri og þess vegna þurfum við að koma þeim frá, með öllum tiltækum ráðum. Friðsamlega - ef hægt er.

Að undanfögnu hafa nokkrir einstaklingar bent okkur á þá einföldu staðreynd að ein af stóru ástæðunum fyrir hrúninu, vaxandi atvinnuleysi, gjaldþroti fyrirtækja og einstaklinga og stigvaxandi vonleysi, sé sú að lýðræðið hafi gengið sér til húðar, kerfið virkar ekki, það er ónýtt; þar liggja meinsæmdin. Hér sé flokksræði, ekki lýðræði, ráðherravald og áhrifalaus Alþingi. Sífellt fleiri tala nú um að á árunum 1944 - 2009 hafi Fyrsta lýðræði Íslands verið við lýði; en á þessu ári verði Annað lýðveldi Íslands að hefjast. Að eina leiðin út úr ógöngunum sé að endurskoða stjórnarskrána frá grunni, umbylta henni, auka áhrif Alþingis, auka áhrif fólksins. Þetta virðast í fyrsta augnakasti róttækar tillögur, en þær eru ekki róttækar, bara lífsnauðsynlegar. Ef við ætlum að rísa sem sjálftæð sterk þjóð upp úr rústunum, þá verðum við að byggja upp á nýtt. Og frumskilyrðið er að koma fyrirstöðunni frá, stjórnvöldum sem vilja svo gjarnan að við höldum kjafti og látum þau alfaríð um björgunaraðgerðir. Höldum kjafti og kjósum framboðslistana þeirra á fjögurra ára fresti. Það er þeirra hugmynd um lýðræðið, og

þannig er Fyrsta lýðræði Íslands. Nú þarf að breyta því. Allir verða að taka afstöðu. Það má enginn standa til hliðar. Þetta eru hvörf-in. Hver manneskja verður að gera upp við sig hvernig þjóðfélagi hún kys að búa í, og skapa niðjum sínum. Sækest hún eftir þjóðfélagi klíkuskapar, ójafnaðar, flokksræðis og ráðherravalds, þá tekur hún ekki þátt í neinu. Hún mætir ekki á Austurvöll, fer aldrei á borgarafund, hún styður rákjandi ástand með því að sitja heima. Hún sættir sig við að fjárlæfing komist undan með milljarða sína, sumarhallir, lúxusbúðir í útlöndum, snekkjur og einkaþotur. Lýsir því yfir að hún treysti þeim stjórnvöldum, og því lýðræðiskerfi sem keyrðu okkur í kaf, fyrir framtíð sinni. Hún lýsir því yfir að ekkert eigi að breytast. En þeir sem vilja breytingar verða hins vegar að sýna það í verki, það er ekki lengur hægt að víkja sér undan, ekki í þetta sinn, ekki núna. Það er borgaraleg skylda okkar að rísa upp. Og það er hægt að gera það með ýmsum hætti. Skrifa í blöðin. Mæta á borgarafundi, á mótmælafundina á Austurvelli. Grýta eggjum. Hver manneskja velur sína leið. En hún verður að velja. Hún verður að gera eitthvað. Það er eina mögulega leiðin að þrýsta á breytingar. Það er eina leiðin að réttlætinu. Við verðum að rísa upp, í tugþúsundatali; þrjátíu, fjórutíu þúsund manns verða að mæta á Austurvöll og hrópa á nýtt Ísland. Ekki uppstokkun ráðherra, ekki neinn fjandans kattarpvott heldur umbyltingu. Nýtt lýðveldi - Annað lýðveldi Íslands.

Höfundur er rithöfundur.

ÞORRI



Þorri landsmanna vill holla næringu og það strax í dag!

Gæðafiskur bitafiskur og harðfiskur kemur þar ferskur inn.

Sölustaðir

Tíu-ellefu, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag Héraðsbúa, Kaupfélag V-Húnnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Heilsubúð Náttúrulækningafélags Íslands.

GÆÐAFISKUR
NÆRING OG HOLLUSTA

„Ráðherrar sömdu spurningar“

UMRÆÐAN

Ólafur Sigurðsson skrifar um vinnubrögð fréttamanna



ÓLAFUR SIGURÐSSON

Menn muna nú þegar Ríkissjónvarpið var hér eitt á markaðnum og ráðherrar sömdu spurningar fyrir fréttamennina. Þetta sagði Sigurður Kári Kristjánsson alþingismaður í úrvarpsþættinum Í bitu á Bylgjunni, 17. desember síðastliðinn. Þessi orð lét hann falla þegar hann skýrði frá því að hann væri að fjalla um það í menntamálanefnd Alþingis að takmarka auglýsingar í Sjónvarpinu.

Ég tel ástæðu til að hrekja þessa staðhæfingu, vegna þess að hún er áráð á starfsheiður allra þeirra fréttamanna, sem störfuðu hjá Sjónvarpinu frá því að það var stofnað 1966, þar til Stöð 2 var stofnuð 1986 og Sjónvarpið ekki lengur „eitt á markaðnum“.

Þessi staðhæfing Sigurðar Kára felur í sér að allir þessir fréttamenn hafi verið þær undirlægjur að láta stjórnmalamenn ráða því um hvað þeir væru spurðir. Þetta gefur í skyn að við höfum ekki haft kjark til að standa í fæturna frammi fyrir valdhöfum landsins og spyrja þá þeirra spurninga, sem við töldum þurfa, þó óþægilegar kynnu að vera.

Þessar ásakanir í garð okkar fréttamanna voru einnig settar fram í háttíðardagskrá í tilefni af 40 ára afmæli sjónvarpsins 2006. Þá var það Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Eiður Guðnason sendiherra bar þennan áburð til baka í grein í tímaritinu Þjóðlífi, þar sem hann fjallaði um fyrstu ár Sjónvarpsins.

Það er einkennilegt að þeir Sigurður Kári og Ólafur Ragnar skuli segja þetta, því að það hittir þá sjálfa fyrir sem stjórnmalamenn. Með þessu saka þeir sína líka um að hafa vitandi vits komið í veg fyrir opna lýðræðislega umræðu í þjóðfélaginu.

Strax eftir að Sjónvarpið hóf göngu sína varð það einn helsti vettvangur stjórnmalumræðu og er það enn. Stjórnmalamenn voru fljóttir að tileinka sér þennan nýjan miðil og samskipti fréttamanna við þá urðu mikil, bæði í fréttum og umræðubáttum. Í ljósi þess verður það að teljast bæði athyglisvert og lofsvert, að stjórnmalamenn létu okkur fréttamenn í friði með fréttat-

flutning. Ég var aldrei beittur þrýstingi eða hótunum eða boðum um einhver gæði af stjórnmalamanni, til að hafa áhrif á minn fréttatflutning. Ég veit að samstarfsmenn mínir hafa sömu sögu að segja. Ég tel að stjórnmalamenn eigi að njóta sannmælis í þessu máli. Stjórnmalamenn höfðu hins vegar oft afskipti af fjármálum og annarri stjórn stofnunarinnar. Til að ganga úr skugga um að þessi áburður þeirra Ólafs Ragnars og Sigurðar Kára sé rangur hafði ég samband við alla þá fréttamenn, sem til náðist og störfuðu hjá Sjónvarpinu frá stofnun, „þegar Ríkissjónvarpið var hér eitt á markaðnum“.

Fyrst talaði ég við þá Magnús Bjarnfreðsson og Markús Örn Antonsson, fyrstu fréttamennina, og hvorugur kannaðist við að hafa tekið við spurningum eða öðrum fyrirmælum frá stjórnmalamönnum. Enginn hinna kannast heldur við þetta og hér eru nöfnin í stafrófsröð:

Bogi Ágústsson, Eiður Guðnason, Guðjón Einarsson, Helgi E. Helgason, Ingvi Hrafn Jónsson, Jón Hákon Magnússon, Magnús Bjarnfreðsson, Markús Örn Antonsson, Ólafur Sigurðsson, Ómar Ragnarsson, Sigrún Stefánsdóttir, Sigurveig Jónsdóttir, Sonja Diego, Svala Thorlacius og Ógmundur Jónsson.

Allir þessir menn segja einum rómi að þeir Ólafur Ragnar og Sigurður Kári fari með rangt mál. Þeir hafa báðir aðgang að símaskrá og hefðu getað hringt í hvert okkar sem er og komist að hinu sanna, en gerðu það ekki. Við sem í hlut eigum viljum hafa það sem sannara reynist. Ekki þætti mér óeðlilegt að þeir stjórnmalamenn, sem þeir félagar hafa fyrir rangri sök, svöruðu fyrir sig sjálfir.

Að lokum er það umhugsunarefni hvernig Sigurður Kári og sex aðrir þingmenn í menntamálanefnd eyða sínum tíma, þegar menntakerfið er að hrúni komið vegna fjármálakreppu. Sigurður Kári sagði í sama úrvarpsþætti: „Við ætlum að sitja núna frá hálf níu til tólf og fjalla einmitt um þetta auglýsingamál...“ sem sé hvernig draga megi úr auglýsingatekjum Sjónvarpsins til ágóða fyrir aðrar sjónvarpsstöðvar.

Höfundur er fyrrverandi varafréttastjóri Sjónvarps.

BENTU Í AUSTUR, BENTU Í VESTUR...

sófasett skápar
stólar skrifborð
skemlar skólatöskur
skeiðar snuð skæri
barnaföt sparibaukar
blýantar bækur
bakpokar blómavasar
borðstofuborð baðspeglar
barnastólar

30-90% afsláttur



Okkar elskulegi eiginmaður, faðir, sonur, bróðir og mágur,

Sverrir Heiðar Júlíusson

Túngötu 6, Hvanneyri,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans mánudaginn 12. janúar sl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 21. janúar kl. 14.00.

Emma Heiðrún Birgisdóttir
Álfheiður Sverrisdóttir
Birgir Þór Sverrisson
Anna Soffía Sverrisdóttir
Ragnheiður Júlíusdóttir

Pétur Ólafsson



Amma mín, móðir okkar og tengdamóðir,

Sigrún Sigtryggsdóttir

áður til heimilis að Byggðavegi 84, Akureyri,

verður jarðsöngin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. janúar kl. 10.30.

Sigrún Einarsdóttir
Þórunn Bergþórsdóttir
Stefán F. Bergþórsson
Anna Sigríður Tebbetts
Hildur Bergþórsdóttir
og aðrir aðstandendur.

Eggert Pálsson

David Tebbetts

Magnús H. Ólafsson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Harald M. Isaksen

rafvirkjameistari, Blásólum 13, Kópavogi,

verður jarðsöngin frá Digraneskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartaheill.

Ingibjörg Þorgrímsdóttir
Guðbjörg Conner
Hagerup Isaksen

Guðríður Helga

Benediktsdóttir

Steinþór Haraldsson

Kristín Erla Gústafsdóttir

Ágúst H. Sigurðsson

Kolbrún A. Sigurðardóttir

Guðríður H. Haraldsdóttir
Þorgrímur Isaksen
Margrét Haraldsdóttir
Harald H. Isaksen
afabörn og langafabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Lovísa Anna Árnadóttir

frá Húnakoti, Þykkvabæ,

verður jarðsöngin frá Þykkvabæjarkirkju, Þykkvabæ, laugardaginn 17. janúar kl. 13.30. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Þykkvabæjarkirkju.

Fyrir hönd aðstandenda,

Árni Óskarsson
Gísli Garðar Óskarsson
Katrín Óskarsdóttir
Margrét Auður Óskarsdóttir

Guðmunda Sigurðardóttir
Sigrún Ósk Bjarnadóttir
Gunnar Alexandersson
Pétur Kúld



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elín Sæmundsdóttir

Borgarholtsbraut 62, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 10. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Grimur Guðmundsson

Jón Elvar
Guðmundur Grímsson
Finnur Grímsson
Elín Grímsdóttir

Sigríður Markúsdóttir

Hrafnhildur Proppé

Þórunn Hafsteinsdóttir

Jón Bjarni Gunnarsson

barnabörn og barnabarnabörn.

MARTIN LUTHER KING FÆDD-
IST PENNAN DAG ÁRIÐ 1929 Í
ATLANTA Í GEORGIU.

„Sá sem á ekkert sem hann er tilbúinn að deyja fyrir á heldur ekkert til að lifa fyrir.“

King sem var ötull baráttumaður fyrir réttindum svartra í Bandaríkjunum var ráðinn af dögum 4. apríl 1968 í Memphis í Tennessee.



ÞETTA GERÐIST: 15. JANÚAR 2007

Byrginu í Grímsnesi lokað

Byrgið var íslenskt meðferðarheimili sem starfa átti á kristilegum grunni og var ætlað fyrir heimilislausu vímuefnafíkla, spílafíkla og fólk með ýmiss konar persónuleikaraskanir. Meðferðin átti að hjálpa fólki að öðlast betra líf. Byrgið stóð einnig fyrir forvarnarstarfsemi og ráðgjöf fyrir fíkla.

Forstöðumaður Byrgisins var Guðmundur Jónsson en hann vék tíma- bundið úr starfi í desember 2006 eftir sýningu fréttaskýringarþáttarins Kompáss 17. desember sama ár, en þar var sagt frá rannsókn á málefnum Byrgisins á vegum þáttarins sem stað- ið hafði yfir í þrjú mánuði. Kom þar í ljós ýmiss konar misferli í tengslum við skjólstæðinga Byrgisins og fjármál meðferðarheimilisins.



Byrginu var loks lokað 15. janúar árið 2007 eftir að Ríkisendurskoðun birti niðurstöður úttektar sinnar. Úttektin leiddi í ljós að bókhald Byrgisins væri í ólagi og að ríkissaksóknara bæri að taka málið til umfjöllunar. Ekki var gerð nægjanleg grein fyrir fjölmörgum útgjöldum Byrgisins auk þess sem fjármunir þess voru notaðir af starfsmönnum til einkaneyslu. Sama dag og Byrginu var lokað kærði önnur kona Guðmund Jónsson fyrir kynferðislega misbeitingu. Fleiri kærur komu síðar.

tímamót

timamot@frettabladid.is

EINAR PÁLL TAMIMI LÖGFRÆÐINGUR: ER FERTUGUR Í DAG

Augun opin fyrir tækifærum

„Mér finnst ég batna sem persóna með hverju árinu sem líður. Maður verður heilsteypari og þroskaðri og lærir af mistökunum,“ segir Einar Páll Tamimi lögfræðingur, sem er fertugur í dag. Afmælið mun Einar Páll upplifa í kyrrþey en hann hyggst hins vegar gera sér dagamun með nánustu fjölskyldu og vinum á föstudaginn. „Þá held ég upp á fjörutíu ára og eins dags afmælið mitt,“ segir hann íhugull. „Samkvæmt tölfraði um lífslíkur þá er ég akkúrat hálfnaður á þeirri leið þannig nú er til-efni til að gera sér dagamun.“

Spurður um hvað stendur upp úr verður Einar Páll hugsi. „Þótt þessi 40 ár hafi líðið hratt virðist þetta nokkuð langur tími þegar lítið er til þess sem gerst hefur. Að hafa eignast tvö stórkostleg börn stendur náttúrulega upp úr, þótt auðvitað sé engin ástæða til að útiloka að þau geti orðið fleiri í framtíðinni hjá manni á besta aldri,“ segir hann og hlær. „Síðan hefur mér gefist tækifæri til að búa víða í heiminum en fyrir utan Ísland þá hef ég búið í Finnlandi, Bandaríkjunum, Japan og Belgíu, en hef auk þess heimsótt fjölmörg lönd í flestum heimsálfum.“ Ástæður tíðra flutninga hafa að sögn Einars Páls bæði tengst námi og störfum.

Drátt fyrir viðburðaríka ævi hefur Einar Páll ekki verið gefinn fyrir að setja sér aldurstengd markmið. „Ég vil frekar grípa þau tækifæri sem gefast. Ef menn einblína of mikið á markmið sem sett eru löngu áður en þau eiga að nást þá eru þeir kannski að loka augunum fyrir öðrum og skemmtilegri tækifærum sem kunna að opnast á leiðinni. Ég hef því frekar viljað vera opinn fyrir því sem lífið hefur upp á að bjóða á hverjum tíma þó svo ég hafi sett mér ýmis markmið til skemmri tíma,“ við-urkennir hann og nefnir nýjasta viðfangsefnið. „Markmið þessa árs er að bæta maraþontímann og hlaupa Laugavegin.“

Einar Páll hefur gaman af íþróttum og er að eigin sögn ofstækisfullur knattspyrnuaðáandi. „Á það sérstaklega við þegar kemur að Manchester United og hef ég til dæmis ferðast um höf og lönd til að sjá líðið keppa. Fyrst við vorum að tala um hluti sem standa upp úr þá má ekki sleppa úrslitaleiknum í meistara- eildinni í Moskvu í fyrra þar sem mitt lið vann Chelsea. Það var ótrú-
legt!“



BATNAR MEÐ ALDRINUM
Einar Páll Tamimi telur sig hafa þroskast og batnað með aldrinum og hlakkar til að takast á við næstu fjörutíu árin.

Nýtt áhugamál frá því í haust er formennska í Meistararáðsráði kvenna í fótbolta í Stjórnunni. „Þar höfum við sett markmið hátt og ætlum að reyna að gera lið að meistarum innan fárra ára,“ segir hann kappsamur.

Einar Páll situr sjaldnast auðum höndum og þessa dagana vinnur hann að doktorsritgerð auk þess að vera sjálfstætt starfandi lögmaður og stunda- kennari við Háskólann í Reykjavík. „Fram að byrjun október var allt í mjög

góðu jafnvægi en síðan breyttist ýmislegt og doktorsritgerðin hefur mátt sitja á hakanum. En svo skemmtilega vill til að fyrstu kennslustundina mína í HR í tvö ár ber upp á afmælisdaginn minn. Því má segja að ég haldi upp á afmælið með því að kenna alþjóðlega fjármagns- markaði, sem menn velta reyndar fyrir sér hvort að séu til lengur,“ segir hann kíminn og bætir við að umræður verði eflaust mjög líflegar í tímunum í vetur.

hrefna@frettabladid.is



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Björgvin Josteinnsson

kennara

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki deildar L-4, Landspítala, Landakoti.

Guðrún Steingrimsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Ingi Steinn Björgvinnsson
Dagný Björgvinsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
og barnabörn

Vera Buus Nielsen

Jóhann S. Bogason

Brjánn Ingason



Elsku mamma okkar, tengdamamma og amma,

Ólöf Erla Kristinsdóttir

lést föstudaginn 9. janúar. Útför hennar fer fram frá Neskirkju föstudaginn 16. janúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Líknardeild LSH, Kópavogi, s. 543 1159.

Laufey Erla Jóhannesdóttir
Arndís Birna Jóhannesdóttir
Kristinn Örn Jóhannesson
Þórhildur Ýr Jóhannesdóttir
og barnabörn.

Hannes Sigurðsson

Guðmundur Þ. Guðmundsson

Svanbjörg H. Einarsdóttir

Pétur Davíðsson

ÚTSALA

30-90% afsláttur
Mögnuð útsala hefst í dag
í Holtagörðum



PEANNA
Húsgögn

habitat



Eymundsson

STUB
BASM
IDJAN

50-90%
AFSLÁTTUR



30-50%
AFSLÁTTUR

30-50% afsláttur af öllum vörum*
Húsgögn, smávara, barna- og meðgöngufatnaður.
*nema Bugaboo



Opnunartími
mán. - fös. 10-19 lau. 10-18 sun. 13-18

HOLTAGARÐAR
Ein frábær ferð



Nordplus styrkir menntasamstarf á öllum skólastigum

Næsti umsóknarfrestur í Nordplus er 2. mars 2009. Athygli er vakin á því að aðeins er sótt um einu sinni á ári.

Nordplus veitir styrki til ýmis konar samvinnu á sviði menntamála á Norðurlöndum og Eystarasaltíkjum.

Styrkir til verkefna á Norðurlöndum og Eystarasaltíkjum:

Nordplus Horizontal:

- Styrkir til verkefna sem tengja saman aðrar undirátlanir Nordplus.

Nordplus Junior:

- Styrkir á sviði leik-, grunn- og framhaldsskóla.
- Sjá einnig Nordplus Nordiske Sprog og Kultur.

Nordplus fyrir háskólastigið:

- Styrkir til að efla samvinnu og samstarf háskóla.

Nordplus Voksen:

- Styrkir á sviði fullorðinsfræðslu.

Styrkir til verkefna á Norðurlöndum:

Nordplus Nordiske Sprog og Kultur

- Styrkir til verkefna á sviði norrænna mála
- Einnig styrkir til skólaheimsóknna með það að markmiði að styrkja málskilning, málkunnáttu og menningarvitund nemenda og kennara.

Nánari upplýsingar á:

www.nordplus.is

Landskrifstofa Nordplus
Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins
Háskólatorgi, 101 Reykjavík, 525 4311

Útsalan hefst í dag. Allt að 50% afsláttur.

MC PLANET ⁺

Austurhrauni 3
210 Garðabær
S. 533 3805



Grænt uppeldi

NOKKUR ORÐ
Sigríður Björg Tómasdóttir

Ég hef sjaldan orðið jafn hissa og þegar ég dvaldist hjá svissneskri fjölskyldu á níunda áratugnum og sá að þau flokkuðu vandlega ruslið hjá sér. Lífrænn úrgangur fór í safnhaug í garðinum, gler á einn stað, pappír annan og þar fram eftir götunum. Þá var orðið umhverfisvænt hreinlega ekki til á íslensku held ég. Að minnsta kosti var engin umræða um slík mál og við komin miklu styttra en evrópskir nágrannar okkar.

Nú, tuttugu árum síðar, erum við sem betur fer orðin aðeins meðvitaðri, en þó þykir mér ekki góð þjónusta við þá íbúa Reykjavíkur sem vilja vera umhverfisvænir en hafa kannski ekki aðstöðu til þess að vera með margar ruslafötur í eldhúsinu. Í mínu næsta nágrenni eru til dæmis engar ruslafötur fyrir flokkad rusl, og á þeim stað sem næstur er er einungis hægt að skila pappír og mjólkurförnum. Engar fötur fyrir

glerlát, sem töluvert fellur til af á venjulegu heimili. Þegar ég bjó í Kaupmannahöfn var ætíð stutt að rölta í slíkar tunnur sem gerði allt flokkunarstarf heimilisins auðveldara. Það er auðvitað hægt að fá sér sérstakar ruslatunnur og borga fyrir en það er ekki sama þjónustan.

Þó að ég standi mig sæmilega í endurvinnslu þá gæti ég verið betri og held að sama eigi við um ansi marga. Held að börnin okkar verði betri í umgengni við umhverfi og náttúru ef við sýnum gott for-dæmi. Þar undir flokkast auk endurvinnslunnar að sanka ekki að sér óþarfa drasli og dóti. Að mörgu leyti er erfitt að standa við þetta þegar maður á börn sem fá endalastaót. Til mótvægis má hafa í heiðri góðan íslenskan sið sem er að láta barnaföt og ýmislegt er tilheyrir smábörnum, ganga á milli fjölskyldna, endurnýta það með öðrum orðum.



myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







ath. kl. 22.45

Endursýning á RUV á Albúm, fyrsta þættinum í nýrri danskri dramaseríu sem byggir á skáldsögu eftir Benn Q. Holm sem kom út árið 2002. Albúm er eins og safn svipmynda úr sögu þriggja fjölskyldna. Það er líkt og flett sé í myndaalbúmi og staldrað við myndir sem okkur langar að skoða. Fjölskyldurnar þrjár þekkjast í rauninni ekkert en þær hafa áhrif á líf hver annarrar á árunum frá 1970 til 2000.

menning

menning@frettabladid.is

Fyrsta sýning ið

„Hvað er svona lagað kallað á tæknimáli? Samþjappað rusl? Baggar. Sorpa framleiðir um það bil 239 bagga á degi hverjum. Það er samdráttur úr 350 frá september 2008. Er þeim þá bætt við urðunarhauginn samdægurs? Já, eða strax næsta dag. Drifum í þessu. Baggi númer 1. Þyngd: um það bil 943,5 kíló, jafngildi 1,04 líftönn (bandarískt tonn). Mál: 101, 3x100, 9x110 sentimetrar. Ég sé að baggarnir eru reyrdir saman með tíu vírum. Mælieiningin á milli tveggja víra er þá 94,35 kíló.“

Fyrsta sýning galleríis ið á hrunárinu er á rusli, böggudu rusli. Hrafnkell Sigurðsson myndlistarmaður hefur áður gert spegluð myndverk úr fagurlegri áferð ruslahauga sem kalla á áhorfand-



HRAFNKELL SIGURÐSSON
Myndlistarmaður.

ann eins og samansafn af litskrúðugum tónum slegætisbréfum, og nú notar hann umbúðir í skúlptúra sem eru baggaður úrgangur. Lyktin venst segir myndlistarmaðurinn í textanum sem vitnað er til hér að framan sem er samtal hans um verkin á sýningunni sem hann átti við Shaunu Laurel Jones: Lyktin er vond en hún venst. Þetta skilur þú eftir þig, lesandi góður.

Hrafnkell hefur á liðnu ári átt góða spretti víða og vekur jafnan athygli, hvort sem hann skreytir símaskrá eða kallar til karla í vinnufötum í þéttanans eins og sjá mátti í verki hans á síðustu listahátíð.

Sýningin í galleríi ið er opin frá 11-17 þriðjudag til föstudags og laugardaga 13-17.



TÓNLIST Trio Nordica: Bryndís, Mona og Auður.

Kvennagrúppa spilar

Kvennagrúppan Trio Nordica hefur um fimmtán ára skeið haldið saman og spilað margbreytilega tónlist fyrir landann og erlenda áheyrendur, tekið upp hljómplötur og gefið út. Á sunnudaginn koma þær fram á tónleikum Kammermúsíklúbbsins í Bústaðakirkju.

Á efniðskránni hjá þeim stöllum eru þrjú verk, sitt úr hverri áttinni: píanótíró í f-moll eftir Dvorák, tríó eftir Henze og píanótíró eftir Taneyev. Er um frumflutning að ræða á tríói Taneyevs hér á landi, en tríóið er afar krefjandi

og stórbrotið. Trio Nordica skipa Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, Bryndís Halla Gylfadóttir sellóleikari og Mona Kontra píanóleikari. Taneyev er ekki kunnur hér á landi en hann fæddist 1856 og lést 1915, kominn af tónlistarfólki, lærði hjá Tchaikovski og var honum handgenginn, kunnur píanóleikari á sinni tíð og kennari, setti saman stórt fræðilegt verk um kontrapunkt og minna um canónuna. Hann var alfræðingur en leit á tónsmíðar sem stærðfræðilegt verkefni. Eftir hann liggja mörg verk af fjölbreytilegu tagi, þeirra á meðal ópera sem sækir texta í Oresteiu Eskilasar. Verk Dvoráks og Henze eru kunnari hér á landi.

Tríóið hefur leikið víðs vegar og fengið frábæra dóma fyrir leik sinn. Fram undan er fjöldi

tónleika, meðal annars á Íslandi, Finnlandi og í Svíþjóð. Tríóið mun vera með tónleika á Listahátíð í Reykjavík 2009. Trio Nordica hefur nýlengi upptökum á geisladisk gefnum út af INTIM Musik, með verkum eftir Elfrídu André, en hún var sænskt tónskáld, fædd 1841 og lést 1929. Hún var framfarleg í sveit framakvenna á sinni tíð og naut álits í Svíþjóð en hún starfði sem organisti við dómkirkjuna í Gautaborg. Meðal verka hennar má nefna óperuna Friðþjófs sögu, fjórar sinfónur og smærri verk meðal annars fyrir tríó sem þær stöllum hafa nú hljóðritað.

Tónleikaröð Kammermúsíklúbbsins er aðgengileg á vefsíðu klúbbsins www.kammer.is, en tónleikar hans hafa um langt árabil verið í Bústaðakirkju.

pbb@frettabladid.is



Þjóðleikhúsið

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Sumarljós

Jón Kalman Stefánsson
leikgerð og leikstjórn Hilmar Jónsson
Hrífandi, einlæg og æsandi sýning
fös. 16/1 uppselt
lau. 17/1 örfá sæti laus

Heiður

Joanna Murray-Smith
Magnað meistaraverk
Frumnýning í
Kassanum 24. janúar

Hart í bak

Jökull Jakobsson
Hrífandi verk sem
snertir okkur öll
★★★★ EB, FBL
sun. 18/1 uppselt

Klókur ertu, Einar Áskell

Bernd Ogronnik
Krúttleg brúðusýning
fyrir yngstu börnin
sun. 18/1
allra síðustu sýningar

Kardemommu- bærinn

Frumnýning 21. febrúar
Miðasala í fullum gangi!




WWW.LEIKHUSID.IS

Kammerverk vantar í sumar

Tónlistarhátíðin Við Djúpið er orðinn árviss viðburður við Djúp. Hún verður haldin á Ísafirði í 7. sinn dagana 18. til 23. júní 2009. Viðmesta verkefnið á dagskrá hátíðarinnar í ár er stórt samstarfsverkefni með Ísafold kammersveit og Rás 1 Ríkisútvarpsins.

Verkefnið er samkeppni fyrir ný tónskáld. Tilhögun er þessi: 3 til 4 tónskáld fá tækifæri til að skrifa verk sérstaklega fyrir sveitina Ísafold sem verður frumflutt á hátíðinni. Tónskáldin fá tækifæri til að vinna náð með meðlimum Ísafoldar með sérstaka áherslu á praktíska hluti sem varða framsetningu verksins og skrif fyrir einstök hljóðfæri.

Danska tónskáldið Bent Sørensen er sérstakur gestur hátíðarinnar og mun leiðbeina þessum upprennandi tónskáldum enn frekar við vinnu



DANIEL BJARNASON Leiðtogi Ísafoldar er formaður dómnafndar um kammerverk.

þeirra. Auk þess mun hann flytja fyrirlestra um eigin verk og kenna á námskeiði á dagskrá hátíðarinnar. Tilgangurinn með þessu skemmtilega verkefni er að gefa ungum tónskáldum tækifæri til að vinna mjög náð með hljómsveit, mun nánar en undir venjulegum kringumstæðum. Það eru þeim sem standa að verkefni-

inu, tónlistarhátíðinni, kammersveitinni og Rás 1 mikil ánægja að bjóða upp á þessa nýjung hér á landi.

Nokkur praktísk atriði fyrir þátttakendur: Þátttakendur skila inn umsóknunum fyrir 15. janúar. Þar þurfa ákveðin gögn að fylgja samkvæmt reglum keppinnar. Reglurnar er að finna á heimasíðu hátíðarinnar: www.viddjupid.is. Hinn 15. febrúar verður tilkynnt hverjir fá að taka þátt og 1. maí verða verk in að vera tilbúin. Dómnafndina skipa: Daniel Bjarnason, formaður, Melkorka Ólafsdóttir, flautuleikari, Jónas Tómasson, tónskáld, og Þuríður Jónsdóttir, tónskáld. Heiðursdómari: Bent Sørensen. Þá er bara að draga fram hugmyndir að kammerverkum úr skúffunum og sækja um. - pbb

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 15. janúar

Tónleikar

20.00 Fimmtudagsforleikur í Hinu húsinu, Pósthússtræti 3-5. Fram koma hljómsveitirnar Pontiac Pilatus, Bob og Swords of Chaos. **Aðgangur ókeypis.** 16 ára aldurstakmark. Gengið inn í kjallarann Austurstrætismegin.

22.00 Bossa nova night Brasilíska söngkonan **Jussanám da Silva** verður með tónleika ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni og Erik Quick á Café Oliver, við Lauga-veg 20a.

22.00 Elin Ey og **Pikknikk** ásamt hljómsveit spila á Rósenberg, Klapparstíg 25.

Opnanir

17.00 Hrafnkell Sigurðsson opnar sýninguna Uplift í ið gallery við Klapparstíg 33.

Fyrirlestrar

20.00 Hönnuðurinn Jurgén Bey flytur erindi í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu. Ókeypis aðgangur og allir velkomnir.

Síðustu Forvöð

Yfirborðskenn, sýning Baldurs Geirs Bragasonar í **Klíng og Bang** galleri við Hverfisgötu 42, lýkur á sunnudag. Ókeypis fim.-sun. kl. 14-18.

Myndlist

Helga Ástvaldsdóttir sýnir verk á **Thorvaldsen Bar** við Austurstræti. Ókeypis alla daga frá kl. 11-01.

Skaffell Miðstöð myndlistar á Seyðisfirði Goddur sýnir verk í sýningarsal Skaffells. Á vesturveggnum sýnir **Hjálmar Nielsson**. Ókeypis mið.-fim. kl. 13-17 og föst.-sun. kl. 13-20.

Tilbrigði við jókulinn Hrefna Víglunds- dóttir sýnir verk í Reykjavík Art Gallery við Skúlagötu 30. Sýningin er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-17.

Upplýsingar um viðbúðir sendist á hvar@frettabladid.is.

Rætt um hönnun

Í kvöld hefst í Hafnarhúsinu við Geirsgötu ný fyrirlestraröð sem Hönnunarmiðstöð Íslands á veg og vanda að. Fyrsta fyrirlestrurinn flytur Jurgén Bey sem er einn af áhugaverðustu hönnuðum samtímans og starfar sem gestakennari við Listaháskóla Íslands. Jurgén er hollenskur. Hann er einn af stofnendum hollensku hreyfingarinnar Droog Design (1993) sem hafði afgerandi áhrif á sérstöðu Hollands meðal hönnuða í dag.

Fyrirlestrurinn er unninn í samstarfi Hönnunarmiðstöðvar Íslands, Hönnunar- og arkitektúrdeildar LHÍ og Listasafns Reykjavíkur.

Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



blað

alla laugardaga

Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttáúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.



Allt sem þú þarft

> EAST OF EDEN Í BIÓ

Til stendur að gera nýja mynd byggða á bók Johns Steinbeck, East of Eden. Leikstjóri verður Tom Hooper sem hefur leikstýrt þáttunum John Adams. Árið 1955 kom út myndin East of Eden með James Dean í aðalhlutverki en nýju myndinni mun víst lítið svipa til hennar.

bíó

bio@fre



Sandler segir sögur

Nýjasta mynd Adams Sandler er hin gamansama fjölskyldumynd Bedtime Stories. Í myndinni leikur Sandler hótélstarfsmanninn Skeeter Bronson sem finnst ekkert skemmtilegra en að segja ungum frændsystkinum sínum ævintýrasögur til að svæfa þau á kvöldin. Hann verður fyrir óvæntri lífsreynslu þegar sögurnar verða að veruleika á undravendan hátt. Sögurnar verða fjaránlegri með hverju kvöldinu þegar Skeeter

ákveður að nýta sér þær til að bæta líf fjölskyldu sinnar. Þegar frændsystkinin hafa óvænt áhrif á ástandið fer af stað atburðarás sem á eftir að umturna lífi þeirra.

Sandler er ekki þekktur fyrir að leika í fjölskyldumyndum en kannski á það eftir að breytast í framtíðinni, enda á hann nú tvö börn með eiginkonu sinni Jackie. Mótleikkona Sandler í myndinni er Keri Rusell sem sló í gegn í sjónvarpsþáttunum Felicity. Bedtime Stories fær 6,2 í einkunn á Imdb.com og 23% á Rottentomatoes.com.



ADAM SANDLER Nýjasta mynd Sandler er hin gamansama fjölskyldumynd Bedtime Stories.

Wall-E var mynd ársins

Teiknimyndin Wall-E og heimildarmyndin Man on Wire fengu besta dómna árið 2008 samkvæmt kvikmyndasíðunni Rotten Tomatoes. Versta mynd ársins var One Missed Call með Shannyn Sossamon og Edward Burns í aðalhlutverkum, sem fékk enga jákvæða dóma. Myndum á listanum var skipt niður í sæti eftir skoðunum rúmlega tvö hundruð vltra kvikmyndagagnrýnenda. Wall-E fékk 96% góða dóma, en Man on Wire fékk 100% og var hæst yfir þær myndir sem fengu takmarkaða dreifingu. One Missed Call fékk aftur á móti 0% í einkunn.

Polanski vill ekki fara til Ameríku



Leikstjórinn Roman Polanski hefur ekki í hyggju að snúa aftur til Bandaríkjanna þrátt fyrir að hann vilji fella niður ákæru sem hann fékk þar í landi 1977 fyrir kynlíf með stúlku undir lögaldri.

Að sögn lögfræðings hans vill leikstjórinn einfaldlega sanna að dómstólar hafi gert mistök á sínum tíma og um leið hreinsa mannorð sitt.

Polanski, sem er 75 ára, flúði frá Bandaríkjunum til Frakklands árið 1978 til að komast hjá fangelsisdómi eftir að hafa játað að hafa sofið hjá þrettán ára stúlku. Síðan þá hefur hann ekki stigið niður fæti í Bandaríkjunum af ótta við handtöku.

Á meðal þekktustu mynda Polanskis eru Rosemary's Baby, Chinatown og The Pianist.

ROMAN POLANSKI Polanski, til hægri, ætlar ekki að snúa aftur til Bandaríkjanna.



ENTRE LES MURS Opnunarmynd frönsku kvikmyndahátíðarinnar, Entre les murs, eða Skólabeiturinn, hlaut Gullpálmann á Cannes-hátíðinni síðasta vor.

Jackie Chan orðaður við Karate Kid

Jackie Chan er í viðræðum um að leika í endurgerð The Karate Kid sem kom út árið 1984 við miklar vinsældir. Chan myndi leika læriföðurinn Mr Miyagi sem kennir aðalpersónunni iðkun karate. Pat Morita lék Miyagi í upphaflegu myndinni og var hann tilnefndur til Óskarsins fyrir frammistöðuna.

Þegar hefur verið tilkynnt að Jaden Smith, sonur Will Smith, leiki aðalhlutverkið í myndinni. Tekur hann við hlutverkinu af Ralph Macchio sem lék í fyrstu þremur Karate Kid-myndunum. Hilary Swank lék í fjórðu myndinni, The Next Karate Kid, fyrir



JACKIE CHAN Hasarmyndahetjan Jackie Chan leikur hugsanlega í endurgerð The Karate Kid.

fimm árum. Tökur á nýju myndinni hefjast í Peking á næsta ári.

Tíu myndir á franskri hátíð

Frönsk kvikmyndahátíð hefst á morgun og stendur til 29. janúar. Sýndar verða tíu myndir, þar á meðal opnunarmyndin Entre les murs sem hlaut Gullpálmann í Cannes síðasta vor.

Franska kvikmyndahátíðin, sem er sú nýfunda í röðinni, fer fram í Háskólabíói og að henni standa Græna ljósið og Alliance française í samstarfi við sendiráð Frakklands, Belgíu og Kanada. Sýndar verða tíu gæðamyndir, þar af sín myndin hvor frá Belgíu og Kanada. Þetta er í fyrsta skipti sem sýndar eru myndir frá öðrum

löndum en Frakklandi á hátíðinni en allar myndirnar eru engu að síður á frönsku. Þrjár myndanna eru með íslenskum texta: Skólabeiturinn (Entre les Murs), Françoise Sagan og Refurinn og barnið. Aðrar myndir eru textaðar á ensku.

Entre les murs segir frá Françoise sem er ungur frönskukennari í gagnfræðaskóla fyrir vandræðunglinga. Hann hikar ekki við að svara nemendum sínum fullum hálsi eins og tungumálið sjálft sé í húfi og slík vinnubrögð geta haft sínar afleiðingar.

Entre les murs er í hópi níu mynda sem eiga möguleika á að hreppa Óskarsverðlaunin fyrir bestu erlendu myndina. Fækkað

verður í hópnum niður í fimm 22. janúar þegar tilkynnt verður um tilnefningarnar. Myndin hefur hlotið sérlega góða dóma, þar á meðal 7,9 af 10 mögulegum á kvikmyndasíðunni Imdb.com og hvorki meira né minna en 97% á síðunni Rottentomatoes.com.

Heiðursgestur frönsku kvikmyndahátíðarinnar er franskur leikstjórinn Luc Jacquet sem gerði hina geysivinsælu mynd Ferðalag keisaramörgæsanna. Hann verður viðstaddur frumsýningu nýjustu myndar sinnar, barnamyndarinnar Refurinn og barnið, laugardaginn 17. janúar kl. 20.

Nánari upplýsingar um hátíðina má finna á síðunni Graenaljosid.is. freyr@frettabladid.is

föstudagur

fylgir Fréttablaðinu á morgun

föstudagur



Maggi Jóns

Með sjónvarpsþátt, tvær plötur og bíómynd í vinnslu



FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft - alla daga

Munaðarlaus í milljónakeppni

Kvikmyndin Slumdog Millionaire, sem er byggð á metsölbók Vikas Swarup Viltu vinna milljarð?, verður frumsýnd á morgun. Hún var valin besta myndin á nýafstaðinni Golden Globe-hátíð og vann í þremur flokkum til viðbótar, þ.e. fyrir bestu leikstjórn, handrit og tónlist.

Myndin segir frá hinum átján ára Jamal Malik sem er á sigurbraut í indversku útgáfunni af Viltu vinna milljón? Hann þarf bara að svara einni spurningu í viðbót til að vinna 20 milljónir þegar gert er hlé á upptökum þáttarins yfir nótt. Þá er lögreglan kölluð til því mörgum þykir ótrúlegt að munaðarleysinginn Jamal, sem ólst upp í fátækrahverfum Mumbai, skuli komast lengra í þættinum en betur menntaðir, greindari og ríkari þátttakendur en hann.

Leikstjóri Slumdog Millionaire er Bretinn Danny Boyle sem vakti fyrst athygli með Shallow Grave



SLUMDOG MILLIONAIRE Myndin er byggð á metsölbókinni Viltu vinna milljarð? eftir Vikas Swarup.

árið 1995. Ári síðar sendi hann frá sér Trainspotting sem kom honum endanlega á kortið sem einum færrasta kvikmyndagerðarmanni Brets. Síðan þá hefur hann leikstýrt nokkrum finnum myndum, þar á meðal spennumyndinni 28 Days Later þar sem uppvakningar leika stórt hlutverk. Handritshöfundur Slumdog Millionaire er Simon

Beaufoy sem er þekktastur fyrir handrit sitt að The Full Monty.

Myndin fær 8,7 á síðunni Imdb.com og 94% á Rottentomatoes.com. Henni hefur verið spáð góðu gengi á næstu Óskarsverðlaunahátíð, enda gefa Golden Globe-verðlaunin jafnan sterkar vísbendingar um það sem koma skal á þessari virtustu hátíð kvikmyndabransans.



**SÁ YNGSTI
BORÐAR FRÍTT**

AMERICAN

STYLE

ALLAN JANÚAR

FJÖLSKYLDU DAGAR



**Gildir fyrir alla hópa
sem telja 4 eða fleiri – ekkert aldurstakmark**

BÍLDSHÖFÐI TRYGGVAGATA SKIPHOLT HAFNARFJÖRÐUR KÓPAVOGUR

> SYNGUR Á SUPER BOWL

Söng- og leikkonan Jennifer Hudson ætlar að syngja bandaríska þjóðsönginn fyrir úrslitaleikinn í bandaríska ruðningnum, Super Bowl, 1. febrúar næstkomandi. Þetta verður í fyrsta sinn sem hún syngur opinberlega síðan móðir hennar, bróðir og frændi voru myrt í október.

fólk
folk@frettabla



Óska eftir fólki í Leikhússport

„Við erum tvö frá Þýskalandi sem stöndum að þessu,“ segir Carl Henrik Deiting arkitekt sem hefur verið búsettur hér á landi síðastliðin tvö ár, um svokallaðan Leikhússporthóp sem hann stofnsetti fyrir tveimur mánuðum. Leikhússport byggist á spuna þar sem hópar keppa hvorir á móti öðrum á meðan áhorfendur hafa mikil áhrif á framvinduna.

„Í venjulegri leiklist þarf fólk að læra klassísk verk eins og Shakespeare, en í leikhússporti hefur maður frjálsari hendur og getur jafnvel leikið mismunandi hlutverk í sama verkinu. Við skiptum okkur í tvo hópa sem keppa hvor á móti öðrum í tíu til fimmtán mínútur í senn. Oft biðjum við áhorfendur um fimm ólók

orð sem við spinnum svo út frá og þá getur senan til dæmis breyst frá því að læknir er á skurðstofu á Íslandi, yfir í að hann er staddur úti í skógi í Afríku. Við gefum áhorfendum einnig nammi og krumpuð blöð áður en við byrjum og ef vel gengur kasta þau namminu inn á sviðið, annars pappírnum,“ útskýrir Carl Henrik og segir leikhússportið hina mestu skemmtun.

„Hópurinn okkar heitir Impro theatre Reykjavík og þar sem hann samanstendur bæði af Íslendingum og útlendingum æfum við á ensku. Við vonumst til að fleiri vilji taka þátt og hvetjum þá sem vilja prófa til að koma á næsta fund sem verður í Alþjóðahúsinu við Laugaveg 37 í kvöld milli klukkan 19 og 22. Fólk þarf ekki að vera með reynslu af leiklist til að taka þátt,“ segir Carl Henrik.



GÓÐUR HÓPUR Carl Henrik vonast eftir fleirum í leikhússporthópinum sem samanstendur meðal annars af fólki frá Þýskalandi, Taívan, Gvatemala, Frakklandi og Austurríki.



LADDI 6-TUGUR

Eftir Gísli Rúnar og Ladda

Sviðssetning: Björn G. Björnsson Hjólsmveitarstjóri: Hjörtur Howser

ÞÁ ER KOMIÐ AÐ LEIÐARLOKUM!
(Og við meinum það í þetta skiptið)

Eftir tæplega 70 þúsund gesti, 130 sýningar og 25 þúsund selda DVD diska er komið að tveimur síðustu sýningunum.

Bravó og Borgarleikhúsið þakka Ladda og félögum fyrir frábært samstarf og óska þeim innilega til hamingju með fordæmalausum velgengni.

Þriðjudagur 20. janúar - 62 ára afmælisýning
Laugardagur 24. janúar - Lokasýning

SÉRSTAKIR GESTIR

Steinn Ármann Halli
Eggert Þorleifs

Örfáir miðar eftir
á báðar sýningar

**NÆLDU ÞÉR Í
ALLRA SÍÐUSTU
MIÐANA!**



TÓMAS R. EINARSSON Fær góða dóma hjá danska tónlistargagnrýnandanum Ivan Rod.

Tómas fær góða dóma

Danski tónlistargagnrýnandinn Ivan Rod skrifaði í síðasta hefti tímaritsins Cultures yfirlitsgrein um tónlist Tómasar R. Einarssonar og fjallaði einnig sérstaklega um þær plötur hans sem fánlegar eru í Danmörku.

„Íslendingurinn Tómas R. Einarsson er frumlegt tónskáld og tónlistarmaður sem vekur forvitni allra tónlistarunnenda, hvaðan sem þeir koma og hvaða tegund tónlistar sem þeir halda mest upp á. Hann er orkustöð, sem getur kveikt ljós í sérhverri móttækilegri peru,“ skrifar Ivan Rod. Bætur hann við að Tómas hafi yfir að ráða ákveðinni málaskri heyrn sem geri að verkum að hann eigi heima í flokknunum Fágæt listsköpunargæfa. Allar plötur hans fá góða dóma en í toppsætinu sitja þó Havana og Romm Tomm Tomm.



SLIPKNOT Forspraki rokkveitarinnar er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu.

Undirbýr sólóplötu

Corey Taylor, forspraki grímurokkaranna í Slipknot, er að undirbúa sína fyrstu sólóplötu. „Ég finn að ég þarf að gera þessa plötu,“ sagði Taylor í viðtali við Billboard. „Ég er þannig náungi að ef ég get ekki gert hana þá heldur það aftur af mér í öðru sem ég geri.“

Taylor, sem er einnig meðlimur hljómsveitarinnar Stone Sour, segir sólóefni sitt vera nokkurs konar blöndu af Foo Fighters og Social Distortion með dálitlum Johnny Cash-áhrifum.

Slipknot er að hefja umfangsmikla tónleikaferð sem lýkur ekki fyrr en í september. Eftir það ætlar Taylor að einbeita sér að sólóplötunni.



Borgarleikhúsið

Miðasala á **midi.is** og í Borgarleikhúsinu

bravó!

Góðar stundir

Alíslenskt undanúrslitakvöld

Annað undanúrslitakvöldið í Eurovisionforvalinu brestur á eftir Spaugstofuna á laugardaginn. Okkur er boðið upp á fjögur lög, það fyrsta, „Fósturjörð“, er eftir Einar Scheving. Einar hefur verið í fremstu röð íslenskra trommara lengi og vakti mikla athygli nýlega fyrir jazzplötuna Cycles. Lagið hans er dramatískur ættjarðaróður sem Páll Rósinkranz syngur hnarreistur.

Stórskotalið stendur á bakvið næsta lagi, „Undir regnboganum“. Poppstjarnan Ingó syngur það, Eiríkur Hauksson gerði textann og Hallgrímur Óskarsson lagið. Hallgrímur hefur áður tekið þátt í Eurovision, náði lengst þegar Birgitta Haukdal söng lag hans í aðalkeppninni 2003. Lagið sem hann kepp-

ir með á laugardaginn er krúttlegt úkúlele-knúið popplag sem minnir á lög Vilhjálms Vilhjálmssonar og Gilberts O'Sullivan. Hallgrímur fær svo Jógvan til að syngja hitt lagið sitt í ár í þættinum eftir tvær vikur.

Þriðja lagið er „Vornótt“ eftir Erlu Gígju Þorvaldsdóttur með texta eftir Hilmi Jóhannesson. Erla er eina konan sem á lag í keppninni í ár og að auki elst keppenda, er komin langt að sjötugu. Hún fær unga söngkonu úr Mosfellsbænum, Hreindísi Ylva Garðarsdóttur Holm, til að syngja lagið, sem er hugljúft og af gamla skólanum.

Síðasta er „Glópagull“ eftir Einar Oddsson, kraftmesta og rokkaðasta lag kvöldsins. Það þýðir ekkert minna en tvær sönkonur til að

flytja það, þær Ernu Hrönn, áður í Bermúða, og Guðrúnu Lísu, áður í Ísafold.

Eins og sést verða öll löginn sungin á íslensku á laugardaginn, en fyrir viku fóru tvö lög sem sungin voru á ensku áfram en íslensku löginn sátu eftir. Spennandi verður að sjá hvaða fataleppum kynnararnir klæðast, þrjónapeysurnar þeirra í fyrsta þættinum vöktu eiginlega meiri athygli en löginn sjálf. - drg

KEPPENDURNIR Í EUROVISION Á LAUGARDAGINN
Frá vinstri eru þau Hreindís Ylfa, Ingólfur Þórarínsson, Erna Hrönn og Páll Rósinkranz.



VINSÆL Uppselt er á tónleika Lay Low á Café Rósenberg 27. janúar næstkomandi, daginn áður en hún fer í tónleikaferðalag með Emilíönu Torrini um Evrópu.

Lengsta ferðalag Lay Low

Vinsældir tónlistarkonunnar Lovísu Elísabetar Sigrúnardóttur, betur þekktri sem Lay Low, fara ekkert dvínandi. Nýjasta plata hennar Farewell Good Night's Sleep seldist í um 8.000 eintökum fyrir jólin og nú þegar er orðið uppselt á tónleika hennar sem fara fram á Café Rósenberg 27. janúar næstkomandi. Tónleikarnir verða hennar síðustu hér á landi fyrir þriggja vikna tónleikaferð með Emilíönu Torrini um Evrópu.

„Þetta á að vera svolítið kósí því við förum svo út strax daginn eftir. Ég held að það sé ágætis æfing að spila fyrir þennan hóp áður en við förum að spila á stórum stöðum úti. Þetta verður lengsta tónleikaferðalag sem ég hef farið í til þessa og hentar mjög vel því platan mín kemur út í Bretlandi og Þýskalandi í mars,“ segir Lovísa sem mun stíga á stökk ásamt gítarleikara sínum Péttri Hallgrímssyni á tónleikaferðalagi Emilíönu um Frakkland, Ítalíu, Þýskaland, Sviss, Austurríki, Belgíu, Holland og Luxemborg.

„Ég kem aðeins heim í örfáa daga að ferðalaginu loknu og fer svo beint áfram í eigið tónleikaferðalag,“ segir Lovísa sem mun þá spila í Finnlandi, Svíþjóð, Norgei, Danmörku og Þýskalandi áður en hún hitar upp á tónleikum Emilíönu í London hinn 13. mars. - ag

Draugabandar í tölvuleik

Tölvuleikurinn Ghostbusters: The Video Game kemur út á vegum Atari 19. júní næstkomandi. Leikurinn er byggður á Ghostbusters-kvikmyndunum sem nutu mikilla vinsælda á níunda áratugnum. Höfundar leikjarins eru þeir Harold Ramis og Dan Akroyd sem báðir sömdu og léku í myndunum.

Einnig koma fram í leiknum Bill Murray og Ernie Hudson, sem voru hluti af upprunalega Ghostbusters-genginu. Leikurinn gerist tveimur árum eftir Ghostbusters II og er Manhattan-borg enn og aftur umlukin draugum og yfirnáttúrulegum öflum. Bregða leikmenn sér í hlutverk nýliða í hópi draugabananna sem reynir að vinna bug á vandanum.

Opið í dag
11 til 21

Útsalan heldur áfram

Allt að
70%
afsláttur af völdum vörum

Enn meiri verðlækkun!

Rýmum fyrir nýjum vörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

NÝTT Í BÍÓ!

★★★★★
"SÞÓ PUND AF BRAVO"
-E.E., DV

FRÁ LEXKETÓNA
THE PERMIT OF HAPPINESS
WILL SMITH SEVEN POUNDS

LÚXUS

★★★★★
"„BESTA MYND FRODRIKS ÞÓRS („LANGTIMA)" -S.V., MBL

★★★★★
"SÓLSKINDRENGURINN ER FRÁÐER HEIRE, DÁRYRND SEM SKIPTIR MÁLT -K.G., FBL

★★★★★
"RAKLETTI Í HJARTASTAD" -DÖRI DÑA, DV

EINHVERFA Í NYJU LIÓSI

SÓLSKINDRENGURINN

HÖRKU HASAR MED JASON STATHAM Í AÐALHLUTVERKI!

TRANSPORTER 3

★★★★★
"SS&MÍ" -E.E., TV

AUSTRALIA

BRÁDSKEMMTILEG ÆVINTÝRAMYND

INKHEART

★★★★★
"QUANTUM OF SOLACE" -S.V., MBL

QUANTUM OF SOLACE

★★★★★
"THE DAY THE EARTH STOOD STILL" -S.V., MBL

THE DAY THE EARTH STOOD STILL

★★★★★
"TAKEN" -S.V., MBL

TAKEN

SMÁRRÁBÍÓ SÍMI 564 0000		REGNBÓGINN SÍMI 551 9000 650 kr.	
SEVEN POUNDS D	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	
SEVEN POUNDS LÚXUS D	kl. 8 - 10:30	L	
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 5:30 - 8	L	
TRANSPORTER 3	kl. 5:45 - 8 - 10:15	16	
AUSTRALIA D	kl. 4:30 - 8	12	
INKHEART	kl. 3:45	10	
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 4		5%
THE DAY THE EARTH...	kl. 10:20	12	
QUANTUM OF SOLACE	kl. 5:30	12	
HÁSKÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919		BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500	
SÓLSKINDRENGURINN	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	
SEVEN POUNDS	kl. 5:30 - 8 - 10:30	L	
AUSTRALIA	kl. 5:30 - 9	12	
SKOPPA OG SKRITLA Í BÍÓ	kl. 6	L	5%
TAKEN	kl. 8 - 10	16	
SAW 5	kl. 10:10	16	

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á **mid.is** FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MED KREDITKORTI AUKAKRÖNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARAS BÍÓ SÍMI: 553 2075 - bara lúxus

★★★★ 1/2
SV MBL

CHANGELING

★★★★★
V.J.V - Topps 3.1/7.1

TAKEN

BRÁDSKEMMTILEG MYND ÞAR SEM HEIMUR GULDRA OG ÆVINTÝRA LIÐAR VIÐ

CHANGELING	kl. 6 og 9	16
INKHEART	kl. 10	10
SKOPPA OG SKRITLA	kl. 6	L
TAKEN	kl. 6, 8 og 10	16

SAMBIÓNIN

Svalasta glöppamynd í áráraðir

ROCKNROLLA

★★★★★
"Changeling" -S.V., MBL

CHANGELING

★★★★★
"Yes Man" -S.V., MBL

YES MAN

★★★★★
"The Spirit" -S.V., MBL

THE SPIRIT

★★★★★
"Bolt 3-D" -S.V., MBL

BOLT 3-D

SAMBIÓNIN ALFABAKKA			SAMBIÓNIN SELFÓSS		
ROCKNROLLA	kl. 5:40 - 8 - 10:30	16	YES MAN	kl. 8 - 10:20	7
CHANGELING	kl. 5:30 - 8:30	16	CITY OF EMBER	kl. 8	7
YES MAN	kl. 6 - 8D - 10:20D	7	APPALOOSA	kl. 10:20	16
YES MAN	kl. 5:50 - 8 - 10:20	VIP	SAMBIÓNIN AKUREYRI		
THE SPIRIT	kl. 8:20 - 10:30	12	THE CHANGELING	kl. 8	16
BOLTI 3-D mysl. tali	kl. 5:50(30)	L	YES MEN	kl. 8 - 10	7
CITY OF EMBER	kl. 5:50	7	SAMBIÓNIN KEFLAVÍK		
TWILIGHT	kl. 8 - 10:20	12	ROCKNROLLA	kl. 8 - 10:20	16
SAMBIÓNIN KRINGLUNNI			YES MAN	kl. 8 - 10:20	7
ROCKNROLLA	kl. 8:10 - 10:30	16			
YES MAN DIGITAL	kl. 8:20 - 10:30	7			
THE SPIRIT DIGITAL	kl. 6 - 8:10 - 10:30	12			
BOLT 3-D mysl. tali	kl. 6	DIGITAL-3D			
BOLT 3-D my/Ensku tali	kl. 6	DIGITAL-3D			

Jonathan Richman kemur aftur

Innflutningur á erlendum tónlistarmönnum verður eflaust með minna móti í ár vegna kreppu og óhagstæðs gengis íslensku krónunnar. Bandaríski tónlistarmaðurinn Jonathan Richman er þó ekkert að spá í það og ætlar að koma og skemmta okkur 1. og 2. apríl næstkomandi. Grímur Atlason flutti Jonathan inn á Innþúkann 2005 og árið eftir kom hann aftur og spilaði í Iðnó. „Hann er einhver stórkostlegasta manneskja sem ég hef hitt á ævinni," segir Grímur, sem verður Jonathan innan handar sem fyrr. „Hann verður hér þó alfarið á eigin vegum. Hann vill bara skemmta Íslendingum. Honum líður vel hérna."

Jonathan er þekktur ljúflingur og Grímur er fullur aðdáunar. Kallar hann snilling. „Hann er maður sem notar ekki kreditkort, skrifar ekki tölvupóst, forðast firringuna. Maður hefur hitt stjórnur um

dagana sem spiluðu kannski bara á orgel í einhverju bandi, voru ekki neitt neitt, en voru samt uppfullar af hroka og leiðindum. Jonathan er stjarna án þess nokkurn tíma að troða á fólki. Dásamleg manneskja."

Jonathan, sem er 57 ára, var í upphafi ferils síns í hljómsveitinni The Modern Lovers sem tengdist þökinu. Meðal annars tóku Sex Pistols frægasta lag sveitarinnar, „Road Runner". Frá árinu 1976 hefur Jonathan gert ótal sólóplötur og verið á ljúfum en gamansömum nótum, barnslega einlægur, kynferðislega ógrandi og allt þar á milli. Hann var sögumaður ásamt trommaranum Tommy í grímmyndinni There's Something about Mary og þar reis stjarna hans einna hæst. Tommy kemur einmitt með honum til Íslands eins og í hin tvö skiptin.

- drg



DÁSAMLEG MANNESKJA Jonathan Richman leikur á Íslandi í byrjun apríl.

Brynhildur sýnir Brák í Köben

Leiksyning hjónanna Atla Rafns og Brynhildar Guðjónsdóttur, Brák, er eins árs um þessar mundir, hundraðasta sýningin stendur fyrir dyrum og kominn tími á útrás.

„Þetta er 2009-vinkillinn. Útrás hjartans. Gefa en ekki taka," segir Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona. Henni hefur verið boðið að sýna einleik sinn Brák í Kaupmannahöfn í næsta mánuði. Brynhildur leikur tvær sýningar á Íslandsbryggju en ferðin til Kaupmannahafnar er á vegum Norrænu menningarstofnunarinnar.

Sýningin Brák, sem Brynhildur leikur í, en Atli Rafn, eiginmaður hennar leikstýrir, er eins árs um þessar mundir. Brynhildur segir þau ekki hafa órað fyrir þessari velgengni því nú, 24. janúar, verður hundraðasta sýningin í Landnámssetrinu í Borgarnesi.

„Brák var frumsýnd á þrettándanum fyrir ári. Og bratt að ætla að víkingaleikrit sem krefst þess að fólk fari fyrir Hafnarfjall í janúar og febrúar gengi svona ótrúlega vel," segir Brynhildur.

Næsta hlutverk Brynhildar er stórt í sniðum - mexíkóska myndlistarkonan Frida Kahlo á Þjóðleikhúsinu í verkinu Frida... viva la vida, eða Lifi lífið. Það er Atli Rafn sem leikstýrir en Brynhildur skrifar leikgerðina. Þau fóru til Mexíkó í september til að setja sig nánar inn í hin mexíkóska gildi sem Frida upphóf svo mjög meðan hún var og hét og nýtti frægð sína til að vekja athygli á mexíkóska þjóðinni. „Hún klæddist þjóðbúningi og umfaðmaði indjámennninguna í verkum sínum," segir Brynhildur sem kolféll fyrir



BRYNHILDUR GUÐJÓNSDÓTTIR Er á leið til Kaupmannahafnar með sýningu sína Brák og undirbýr Fridu í Þjóðleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Mexíkó. Frumsýning er í vor. Ólafur Darri leikur eiginmann Fridu. „Hún valdi sér stærsta og erfiðasta manninn," segir Brynhildur. Hilmir Snær leikur pabba Fridu og Salvador Dali, Baldur Trausti leikur Pablo Picasso og Ólafur Egill leikur Leon Trotsky. Faðir Ólafs Egils, Egill Ólafsson, sér um tónlistina og spurt er hvort þarna sé Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleik-

hússtjóri og kona Egils að spegla samfélagið: Vina- og fjölskylduvæðinguna? Brynhildur hlær og bendir á leikrit sem Þórhildur Þorleifsdóttir setti upp nýverið þar sem maður hennar, dóttir og bróðir fóru með veigamikil hlutverk. „Nei, nei, það var nú leikstjórnin sem settist yfir þetta og valdi með hliðsjón af því hver hentaði best í hvað."

jakob@frettabladid.is

Útsala!

Gallabuxur

Háar í mittið áður 6990 nú 4890
Stærðir 36-46

Gallapils

áður 5990 nú 3990

Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Fáðu þér notaðan bíl sem búið er að skoða

Alla notaða bíla hjá Brimborg er búið að aðalskoða samkvæmt nýju reglunum. Komdu í dag og skoðuðu úrval af notuðum bílum með allt að 3ja ára bifreiðaskoðun og rúmlega það. Skoðuðu skoðuða bíla í Brimborg í dag.

Breyttu druslunni í djásn í dag

Þú átt druslu sem flutt var inn á sínum tíma, fyrir verðmætan gjaldeyri. Nýtum notað í dag. Brimborg kaupir hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur: settu drusluna upp í nýrri notaðan bíl sem einnig var greitt fyrir á sínum tíma með verðmætum gjaldeyri - bíl sem eyðir minna en sá gamli.

Komdu í Brimborg í dag og nýttu notaðan gjaldeyri.

Komdu í kaffi og kleinur

Endurnýttur gjaldeyri

Nýtum notað Endurnýtum gjaldeyri

Fáðu þér nýrri notaðan bíl hjá Brimborg

Nýtum notað. Nú þurfum við öll að nýta það sem við eigum og koma því í verð. Breyttu druslunni í djásn og sparaðu gjaldeyri á marga vegu. Þú endurnýtir gamla bílinn og setur hann upp í nýrri notaðan sem eyðir minna eldsneyti. Brimborg kaupir nú hvaða bíldrúslu sem er á heilar 200.000 kr. fáir þú þér betri notaðan bíl í Brimborg.

Um leið tekur þú nokkur visthæf skref, þú hreinsar til í borg og bæjum og dregur úr mengun. Auktu öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl. Nýtum notað. Komdu í Brimborg í dag.

Nýtum notað. Endurnýtum gjaldeyrinn okkar.

Komdu bíldrúslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrúsluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrúsla upp í hvern betri bíl. Endurnýttu það sem þú átt með Brimborg.

Nýtum notað í dag. Komdu í Brimborg.



visthæf skref
með Brimborg

Farðu á brimborg.is
og þú ert kominn af stað

Komdu í kaffi og kleinur í Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

> Tvö efstu liðin drógust saman

Það verður sannkallaður risaslápur í bikarnum. KR og Grindavík drógust saman í undanúrslitum Subway-bikars karla en dregið var um í gær. Leikurinn fer fram í DHL-Höll þeirra KR-inga 24. eða 25. janúar. Liðin hafa mæst tvisvar í vetur og KR hefur unnið leikina með 3 og 2 stigum. Í hinum leiknum taka lærisveinar Teits Örylssonar á móti hans gamla liði Njarðvík. Í undanúrslitum kvenna mæstast Keflavík-Valur og Skallagrímur-KR.



sport
sport@frettabladid.is

MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR, 15 ÁRA SKÍÐAKONA: FJÖRÐA BESTA Í HEIMI Í SÍNUM ALDURSFLOKKI Í SVIGI

Hérna er aldrei lokað og ég kemst alltaf á skíði

Fimmtán ára íslensk skíðakona, María Guðmundsdóttir, hefur vakið athygli upp á síðkastið í Noregi fyrir góða frammistöðu í skíðabrekkunum enda er stelpan talin vera sú fjórða besta í svigi í sínum aldursflokk. Norðmennirnir gera mikið úr því að hún hafi unnið alla strákana í keppnunum um helgina og vildu örugglega helst að hún væri Norðmaður.

„Ég vann strákana á þessum mótum. Það er svolítið skemmtilegt,“ viðurkennir María en hún hefur búið í Noregi í vetur. „Það er mjög hvetjandi að fá þessa athygli en ég er samt ekki að hugsa um það að ég sé fjórða besta í heimi. Ég geri bara það sama og ég gerði áður en ég komst þangað. Það er samt alltaf gaman að vita að maður er að standa sig vel,“ segir María en var þó ekki alltof sátt með sig um helgina. „Það gekk ekki mjög vel en úrslitin voru góð. Ég gerði smá mistök og þá sérstaklega í fyrri ferðinni í sviginu en sem betur fer tók það ekki mikinn tíma frá mér,“ segir María sem er greinilega með báða fætur á jörðinni og ætlar sér

að bæta sig. „Það er frábært að æfa hérna og miklu betri aðstæður,“ segir María en allt kvennalandsliðið er nú búseti í Noregi.

„Hérna er aldrei lokað og ég kemst alltaf á skíði. Ef mig langar að fara þá fer ég bara á skíði. Það var svo mikið vesen að þurfa alltaf að vera að pæla í því hvort það væri opið eða lokað. Núna fer ég bara á æfingu og þarf ekkert að hafa áhyggjur hvort ég kemst upp á fjall eða ekki,“ segir María sem býr aðeins í fimm mínútna fjarlægð frá skíðabrekkunni.

María er sterkari í svigi en vann einnig sigur í stórsvigi um helgina. „Mér hefur alltaf fundist skemmtilegra í svigi en svo er ég búin að vera dugleg að æfa við góðar aðstæður og með góða þjálfara.

Þá kemur þetta smám saman,“ segir María. Næst á dagskrá hjá henni eru Ólympíuleikar æskunnar í Pólandi um miðjan febrúar og um mánaðamótin febrúar/mars keppir hún síðan á HM unglinga.



ÚRSLIT

Iceland Express-deild kvk

KR-Valur	77-53 (33-34)
Stig KR: Sigrún Ámundadóttir 18 (9 fráköst), Hildur Sigurðardóttir 10 (11 fráköst), Margrét Kara Sturludóttir 10, Guðrún Ámundadóttir 9, Heiðrún Kristmundsdóttir 8, Helga Einarsdóttir 7, Guðrún Þorsteinsdóttir 7, Gréta Guðbrandsdóttir 2, Dóra Þrándardóttir 2, Rakef Viggósdóttir 2, Guðrún Sigurðardóttir 2.	
Stig Vals: Signý Hermannsdóttir 19 (14 fráköst), Þórunn Bjarnadóttir 15 (10 fráköst), Lovisa Guðmundsdóttir 10 (6 fráköst), Tinna Sigmundsdóttir 5, Kristjana Magnúsdóttir 4.	
Keflavík-Hamar	95-79 (45-45)
Stig Keflavík: Birna Valgarðsdóttir 31 (10 fráköst, 6 stoðsendingar), Pállína Gunnlaugsdóttir 27 (9 fráköst, 6 stoðsendingar), Bryndis Guðmundsdóttir 15, Ingibjörg Vilbergisdóttir 10 (13 fráköst), Rannveig Randversdóttir 4 (7 fráköst), Hrönn Þorgrímsdóttir 3 (8 fráköst), Halldóra Andrésdóttir 3, Marín Karlsdóttir 2.	
Stig Hamars: Julia Demire 25 (12 fráköst), LaKiste Barkus 22 (8 fráköst), Jóhanna Sveinsdóttir 10 (6 fráköst), Íris Asgeirsdóttir 8, Fanney Guðmundsdóttir 7, Dúfa Ásbjörnsdóttir 5, Hafrún Hálfánardóttir 2.	
Haukar-Grindavík	83-68 (46-34)
Stig Hauka: Guðbjörg Sværissdóttir 21, Slavica Dimovska 20, Ragna Brynjarsdóttir 17 (10 fráköst), Kristrún Sigurjónsdóttir 16 (11 fráköst), Sara Pálmadóttir 5, Helena Hólm 4.	
Stig Grindavíkur: Petrunella Skuladóttir 16 (11 fráköst), Helga Hallgrímsdóttir 12 (11 fráköst), Ingibjörg Jakobsdóttir 11, Berglind Magnúsdóttir 10, Jovana Lilja Stefánsdóttir 9, Íris Sværissdóttir 6, Lilja Sigmarsdóttir 2, Theódóra Káradóttir 2. Snæfell-Fjölnir	80-43 (32-14)

Enska úrvalsdeildin

Man. Utd-Wigan	1-0
1-0 Wayne Rooney (1.).	

FA bikarinn

Newcastle-Hull	0-1
0-1 Daniel Cousin (81.).	
*Hull mætur Millwall í 4. umferð á heimavelli.	
Crystal Palace-Leicester	2-1
1-0 Paul Ifill (37.), 2-0 Shaun Scannell (55.), 2-1 Max-Alain Gradel (90.).	
*C. Palace mætur Watford í 4. umferð á útivelli.	
Southend-Chelsea	1-4
1-0 Barrett (16.), 1-1 Ballack (45.), 1-2 Kalou (60.), 1-3 Anelka (78.), 1-4 Lampard (90.+2.).	
*Chelsea mætur Ipswich í 4. umferð á heimavelli.	

Ítalska úrvalsdeildin

Roma-Sampdoria	2-0
1-0 Julio Baptista (21.), 2-0 Julio Baptista (53.).	

Verður enginn stór afgangssjóður

HSÍ hefur fengið 50 milljóna króna styrk frá ríkinu líkt og menntamálaráðherra hafði lofað eftir silfrið á ÓL. Framkvæmdastjóri HSÍ segir styrkinn skipta miklu máli fyrir rekstur sambandsins en býst ekki við stórum afgangi eftir uppgjör. Engir peningar hafa komið frá aðalstyrktaraðila, Kaupþingi, eftir hrunið.

HANDBOLTI Samþykkt var í fjáralögum 2008 að veita HSÍ 50 milljón króna styrk vegna árangurs landsliðsins á Ólympíuleikunum. HSÍ hefur nú fengið peningana og Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir þá kærkomna í núverandi árferði.

„Það á eftir að borga mikið af skuldum síðasta árs enda var síðasta ár mjög dýrt. Kostnaðurinn í kringum bara Ólympíuleikana var um 25-30 milljónir króna,“ sagði Einar Þorvarðarson aðspurður um hvað ætti að gera við peningana.

„Það skiptir gríðarlega miklu máli fyrir okkar rekstur að fá þennan pening inn og ekki síst í þessu árferði. Við þurfum að nota mikið af þessum peningum til að rétta skútuna við. Það verður vissulega hagnaður eftir árið í kjölfar þessarar styrkveitingar en það verður enginn stór afgangssjóður enda búið að eyða miklu af þessum peningum. Peningarnir sem eftir verða munu samt hjálpa til við að styrkja reksturinn í framtíðinni,“ sagði Einar.



BÚIÐ AÐ EYÐA MIKLU Einar Þorvarðarson segir kostnaðinn vegna ÓL vera 25-30 milljónir. Enn eigi eftir að borga skuldir vegna leikana. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



DÝRMÆTT SILFUR Árangur landsliðsins á ÓL skilaði ekki bara silfurverðlaunum heldur einnig 65 milljónum króna í styrki til HSÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HSÍ fékk einnig um 15 milljónir króna í styrk frá þjóðinni meðan á Ólympíuleikunum stóð. Á móti kemur að aðalstyrktaraðili sambandsins, Kaupþing, fór á hausinn í október og HSÍ hefur ekki fengið neinn pening þaðan eftir hrunið.

„Við fáum enga erlenda innkomu frá EHF eða IHF þannig

að fall krónunnar hjálpar okkur ekkert þar. Við vitum svo ekkert hvað verður um Kaupþingsamninginn en þar hefur ekkert gerst síðan gamli bankinn fór í greiðslustöðvun. Ég vil ekki segja hvað við höfum orðið af miklum peningum vegna þessa en þeir peningar skipta okkur máli. Rekstur HSÍ er

nefnilega mjög háður atvinnulífni og samstarfsaðilum,“ sagði Einar. HSÍ horfir, eins og allir aðrir, fram á erfitt rekstrarár. Sambandið íhugaði meðal annars að hætta við að senda 2012-liðið sitt til Frakklands en sagði ekki sökum samninga sem það hafði gert.

„Allur kostnaður hefur hækkað mikið og allur rekstrarárætlanir sprungu vegna efnahagsástandsins. Til að mynda er 30-40 prósent hækkan á flugfargjöldum. Allt umhverfið er gjörbreytt. Rekstrarárið 2008 var síðan þannig að við vorum ekki vissir um að fara á ÓL og þegar það gerist kemur aukakostnaður upp á 25-30 milljónir.“

Þó svo Einar segi enga stóra sjóði verða afgangssjóðir sé að gera upp skuldir sambandsins er samt ljóst að afgangurinn mun hjálpa mikið til við að halda öflugum starfi gangandi.

„Reksturinn undanfarin ár hefur verið keyrður á grensunni. Við höfum keyrt eins langt og hægt er með starfið og stundað grimmt afreksstarf. Landslið HSÍ eru að spila 80-100 landsleiki á ári og það er mjög umfangsmikill rekstur og dýr. Miðað við ástandið sem er í dag sjáum við ekki fram á að blása frekar í herlúðra. Þetta snýst meira um að halda sjó sem ég er ekkert viss um að við getum gert. Við þurfum að skera niður og finna leiðir til að lifa ástandið af og um leið fara sem best með þessa peninga. Það er varnarbaráttá fram undan þrátt fyrir þennan góða styrk,“ sagði Einar og bætti við að stjórn HSÍ ætti eftir að funda betur um hvað ætti að gera við afgangspeningana frá ríkinu.

henry@frettabladid.is

KR komst í 4. sæti með 24 stiga sigri gegn Val:

Fóru í gang eftir hlé

KÖRFUBOLTI Frábær þriðji leikhliuti lagði grunninn að öruggum 77-53 sigri KR á Val í Iceland Express deild kvenna í gær en undir var fjórða og síðasta sætið inn í efri hlutann þegar deildin skiptist í tvennt eftir næstu umferð. KR þarf nú sigur á móti Fjölni í lokaleiknum til þess að tryggja sér endanlega fjórða sætið. Valsstúlkur byrjuðu mun betur, voru með frumkvæðið í fyrri hálfleik og voru einu stigi yfir í hálfleik, 34-33. KR-liðið kom hins vegar grimmt til leiks í seinni hálfleik, skoraði 23 af 25 fyrstu stigum hálfleiksins og skildi Valskonur hreinlega eftir á þessum kafla. Síðasti leikhliutinn var í kjölfarið aðeins formsatriði.

Sigrún Ámundadóttir átti mjög góðan leik hjá KR og systir hennar Guðrún kom með mikinn kraft inn af

bekknun sem átti stóran þátt í að kveikja neistann í KR-liðinu. Helga Einarsdóttir og Hildur Sigurðardóttir skiluðu sínu og þótt Margrét Kara Sturludóttir hafi oft spilað betur þá átti hún ágætan seinni hálfleik. Þá er vert að minnst innkomu Heiðrúnar Kristmundsdóttur og frábærs varnarleiks Guðrúnar Gróu Þorsteinsdóttur allan leikinn.

Signý Hermannsdóttir var sem fyrr í fararbroddi hjá Val, Þórunn Bjarnadóttir átti mjög góðan fyrri hálfleik og Lovisa Guðmundsdóttir byrjaði vel en allir leikmenn Valsliðsins vilja örugglega gleyma þriðja leikhliutanum þar sem liðið klikkaði á 14 af 16 boltum og tapaði 9 boltum að auki. -óej



MIKILVEGT KR skaut upp í 4. sætið með sigrinum á Val. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Kynning á svæðisáætlun ásamt umhverfisskýrslu

Til kynningar er tillaga að endurskoðaðri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs hjá 34 sveitarfélögum á Suðvesturlandi fyrir tímabilið 2009 – 2020 ásamt umhverfismati áætlunar. Fyrir liggur samþykkt svæðisáætlun fyrir sama svæði frá desember 2005 og byggir endurskipt henni.

Í samræmi við 7. gr. laga nr. 105/2006 er tillagan nú auglýst ásamt umhverfisskýrslu og er 6 vikna frestur til að koma á framfæri athugasemdum varðandi umhverfisáhrif áætlunarinnar.

Tillögu að endurskoðaðri áætlun ásamt umhverfismatskýrslu er að finna á heimasíðunni www.samlausn.is og á heimasíðum sorpsamlaganna.

Athugasemdir skal senda með tölvupósti á netfangið samlausn@mannvit.is eða bréflaga á skrifstofu Mannvits hf., Laugavegi 178, 105 Reykjavík fyrir 1. mars 2009, merkt; Gunnar Harbertson/Taitur Gunnarsson

RISA-

ÚTSALA ELLINGSEN

VERTU SANNUR ÍSLENDINGUR – TAKTU HREYFINGUNA ÚTIVIÐ

20-70%

AFSLÁTTUR AF COLUMBIA-FATNAÐI



20-50%

AFSLÁTTUR AF DEVOLD MULTISPORT-FATNAÐI



DEVOLD

20-50%

AFSLÁTTUR AF BARNA-, DÖMU- OG HERRAGÖNGUSKÓM



20-50%

AFSLÁTTUR AF ÝMSUM ÚTIVISTARVÖRUM

Lamhúshetta



Didrikson úlpa

50%

AFSLÁTTUR AF KOMDA-REIDHJÓLUM



17.900 kr.

Verð áður 34.806 kr.

18.900 kr.

Verð áður 36.284 kr.



22.900 kr.

Verð áður 43.678 kr.

> Steve Carell

„Mér finnst fátt eins gott eins og að hlæja vel og lengi.“ Carell leikur skrifstofustjórnann Michael Scott í gamanþáttum The Office en í kvöld byrjar ný þáttaröð á Skjáeinum.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON UM VIÐSKIPTAPÆTTI

Fréttir sem fólk vill ekki heyra

Breytingar á dagskrá Stöðvar 2 eru nú teknar að líta dagsins ljós. Menn þar á bæ færa nú þætti sem voru utan kjörtíma inn á kvölddagskrá. Þannig fer Markaður Björns Inga og Mannamál Sigmundar Ernís inn á dagskrá þegar eftir fréttir. Dagskrárstjórnin vill nýta fjárfestingu í mannalaunum og innlendu dagskrárefni betur og telur sér trú um að spjallþættir þessir eigi sjens meðal kjörhópsins, áskrifenda Stöðvar 2. Í þessum ráðstöfunum er litið fram hjá reynslunni. Dagskrárstjórn hafa í tuttu og tvö ár gert slíkar tilraunir en meðal eigenda stöðvarinnar var alla tíð landlægur áhugi á fréttum af fjármálum. Raunin var aftur sú að áskrifendur höfðu ekki áhuga á slíkum fréttum. Stöð 2 hefur markvisst byggt sig upp sem hreina afþreyingu. Markaðsfréttir eru ekki skemmtun nema örfáum. Björn Ingi Hrafnsson er því að takast á við vonlaust verkefni. Áhorf á þátt hans verður langt innan þeirra marka sem




dagskrárstjórn Stöðvar 2 getur sætt sig við á þessum tíma, jafnvel þótt þátturinn sé í opinni dagskrá. Því fær ekkert breytt jafnvel þótt Björn Ingi komi fram í sundbol og breyti þættinum í skemmtiþátt um efnahagsmál. Ofan í kaupíð er þjóðin öll komin með ógeð á peningum og efnahagsmálum. Hver verður þá árangur tilraunarinnar? RUV og Skjánum er gefið sóknarfæri sem þeir eiga ekki skilið. Leiðarinn inn í kvöldið sendir massann af áhorfendum annað og þaðan vikja þeir ekki. Dagskráin á Markaðs-kvöldunum verður ónýt fyrir Stöðina og með nýjum mælingum mun þátturinn bíða afhöfð strax frá fyrsta degi. Hvort Mannamál Sigmundar Ernís á einhvern sjens er aftur spurning og fer fyrst og fremst eftir efnisvali og tóni. Hann gæti komist af. Markaður Björns Inga er á dagskrá í kvöld kl. 19.10.

FIMMTUDAGUR



▶ 20.00 Seinfeld STÖÐ 2 EXTRA



▶ 20.00 Rules of Engagement SKJÁREINN



▶ 20.50 Las Vegas STÖÐ 2



▶ 22.00 A History of Violence STÖÐ 2 BIÓ



▶ 22.25 Bilfélagar (Carpoolers) SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

- 15.50 Kiljan (e)
- 16.35 Leiðarljós
- 17.20 Tákn málsfréttir
- 17.30 Bella, Boris og Berta (2:3) (e)
- 17.55 Stundin okkar (e)
- 18.25 Skyndiréttir Nigellu (5:13) (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.20 Eli Stone (4:13) Bandarísk þáttaröð. Lögræðingurinn Eli Stone í San Francisco verður fyrir ofskynjunum og túlkar þær sem skilaboð frá æðri máttarvöldum. Aðalhlutverk: Jonny Lee Miller, Victor Garber, Natasha Henstridge og Loretta Devine.
- 21.05 Lögín í Söngvakeppninni (1:4) Flutt verða lögín tvö sem komust áfram í Söngvakeppni Sjónvarpsins.
- 21.15 Nynne (11:13) (Nynne) Dönsk gamanþáttaröð frá 2005. Aðalhlutverk: Mille Dinesen og Mette Storm.
- 22.00 Tíufréttir
- ▶ 22.25 Bilfélagar (4:13) (Carpoolers) Bandarísk gamanþáttaröð um félagi sem eru samferða í vinnuna, úr úthverfi og inn í borg og skrafa saman um lífið og tilveruna á leiðinni. Aðalhlutverk: Faith Ford, Fred Goss, T.J. Miller, Jerry O'Connell, Allison Munn, Jerry Minor og Tim Peper.
- 22.50 Albúm (Album) (1:5) (e)
- 23.50 Kastljós (e)
- 00.30 Lögín í Söngvakeppninni (1:4)
- 00.40 Dagskrárlok

- 08.00 The Pink Panther
- 10.00 Búi og Símon
- 12.00 Days of Thunder
- 14.00 The Pink Panther
- 16.00 Búi og Símon
- 18.00 Days of Thunder
- 20.00 Break a Leg
- ▶ 22.00 A History of Violence Tom Stall verður valdur af hræðilegum glæp en telst hetja fyrir vikið. Það mun hafa mikil áhrif á líf hans og fjölskyldu.
- 00.00 Country of My Skull
- 02.00 The Woodsman
- 04.00 A History of Violence
- 06.00 Elizabethtown

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Kalli litli kanína og vinir, Refurinn Pablo, Gulla og grænjaxlamir, Lalli og Ofurhundurinn Krypto.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (231:300)
- 10.25 The Celebrity Apprentice (13:13)
- 12.00 Project Runway (10:15)
- 12.45 Neighbours
- 13.10 Forboðin feegurð (99:114)
- 14.00 Forboðin fegurð (100:114)
- 14.50 Ally McBeal (4:24)
- 15.35 Sabrina - Unglingsnornin
- 15.58 Háheimar
- 16.23 Smá skrítnir foreldrar
- 16.43 Hlaupin
- 16.58 Dóddi litli og Eymastór
- 17.08 Bold and the Beautiful
- 17.33 Neighbours
- 17.58 Friends
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.10 Markaðurinn með Birni Inga
- 19.45 The Simpsons (10:23) Hómer sýnir Flander hvernig eigi að lífa lífinu með því að bjóða honum til Las Vegas.
- 20.10 Atvinnumennirnir okkar
- ▶ 20.50 Las Vegas (17:19) Enn fylgjumst við með lífi og stórum öryggisvarða í Montecito-spilavíttinu þar sem freistingamar eru margar fyrir spilafikla, glæpahyski, fjárglæftra menn og aðrar veikgeðja sálir.
- 21.35 Prison Break (14:22) Fjórða serían af þessum vinsælasta spennuþætti Stöðvar 2. Til þess að sanna sakleysi sitt og leita hefnda þurfa bræðurnir að uppræta Fyrirtækið, dularfulla stofnun sem er ábyrg fyrir því að þeir eru hafðir fyrir rangri sök.
- 22.25 Live and Let Die Roger Moore í fyrsta sinn í hlutverki James Bonds. Nokkrir útsendarar bresku leyniþjónustunnar láta lífið á dularfyllan hátt og Bond er fenginn til að rannsaka málið.
- 00.25 Cold Blood 4
- 01.35 Mad Men (4:13)
- 02.20 Code Breakers
- 03.45 Saved!
- 05.15 Fréttir og Ísland í dag

- 07.00 Barcelona - Atl. Madrid Útsending frá leik í spænska bikarnum.
- 15.20 Barcelona - Atl. Madrid Útsending frá leik í spænska bikarnum.
- 17.00 Southend - Chelsea Útsending frá leik í ensku bikarkeppninni.
- 18.40 PGA Tour 2009 Sýnt frá hápunktum PGA mótaraðarinnar í golfi.
- 19.35 Inside the PGA Tour 2009 Skyggst á bakvið tjöldin í PGA mótaraðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
- 20.00 Atvinnumennirnir okkar - Logi Geirsson Þáttaröð þar sem skyggst verður inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar.
- 20.35 Utan vallar með Vodafone Um-ræðuþáttur þar sem íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport fá til sín góða gesti.
- 21.25 NFL deildin Hver umferð í NFL deildinni skoðuð í bak og fyrir. Þeir Rich Eisen og Deion Sanders skoða allar viðureignirnar og spá í spilin.
- 21.55 NBA tilþríf Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþríf vikunnar í NBA körfuboltanum.
- 22.25 Atvinnumennirnir okkar - Logi Geirsson
- 23.00 Utan vallar með Vodafone

- 07.00 Man. Utd. - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 15.40 Wigan - Tottenham Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 17.20 Man. Utd. - Wigan Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
- 19.00 Premier League Review Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífina á einum stað.
- 20.00 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlífum.
- 20.30 Goals of the Season 2006 Öll glæsilegustu mörk hvarra leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
- 21.30 4 4 2 Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.
- 22.40 Coca Cola mörkin Allir leikimír, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaði.
- 23.10 Everton - Hull Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 08.00 Rachael Ray (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 17.25 Vörutorg
- 18.25 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gömsæta rétti.
- 19.10 Are You Smarter Than a 5th Grader? (21:27) Bráðskemmtilegur spurningaþáttur fyrir alla fjölskylduna. Spurningarnar eru teknar eru úr skólabókum grunn-skólubarna en þær geta vafist fyrir þeim full-orönu. (e)
- ▶ 20.00 Rules of Engagement (3:13) Bandarísk gamanseria um vinahóp sem samanstendur af hjónum, trúlofuðu pari og kvensömum piparsveini. Jeff heldur að hann geti bjargað málinum þegar Audrey á í deilum við nágretta en gerir bara illt verra.
- 20.30 The Office (1:19) Bandarísk gamanseria sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Röð óþappa fær Michael til að trú á að álög hvíli á skrifstofunni og ákveður að gera eitthvað í málinu.
- 21.00 Flashpoint (1:13) Spennandi þáttaröð um sérsvið lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest.
- 21.50 Law & Order (15:24) Bandarískur sakamálaþáttur um störf rannsóknarlögreglumanna og saksóknara í New York. Íhaldssamur útlagsmaður er skotin til bana og grunur fellur á ekkju hans og konu sem segist hafa verið ástakona eiginkonunnar.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfluglín Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
- 23.30 Britain's Next Top Model (1:10) (e)
- 00.20 Vörutorg
- 01.20 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klt. fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

N4 Sjónvarp Norðurlands Digital Ísland rás 15



Dagskrá allan sólarhringinn.

ATVINNUMENNIRNIR OKKAR

Auðunn Blöndal kynnist ótrúlegu lífi fremstu atvinnumanna landsins. Í þessum fyrsta þætti fá áhorfendur að kynna Loga Geirssyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi.

FRUMSÝNING Í KVÖLD KL. 20 Á SPORT


FYRSTI ÞÁTTUR VERÐUR SÝNDUR SAMTÍMIS Á STÖÐ 2 Í KYNNINGARSKYNI.

Eiður Smári Guðjohnsen · Hermann Hreiðarsson · Grétar Rafn Steinsson
Guðjón Valur Sigurðsson · Logi Geirsson · Ólafur Stefánsson

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT KL. 20.00
Atvinnumennirnir okkar

Í kvöld verður sýndur fyrsti þátturinn í þáttaröð sem kallast Atvinnumennirnir okkar þar sem Auðunn Blöndal skyggist inn í líf fremstu atvinnumanna þjóðarinnar í knattspyrnu. Í fyrsta þætti kynnast áhorfendur Loga Geirssyni sem leikur með Lemgo í Þýskalandi. Fyrsti þátturinn er einnig sýndur á Stöð 2 kl. 20.10.



► **VIÐ MÆLUM MED**
Flashpoint - NÝTT
Skjäreinn kl. 21.00

Ný þáttaröð um sérsveit lögreglunnar sem er kölluð út þegar hættan er mest. Liðsmenn sérsveitarinnar eru mikil hörkutól og sannkallaðar hetjur en þeir eru líka mannlegir og starfið tekur sinn toll. Í fyrsta þættinum er sérsveitin kölluð út þegar sturlaður maður heldur konu í gislingu fyrir utan skrifstofubyggingu og beinir byssu að höfði hennar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.38 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Litla flugan
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútvarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 13.00 Vitt og breitt
- 14.03 Andrarímur

- 15.03 Útvarpssagan: Gæluþýrin
- 15.30 Miðdegistónar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfreginir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.16 Auðlindin
- 18.23 Fréttayfirlit og veður
- 18.26 Spegillinn
- 19.00 Óperukvöld Útvarpsins
- 22.07 Veðurfreginir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Útvarpsperlur: Frakkar og Frónið okkar
- 23.10 Tónleikur
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Lítt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

- 16.00 Hollyoaks (103:260)
- 16.30 Hollyoaks (104:260)
- 17.00 Seinfeld (4:24)
- 17.30 Help Me Help You (13:13)
- 18.00 Sex and the City (7:18)
- 18.30 Sex and the City (8:18)
- 19.00 Hollyoaks (103:260)
- 19.30 Hollyoaks (104:260)

► **20.00 Seinfeld (4:24)** Kramer stofnar sinn eigin blóðbanka og Georg gerir tilraun til að sameina kynlíf, mat og sjónvarp.

20.30 Help Me Help You (13:13) Grátbroslegir gamanþættir þar sem Ted Danson leikur afar sjálfhverfan sjálfshjálpargúru sem fæst við að hjálpa veiku fólki að takast á við raunveruleikann.

21.00 Sex and the City (7:18) Stöð 2 Extra og Stöð 2 sýna eina eftirminnlegustu og skemmtilegustu þáttaröð síðari tíma. Sex and the City er saga fjögurra vinkvenna sem eiga það sameiginlegt að vera einhleypar og kunna vel að meta hið ljúfa líf í hátskuborginni New York.

21.30 Sex and the City (8:18)

22.00 Gossip Girl (16:18) Einn vinsælasti framhaldsþátturinn í bandarísku sjónvarpi. Þættirnir eru byggðir á samnefndum metsölubókum og fjalla um líf ungra, fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatikinn sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að klæðast í næsta glæsipartí.

22.45 Ghost Whisperer (57:62)

23.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

INN

20.00 Hrafnaping Í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Á öndverðum meiddi er nýr farvegur þáttarinn á fimmtudögum þar sem tveir viðmælendur takast á um menn og málefni undir stjórn Ingva.

21.00 Neytendavaktin Þáttur um stöðu neytenda í dag. Umsjón hefur Ragnhildur Guðjónsdóttir.

21.30 Óli á Hrauni Ólafur Hannesson stýrir umræðuþætti um þjóðmál.

Dagsskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

12.05 Aftenshowet 2. del 12.30 Stemmer fra opgangen 13.00 Det lille hus på prærien 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy 15.30 Braceface 15.55 Oggy og kakerlakkerne 16.00 Den amerikanske drage 16.25 F for Får 16.30 Fandango 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Rabatten 19.00 Reiseholdet 20.00 TV Avisen 20.25 Jersild Live 20.50 SportNyt 21.00 American Pie 22.30 Enden er nær 23.30 Naruto Uncut

NRK1

11.10 NM på ski 14.00 NRK nyheter 14.05 Par i hjertet 15.00 NRK nyheter 15.10 Dynastiet 16.00 NRK nyheter 16.10 Oddasat - nyheter på samisk 16.25 Ut i nærturen 16.40 Mánáid-tv - Samisk barne-tv 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Sørensen ønskestøvler 17.05 Fritt fram 17.35 Suppeopera 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.30 Schrödingers katt 18.55 Tilbake til 70-tallet 19.25 Redaksjon EN 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Life on Mars 21.30 Riksarkivet 22.00 Kveldsnytt 22.15 Unix 22.45 Darwins verden 23.30 Mesternes mester 00.30 Kulturnytt

SVT 1

12.05 Andra Avenyn 12.50 Inför Idrottsgalan 2009 13.15 Fråga doktorn 14.00 Mästarnas mästare 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Med Britt till Nordpolen 16.25 Inför Idrottsgalan 2009 16.30 Skidskytte 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturnyheterna 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Antikrundan 20.00 De halvt dolda 21.00 Debatt 21.45 Kulturnyheterna 22.00 Uppdrag Granskning 23.00 Stjärnorna på slottet 00.00 Sändningar från SVT24 05.00 Gomorron Sverige

NOTAÐIR BÍLAR Á SPOTTPRÍS
BÍLAOUTLET

KORPUTORGI

Vel yfir 300 bílar Einstakt verð!

ÚTSALA GERÐU EINSTÖK KAUP
Fólksbílar Jeppar Sendiferðabílar Litlir bílar Stórir bílar Jeppingar Smábílar

40%

af notuðum bílum
...og jafnvel meira!
Kíktu til okkar í dag!
11-19 virka daga

Korputorgi. Opið: mán-fös kl. 11-19, lau kl. 10-18, sun kl. 12-18



KREPPAN



„Ef ég hefði vitað að ég væri ábyrgðarmaður fyrir auðjöfra landsins hefði ég nú snikt far með einkaþotunum í eitt, tvö skipti. Ég segi nú bara: Eins gott að maður átti ekki neitt.“

Böðvar Reynisson, Böddi í Dalton.

Hannar veggspjald fyrir Freddy Krueger

Listamaðurinn Ómar Örn Hauksson, fyrrum liðsmaður Quarashi, er önnur kafinn um þessar mundir við hönnun kynningarveggspjalda fyrir erlendar kvikmyndir. Á meðal þeirra er nýjasta mynd Roberts Englund, The Night of the Sinner, en Englund er þekktastur sem Freddy Krueger í hryllingsmyndunum Nightmare on Elm Street.

Ómar Örn er gamall aðdáandi myndanna og tók verkefninu því fagnandi þegar það kom á borð til hans. „Fyrir svona „nólla“ eins og mig er það kúl að vera að vinna fyrir mynd sem Robert Englund leikur í,“ segir Ómar.

Annað veggspjald sem Ómar er með á teiknborðinu er fyrir spennmyndina Píghunt þar sem Les Claypool úr hljómsveitinni Primus er á meðal leikara.

Ómar þarf að skila báðum þessum veggspjöldum af sér fyrir mánaðamótin til kvik-

myndafrirtækis í Los Angeles, því myndirnar verða kynntar á markaði í Berlín í febrúar. Hann þarf því að hafa hraðar hendur. „Þetta er smá maus. Það er tíu klukkustunda mismunur hérna og ég er svolítið á undan þeim. Við höfum verið að skjóta „e-mailum“ á milli okkar,“ segir hann og játar að ætli hann að ná enn lengra í þessum bransa þyrfti hann helst að búa í Bandaríkjunum. „Það væri betra því þá væri ekki eins mikið vesen að sjá myndirnar.“

Fyrir þessi nýju verkefni gat hann til að mynda eingöngu stuðst við ljósmyndir og stíklar því hann hefur ekki enn fengið kvikmyndirnar sjálfar í hendurnar.

Ómar hefur áður hannað veggspjöld fyrir myndir á borð við Mýrina og Börn, auk þess sem hann á heiðurinn af litríku veggspjaldi nýrrar heimildarmyndar Fríðriks Þórs, Sólskinsdregurinn.



ÓMAR ÖRN HAUKSSON Ómar hefur í nógu að snúast við hönnun erlendra kynningarveggspjalda sem hann þarf að klára fyrir mánaðamótin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2. niður, 6. skóli, 8. skordýr, 9. spendýr, 11. skammstöfun, 12. sýna elliglöp, 14. niðurlægja, 16. hola, 17. tilvist, 18. bók, 20. skammstöfun, 21. gerviefni.

LÓÐRÉTT 1. fyrirhöfn, 3. tveir eins, 4. land í S.-Evrópu, 5. net, 7. fíflalæti, 10. angan, 13. matjurt, 15. veiði, 16. hluti verkfæris, 19. golf áhald.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. ofn, 6. ma, 8. fló, 9. apl, 11. bt, 12. kálka, 14. smarna, 16. op, 17. líf, 18. rít, 20. al, 21. flís.

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

- 1 Sigurbjörgu Sigurgeirsdóttur.
- 2 101 dagar.
- 3 Úkraínu.

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



„Hugurinn ber þig alla leið“

Kári Eypórsson MPNLP

- Er sjálfstraustið í ólagi?
- Viltu betri líðan?
- Skilja þig fátir?
- Viltu vinna bug á einhverju í fari þínu?
- Gengur öðrum betur í lífinu en þér?
- Gengur illa að klára verkefni?
- Er erfitt að höndla gagnrýni?

Með breyttu hugarfari getur þú öðlast það líf sem þú óskar þér.

NLP er notað af fólki um allan heim sem hefur náð frábærum árangri í lífinu.

NLP er öflugasta sjálfstærkingarnámskeið sem völ er á.

Námskeið í NLP tækni verður haldið 13. - 15. feb. og 20. - 22. feb. 2009.

www.ckari.com; Mail: rosa@ckari.com; Sími: 894-2992

© ckari.com

LOGI GEIRSSON: STRESSAÐRI FYRIR FRUMSÝNINGU EN ÚRSLITALEIK

Leigir lúxussalinn í Smárabíói til að horfa á sjálfan sig

„Þetta verður bara fjölskyldan, félagarnir úr landsliðinu og svo fólk sem er búið að vera gott við mig í gegnum tíðina,“ segir Logi Geirsson, landsliðsmaður í handbolta og leikmaður þýska liðsins Lemgo. Hann er búinn að leigja lúxussalinn í Smárabíói undir frumsýningu á fyrsta þættinum af Atvinnumennirnir okkar í kvöld, en Logi er einmitt stjarnan í þeim þætti.

Auðunn Blöndal, stjórnandi þáttanna, var ánægður með framtak leikmannsins. „Hann er örugglega sá eini sem verður á landinu þegar þættirnir eru sýndir þannig að hann hefur ákveðið forskot. Sem hann nýtir sér að sjálfsgöðu,“ segir Auðunn sem sjálfur verður gestur Loga í kvöld og hlakkar mikið til að horfa á þáttinn í lúxusleðri Smárabíós. Auðunn blæs sjálfur til frumsýningarveislu síðar um kvöldið og þangað munu íslensku landsliðsmennirnir mæta ásamt útvöldum og fagna þessum tímamótum.

Logi segist ekki vera búinn að sjá þáttinn í heild sinni. Bara smá klippur. Honum líst þó vel á það sem hann hefur séð. „Þetta er svona „inside story“. Hvernig daglegt líf er hjá atvinnumanni og svo er þetta smá innsýn í einkalíf-ið.“ Logi dáist að allri þeirri vinnu sem aðstandendur þáttanna hafa innt af hendi. „Þessi hugmynd hjá þeim er frábær og þeir eru búnir að leggja allt í sölnurnar.“ Upptökur á þættinum byrjuðu löngu fyrir hina mögnuðu silfurför á Ólympíuleikana í Peking og þættirnir fylgja þeim sögulega viðburði vel eftir. Áhorfendur fá því að skyggast að tjaldabaki þegar „strákarnir okkar“ unnu sinn fræknasta sigur.

Þrátt fyrir að Logi sé yfirleitt



LÚXUS-LOGI Handknattleikskappinn Logi Geirsson býður vinum og vandamönnum í lúxussal Smárabíós í kvöld. Þar verður fyrsti þáttur í nýrri þáttaröð Auðuns Blöndal, Atvinnumennirnir okkar, sýndur og Logi er stjarna þáttarinnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

pollrólegur fyrir stórleiki á borð við úrslitaleikinn í Peking þá segist hann vera drullustressaður fyrir sýningu þáttarinnar enda verði öll fjölskylda hans í salnum. „Ég

er rosalega smeykur en líka alveg rosalega spennur, þetta verður í fyrsta skipti sem ég sé mig á hvíta tjaldinu. Einhvern tímann verður allt fyrst.“

freygigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Örlygi Smára, höfundur This is your life, var einum boðið að senda lag inn í Eurovisionforvalið í ár. Hann hefur nú samið lagið og fær flunkunýjan kvennakvintett, Elektru, til að flytja það á síðasta undanúrslitakvöldinu 31. janúar.

Lagið heitir „Got no love“. Fyrir Elektru fara Hara-systurnar, þær Raket og Hildur Magnúsdætur. Systurnar komust fyrst á stjórnukortið í X-factor sjónvarpsþáttinum, en þar töpuðu þær fyrir Jógvani. Nú geta þær hugsanlega

komið fram hefdum því sama kvöld og þær syngja keppir Færeyingurinn söngelski með lagi eftir Hallgrím Óskarsson.

Ritstjórnarnir Eiríkur Jónsson hjá Séð og heyrt og Reynir Traustason hjá DV eru að byrja með útvarpsþátt á Sögu og ætla að láta laun þau sem þeir fá hjá Arnþrúði Karlsdóttur útvarpsstjóra renna til góðgerðarmála. Þeir voru reyndar saman með þátt á Talstöðinni sálgugu en þá talaði Eiríkur jafnan á þeim

nótum að Reynir væri í þættinum ígildi „svertingjans hjá Jay Leno“ og var þá að vísa til Kevin Eubanks hljómsveitarstjóra.

Sjálfur **Bubbi Morthens**, sem einmitt er að hefja feril sinn í útvarpi um þessar mundir á Rás 2 með Færíbandi sínu, gefur lítið fyrir þetta brólt þeirra Eiríks og Reynis. Bubbi er með Facebook eins og flestir landsmenn aðrir og segir þar þá ekki traustsins verða og nú vilji þeir skúra „mannorð sitt“.

- drg, jbg

Young gerir myndband á Íslandi

Enska Idol-stjarnan Will Young er væntanleg til Íslands á næstu dögum. Hann hyggst feta í fótspor landa síns, James Morrison, og gera hér myndband. Að sögn Sæmundar Norðfjörð hjá Republika, sem hefur veg og vanda að komu Young, er ætlunin að finna snjó fyrir poppstjörnunna. „Ef það verður snjólaust í Reykjavík þá förum við út á land, jafnvel norður,“ segir Sæmundur. Hann upplýsir þó að enn geti eitthvað út af brugðið, meiri líkur en minni séu þó á því að af myndbandsgerð Young verði á Íslandi.

Young sigraði breska Pop Idol í fyrri sex árum. Hann sló umsvifalaust í gegn en fyrsta smáskífa hans setti met á breska smáskífulistanum, aldrei áður hafði frumraun tónlistarmanns selst svona hratt. Smáskífan seldist í tæplega hálfri milljón eintaka á fyrsta degi og yfir milljón voru rifin út úr plötubúðum Bretlands á einni



Í FÓTSPOR MORRISON Breski tónlistarmaðurinn Will Young leitar að íslenskum snjó fyrir myndband sitt sem tekið verður upp á næstu dögum.

NORDICPHOTOS/GETTY

helgi. Young fylgdi þeirri velgengi eftir með plötunni From Now On og uppskar í kjölfarið Britverðlaun sem besti nýliðinn.

Fjórdi plata Young, Let it Go, kom út þann 29. september. Hún fékk frábæra dóma hjá breska

blaðinu The Observer sem líkti henni við plötu George Michael, Older. Sala plötunnar hefur einnig gengið vel en hún komst hæst í annað sætið á breska plötulistanum, seldist í yfir 300 þúsund eintökum.

- fgg

OUTLET 10

+++ Merki fyrir minna +++

ÚTSALAN er hafin
í OUTLET 10

99-500 KR

MIKIÐ ÚRVAL AF VÖLDUM VÖRUM
DÖMU, HERRA OG BARNAFATNAÐUR

VERÐDÆMI

BARNA LEVI'S BUXUR: 500 KR
BARNA SOKKABUXUR: 500 KR

VERÐDÆMI

HERRA BUXUR: 500 KR
HERRA BOLIR: 500 KR

VERÐDÆMI

DÖMU BUXUR: 500 KR
DÖMU PILS: 500 KR

NÝTT
KORTATÍMABIL

EINNIG FRÁBÆRT TILBOÐ

NÝ SENDING AF PUMA OG SKUNKFUNK
NÝ SENDING OG FRÁBÆR LÆKKUN Í SKÓDEILD

OUTLET 10 • Faxafeni 10 • Sími 534 4450

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 11⁰⁰- 18⁰⁰ LAUGARDAGA 11⁰⁰- 18⁰⁰



BAKÞANKAR
Ragnheiðar
Tryggvadóttur

Um atvinnuöryggi starfsstétta

Ég uppgötvaði um daginn að ég hef ekki hugmynd um hvernig íslenskt lýðræði virkar. Ég veit að við kjósum flokka til að fara með völd í fjögur ár en þar með virðumst við ekki hafa meira með málin að gera. Stjórnmalaflokkur með lítið sem ekkert fylgi getur samt samið sig inná stjórnvölinn. Við höfum ekkert um það að segja hver tekur að sér hvaða ráðuneyti í ríkisstjórn né hvernig sá hinn sami hagar sér svo í vinnunni.

ÉG uppgötvaði líka að ég hef nánast alist upp við að sama fólkið sitji í stjórnsættum þjóðmálanna. Sjálfstæðisflokkurinn hefur setið við stjórnvölinn næstum því síðan ég man eftir mér, yfirleitt með Framsókn við fótiskör, og Steingrímur J. hefur rifist í andstöðunni frá því ég var lítil. Einhverjir sem setið hafa á ráðherrastóli hafa fylgt fjölskylduhefð og fetað í fótspor feðra sinna.

NÚ eru uppi ráðagerðir um hrókeringar á embættum ráðherra og þá get ég ekki annað en velt fyrir mér hvernig það verði gert og hvað muni ráða hver velst í hvað. Hvort sérþekking eða menntun fólks á ákveðnu sviði verði til hliðsjónar eða hvort horft verði til þess hvernig fólk hefur staðið sig fram að þessu og hvort álit almennings á störfum viðkomandi hafi eitthvað að segja. Eitthvert ráðuneytið er kannski þægilegir innvinna en annað.

NÚ þegar atvinnuöryggi í landinu heyrir nánast sögunni til og þúsundir manna lifa í óvissu mánaðamóta á milli, velti ég því líka fyrir mér hvaða starfsstétt búi við mesta atvinnuöryggið í dag. Hverjir geti setið rólegir við sín störf hver mánaðamótin eftir önnur, sama hvað á dynur.

EINU sinni heyrði ég grínast með að þingmennska væri þægileg innvinna, svo lengi sem viðkomandi léti ekki hanka sig á klaufalegum ummælum eða póstsendingum. En ég er farin að halda að ráðherraembættið sé enn betra, það virðist ekkert geta orðið til þess að ráðherra missi vinnuna. Hann getur leitt hjá sér gagnrýni á störf sín, sett fram glannalegar yfirlýsingar á alþjóðavettvangi í nafni þjóðarinnar, ráðskast með ríkissjóð, ferðast á kostnað skattgreiðenda, ráðið vini og frændur í embætti og yfirleitt gert það sem honum sýnist á kjörtímabilinu. Eftir næstu kosningar getur sá hinn sami jafn auðveldlega sest í næsta ráðherra-stól.

GÓÐAN DAG!
Í dag er fimmtudagurinn 15. janúar, 15. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	10.54	13.37	16.21
Akureyri	11.00	13.22	15.45

Heimild: Almanak Háskólans



Way of Life!

SUZUKI

fyrir skynsamt fólk

SX4 Sportjepplingurinn.
Með 1.6 eða 2.0 l vél



Verð frá 2.990.000
Meðaleyðsla frá 7,1 l/100 km

Fjölskyldubílinn Grand Vitara.
Sport, Limited, Luxury V6, Sport og Limited diesel



Verð frá kr. 3.840.000
Meðaleyðsla frá 7,7L/100km (diesel)

Sparaðu með visthæfum
Suzuki Splash



Swift - bensín eða diesel.
Handskiptur, sjálfskiptur, 4x4
1,3L eða 1,5L vélar



Verð frá 2.190.000
Meðaleyðsla frá 4,5 L/100km (diesel)

Upplifðu einstaka
aksturseiginleika Jimny.
Handskiptur, sjálfskiptur



Verð frá kr. 2.590.000
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km

Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.

SUZUKI SPARNEYTNI



TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS